




**SKOÐUN** Hörður Harðarson segir neytendur þurfa að vita hverjir græði. **12**



**TÍMAMÓT** Lætur garðveisluna bíða þar til sumarið ríkir á landinu bláa og fólk er orðið útitekið. **14**



**SPORT** Margt er líkt með aðgerðum KR og FH á leikmannamarkaði íslenska boltans í vetur. **22**

ÓDÝRARI FARGJÖLD  
Á WOWAIR.IS

WOW  
air

# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

18. febrúar 2015  
41. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## MARKAÐURINN



### Tíu milljarðar á ári

Eigendur auglýsingastofa segja að fáar atvinnugreinar séu eins háðar væntingum og hagsveiflum og þeirra. Markaðurinn er að breytast mikið. Tölur Birtingahússins benda til að sjónvarpið haldi sínum hlut í birtingum. Að minnsta kosti tíu milljörðum er varið í birtingu auglýsinga á ári.

### FRÉTTIR

**Langjökull verði þjóðlenda** Talsmaður Iccave sem opnar íshelli í Langjökli segir það ekki mundu breyta starfseminni. **2**

**Aksturinn kosti 1,3 milljarða** Gert er ráð fyrir að akstur og þjónusta vegna ferðaþjónustu fatlaðra kosti á þessu ári tæpa 1,3 milljarða króna. **6**

**Goslok ekki góðar fréttir** Goslok geta verið ávísun á ný umbrot. **10**



SHALDÖR  
12

Bolungarvík	3°	S	11
Akureyri	4°	SSV	9
Egilsstaðir	5°	SSV	9
Kirkjubæjarkl.	4°	SSV	9
Reykjavík	5°	SSV	12

**SKÚRIR EÐA ÉL** Í dag verða víðast sunnan eða suðvestan 8-18 m/s og skúrir eða slyduél en úrkomulítið NA-til. Hiti 2-7 stig. **4**

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fjármál heimilanna | Fólk



# Könnuðu hverja kjörnir fulltrúar töluðu við í síma

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði skoðuðu símtalaskrár bæjarfulltrúa án vitundar og samþykkis þeirra. Þrjár bæjarfulltrúar hafa sent Persónuvernd kvörtun vegna málsins. Vitum ekki hvernig var staðið að þessari rannsókn, segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, oddviti Vinstri grænna í Hafnarfirði. Bæjarstjóri vill ekki veita viðtal.

**STJÓRNSÝSLA** Bæjarfulltrúar minnihlutans í bæjarráði Hafnarfjarðar hafa sent Persónuvernd kvörtun þar sem þeir segja meirihlutann hnýsast í símtalaskrár þeirra án þeirra vitundar og samþykkis. Svo virðist sem bæjaryfirvöld hafi óskað eftir og fengið lista yfir símtöl kjörinna fulltrúa og skoðað þau við rannsókn ákveðins máls.

„Við heyrðum af því á bæjarráðsfundi að símar okkar hefðu verið skannaðir. Þrátt fyrir beiðni um svör höfum við ekki fengið upplýsingar frá bænum hvernig eða hver stóð að þessari rannsókn,“ segir

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, oddviti Vinstri grænna.

Guðrún Ágústa auk Gunnars Axels Axelssonar og Öddu Maríu Jóhannsdóttur sendu Persónuvernd kvörtun í gær. Fréttablaðið hefur kvörtunina undir höndum.

Í kvörtuninni er upplýst að bæjarstjóri, Haraldur L. Haraldsson, hafi í tengslum við starfsmannamál eins starfsmanns greint frá því á bæjarráðsfundi að farið hafi fram könnun á hvort símtöl hafi átt sér stað úr sínum bæjarins til starfsmannsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gaf Vodafone bæjaryfirvöldum

upplýsingar um í hverja kjörnir fulltrúar hringdu yfir ákveðið tímabil. Ekki er vitað hver kannaði gögnin in eða hver heimild bæjaryfirvalda var til að kanna umrædd gögn.

Gunnar Axel, oddviti Samfylkingarinnar, telur fulla ástæðu til að rannsaka málið nánar. „Ég get staðfest það að það virðist sem farsímanotkun kjörinna fulltrúa hafi verið rannsökuð án okkar vitundar og að sjálfsögðu án okkar samþykkis. Þetta staðfesti bæjarstjóri við bæjarráð. Við erum að láta skoða stöðu okkar og kalla eftir upplýsingum um málið, meðal annars um hver

Við erum að láta skoða stöðu okkar og kalla eftir frekari upplýsingum um málið.

Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

hafi framkvæmt rannsóknina og að hvers beiðni það var gert. Í kvörtun okkar til Persónuverndar óskum við þess að málið verði rannsakað.“

Fréttablaðið náði tali af bæjarstjóra vegna málsins. Hann vildi ekkert tjá sig um málið.



**LEGÓKARL** Íslensk börn fagna í dag öskudeginum og búast má við grímuklæddum furðuverum um land allt. Öskudagurinn er upphafsdagur lönguföstu í kaþólski trú, haldinn á miðvikudegi í 7. viku fyrir páska. Þeir Einar Arnarsson, eigandi verslunarinnar Hókus Pókus, og Vilberg Róbertsson Legókarl voru í óðaönn að undirbúa daginn og velja grímubúning í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigurður Einarsson skrifar:

## Dómsmorð í Hæstarétti

**DÓMSMÁL** Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, segir í aðsendri grein í Fréttablaðinu dómsmorð hafa verið framið í Hæstarétti þegar hann var dæmdur í fjögurra ára fangelsi í síðustu viku.

Í greininni vekur Sigurður athygli á nokkrum atriðum sem hann segist eiga erfitt með að sætta sig við og séu meinbugir á dómnum. Sigurður segir meðal annars að Hæstiréttur líti fram hjá framburði vitna sem öll báru á sama veg að aðkoma Sigurðar að málinu hefði engin verið. „Mér finnst umræðan sem fyrr einkennast af því að þessir menn, sem vissulega voru flestir bankamenn, eigi allt vont skilið,“ segir Sigurður í greininni.

SIGURÐUR  
EINARSSON

-rbj / sjá síðu 13

Tilkynningum vegna ofbeldisbrota til lögreglu hefur fjölgað frá árinu 2011:

## Ofbeldi barna aukist frá hrúni

**LÖGREGLUMÁL** „Við höfum gleymt okkur í hrúni. Þetta eru börn sem eru alin upp í skugga fjármálakrísu og mikils uppgjörs í samfélaginu. Þau upplifðu reiði foreldranna. Reiði er smitandi. Þetta hafa börnin okkar horft upp á,“ segir Magnús Stefánsson, framkvæmdastjóri Marita-fræðslunnar.

Ofbeldisbrotum hefur fjölgað nokkuð frá árinu 2011 og hafa ekki borist fleiri tilkynningar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu líkt og árið 2014 þegar 844 tilkynningar um ofbeldisbrot bárust. Ofbeldi barna 14 ára og yngri hefur margfaldast frá hrúni. Sjö börn á þessum aldri beittu ofbeldi 2014. Aðeins eitt barn árið 2011. Þrjátíu börn á


→ Fjöldi barna sem eru 14 ára og yngri og eru kærð fyrir ofbeldisbrot hefur margfaldast

aldrinum 15-17 ára beittu ofbeldi á síðasta ári og 48 árið 2013.

Langstærstur hluti gerenda í ofbeldisbrotum er á aldrinum 21-30 ára, en líkamsárásir hafa lengi verið nátengdar skemmtanahaldi um helgar. Í fyrra voru um 6% gerenda 17 ára eða yngri. Þrátt fyrir að tilkynningum til lögreglu fjölgi þá sést aukningin ekki í tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur. Í yfirliti frá Barnavernd sést að fjöldi tilkynninga um að barn beiti ofbeldi og fjöldi barna sem þær varða hefur ekki aukist.

- kbg / sjá nánar síðu 4

### 14 ÁRA OG YNGRI KÆRÐ FYRIR OFBELDI



Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)




S A F T

## Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun

með Android



PHILIPS

Heimilistæki  
ht.is



## SPURNING DAGSINS



Magnea, eruð þið að túlka ráðherra rétt?

„Við þýðumst ekki rangtúlkanir.“

Magnea J. Matthíasdóttir er formaður Bandalags þýðenda og túlka sem segir Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra vega að starfsheildri þeirra með því að biðja um mildara orðalag í þýðingum EES-tilskipana.

## Tollstjóri og Matvælaeftirlitið gefa ekkert upp um fölsuð matvæli eftir átak með Interpol og Europol: Fjögur tilfelli falsaðra matvæla á Íslandi

**NEYTENDUR** Tollstjóri ásamt Matvælastofnun tóku þátt í alþjóðlegu átaki Interpol og Europol gegn eftirlíkingum og fölsuðum matvælum.

Aðgerðinni, sem kallast Opson IV, er ætlað að leggja hald á ólögleg matvæli og drykkjarföng sem heilsufarsleg hættu gæti stafað af. Samkvæmt vef Tollstjóra komu upp fjögur mál hér á landi í tengslum við aðgerðina. Frekari upplýsingar fást hvorki frá tollstjóra né Matvælastofnun um til-

fellin hér á landi meðan rannsókn er enn í gangi.

„Mér þykir það óeðlilegt að svona mál sé ekki uppi á borðinu,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.

„Fyrst að það er ekki gefið upp gef ég mér það að yfirvöld tryggja það að þessar vörur séu þegar farnar út af markaði. Eg geng út frá því. Ef sú er ekki raunin geri ég kröfu um að neytendur verði upplýstir svo þeir hafi vitneskju um hvaða vörur þurfi að varast,“

segir Jóhannes. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem aðgerð af þessu tagi hefur verið framkvæmd. Árið 2012 lögðu tollayfirvöld hér á landi hald á ólögleg matvæli, þar á meðal töluvert magn af niðursoðinni mjólk.

Samkvæmt vef Interpol er aðgerðin sú umfangsmesta til þessa og magn ólöglegs varnings sem hald var lagt á aldrei verið jafn mikið. Aðgerðin náði til 47 ríkja um allan heim.



**VERSLUN** Ekkert er gefið upp um fölsuð matvæli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BJÖRGUNARSTÖRF** Björgunarsveitarmenn leita tveggja vélsleðamanna eftir að þeir óku vélsleðum sínum fram af hengju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björgunarsveitarmenn kallaðir út eftir óhapp við Skálafell:

### Vélsleðar óku fram af snjóhengju

**BJÖRGUN** Björgunarsveitir voru kallaðar út rétt eftir klukkan þrjú í gær. Útkallið varð eftir að vélsleðar starfsmanna fjarskiptafyrirtækis höfðu ekið fram af snjóhengju við Skálafell, þeir eru ekki taldir hafa slasast mikið við óhappið. Þó urðu björgunarsveitarmenn fyrir örlytu óhappi en í kjölfar þess að þeir komu á vettvang kviknaði í einni bifreið björgunarsveitarinnar, en skamman tíma tók að ráða niðurlögum eldsins. Mennirnir tveir gátu látið vita af sér sjálfir og er ekki talið að þeir séu mikið slasaðir.

Neyðarstjórn athugar málið:

### Ferðabjónustan týndi stúlku

**SAMFÉLAG** Ung fötluð kona skilaði sér ekki til síns heima síðdegis í gær með ferðabjónustu fatlaðra. Í ljós kom að hún hafði farið til nágrannakonu sinnar, sem býr í sama fjölbýlishúsi.

Í tilkynningu frá Jóhannesi Rúnarssyni, framkvæmdastjóra Strætó, segir að þegar hafi verið brugðist við í samræmi við alvarleika málsins. Málið hafi verið tekið til athugunar hjá neyðarstjórn ferðabjónustunnar.

„Við fyrstu athugun virðist verk-lagsreglum ekki hafa verið fylgt þegar notanda þjónustunnar var ekið til síns heima og ekki komið í öruggar hendur foreldra,“ segir Jóhannes í tilkynningunni. -bá

### Ásgeir Hannes Eiríksson látinn



**ANDLÁT** Ásgeir Hannes Eiríksson, fyrrverandi alþingismaður, andaðist á Landakotsspítala 14. febrúar sl. 67 ára að aldri.

Hann setti sterkan svip á miðborg Reykjavíkur í þau mörgu ár sem hann rak pylsuvagninn á Lækjartorgi. Ásgeir sat á þingi fyrir Borgaraflokkinn, fyrst sem varaþingmaður frá 1987 til 1989 en eftir það þingmaður til 1991. Ásgeir lét sig málefni SÁÁ varða og reyndist mörgu útingangsfólki vel. Eftirlifandi eiginkona Ásgeirs Hannesar er Valgerður Hjartardóttir, þau eignuðust þrjú börn sem öll lifa föður sinn.

## Engin áhrif á ísgöng ef jökull er ríkiseign

Nái ríkið fram kröfum sínum telst Langjökull þjóðlenda. Talsmaður Icecave sem opnar íshelli með leyfi jarðeigenda í svæðinu segir það ekki mundu breyta starfsemi. Öll tilskilin leyfi séu fyrir framkvæmdinni sem sé algerlega afturkræf.

**DÓMSMÁL** Framkvæmdastjóri Icecave segir það ekki munu hafa áhrif á rekstur nýs íshellis félagsins í Langjökli fái ríkið fram kröfu sína um eignarhald á jöklinum.

Eins og fram hefur komið áætla Icecave að opna mikinn íshelli sinn í landi Geitlands í Langjökli 1. júní í sumar. Er það gert með leyfi jarðeigenda á svæðinu. Eins og ríkið gera jarðeigendur umhverfis Langjökul í Sjálfs-eignastofnun um Arnarvatnsheidi og Geitland kröfu fyrir óbyggðanefnd um eignarhald á jöklinum á þessum slóðum.

„Við erum með samning við landeigendur sem er löglegur. Þegar ríkið tekur yfir þjóðlendur þá hafa þeir tekið yfir gilda samninga um landnotkun á svæðinu. Þetta ætti því ekki að hafa áhrif,“ svarar Sigurður Skarphéðinsson, framkvæmdastjóri Icecave, spurður um hugsanleg áhrif þessa máls á stöðu Icecave.

Þjóðlendumálum er nú lokið á stærstum hluta landsins. Niðurstaðan varðandi alla meiriháttar jökla hefur til þessa verið ríkinu í vil þrátt fyrir kröfur frá öðrum. Þetta á til dæmis við um Vatnajökul, Hofsjökul, Mýrdalsjökul og Eyjafjallajökul. Búast má við að Óbyggðanefnd úrskurði síðar á árinu um þetta svæði. Eftir það getur tekið við málarekstur fyrir dómstólum.

Varðandi umhverfisáhrif af umstanginu í kring um ísgöngin segir Sigurður fjögurra ára ferli liggja að baki framkvæmdinni. Allt sé gert með leyfum frá viðeigandi opinberum aðil-



**SIGURÐUR SKARPHÉÐINSSON** Framkvæmdastjóri Icecave utan við ísgöng félagsins í 1.260 metra hæð yfir sjávarmáli. Vísindanefnd hefur sagt að árið 2090 verði rúmmál Langjökuls aðeins 15 prósent af því sem það var 1990. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

um. Vissulega séu notaðar vélar knúnar olíu við útgröftinn en að öllu sé farið með gát og ströngum reglum fylgt til að hindra óhöpp.

„Þetta er eins og að taka einn dropa úr baðkari,“ segir Sigurður um ísmagníð sem grafið hefur verið út úr jöklinum. Vísar hann til þess að jökullinn allur sé 200 milljónir rúmmetra en að grafnir séu út aðeins 5 þúsund rúmmetrar af ís.

Þá segir Sigurður að ef öll tæki, tól og aðrir hlutir yrðu fjarlægð liði ekki á löngu þar til

„Þetta er eins og að taka einn dropa úr baðkari.“

Sigurður Skarphéðinsson, framkvæmdastjóri Icecave.

allt yrði sem fyrr. „Þá er ekkert manngert eftir heldur bara hola sem mun með tímanum sökkva í jökulinn og hverfa,“ segir framkvæmdastjóri Icecave. Félagið er í eigu Landsbréfa sem er dótturfélag Landsbankans.

gar@frettabladid.is

Ásakanir um blekkingar við endurreisn bankanna ekki á rökum reistar:

## Telur ekkert hæft í ásökunum

**STJÓRN MÁL** Brynjar Níelsson alþingismaður telur ekkert benda til þess að blekkingum hafi verið beitt við endurreisn bankanna. Þetta kemur fram í skýrslu Brynjars til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis. Skýrslan var unnin í kjölfar ásakana Víglundar Þorsteinssonar um að farið hafi verið á svig við neyðarlögin þegar nýju bankarnir voru stofnaðir árið 2008.

Í skýrslu Brynjars kemur fram að bráðabirgðamat Fjármálaeftirlitsins frá því í október 2008 hafi ekki verið endanlegt mat á verðmæti eigna bankanna líkt og Víglundur heldur fram.

„Samkvæmt framansögðu er það mat skýrsluhöfundar að það hafi hvorki verið ólöglegt né óskynsamlegt að slitabúin fengju yfirgnæfandi hlut í Arion banka og Íslandsbanka, enda ekki óeðlilegt þar sem verið var að færa yfir skuldir og eignir gömlu bankanna í þá nýju,“ segir í skýrslunni.

„Ég mun ekki leggja neitt til upp á mitt eindæmi en nefndin mun taka upp málið,“ segir Brynjar um eftirfylgni málsins. „Við vitum ekki hvernig best er að fylgja þessu eftir, við erum svolítið brennd



**BRYNJAR NÍELSSON** Ekki var farið á svig við neyðarlögin að sögn Brynjars. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

af öllum þessum rannsóknarnefndum, en við skoðum hvort það þurfi að stofna nefnd eða hvort þetta verði kannað í gegn um ráðuneytin,“ segir Brynjar.

-sfs

## Til notenda Ferðabjónustu fatlaðra

Neyðarstjórn Ferðabjónustu fatlaðra sem sett var yfir verkefnið þann 5. febrúar sl. gefur notendum og/eða aðstandendum þeirra kost á að koma til fundar við stjórnina í dag.

**Fundardagur:** Miðvikudagur 18. febrúar 2015

**Fundartími:** Kl. 16:00 - 18:00

**Fundarstaður:** Félagsheimili Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu, Hátúni 12, gengið inn að sunnanverðu í austurálmú Sjálfsbjargarhússins.

Mikilvægt er fyrir stjórnina að heyrja í notendum og taka mið af skoðunum þeirra í vinnu stjórnarinnar sem er framundan.



Við hvetjum alla notendur ferðabjónustunnar og/eða aðstandendur þeirra til að sækja fundinn og greina frá reynslu sinni af ferðabjónustunni. Á fundinum gefst einnig tækifæri til að koma með tillögur til úrbóta á þjónustunni.





# BRJÓTTU HEILANN

**Þrautir og gátur  
í Smáralind**  
18. febrúar – 3. mars



Komdu og prófaðu að leysa þrautir og gátur á þessari skemmtilegu sýningu sem byggir á undrum stærðfræðinnar.

Þú munt fljótt komast að því að stærðfræðin er ekki svo flókin og meira að segja svolítið skemmtileg. Það eina sem þarf er forvitni, leikni og smá þolinmæði.

Gangi þér vel!



 **SMÁRALIND**  
Góða skemmtun



SVONA ERUM VIÐ



**2.000** tegundir sveppa hafa fundist á Íslandi og eru um 90 þeirra ætar.

## Grikkir hafa verið í stífum fundahöldum við ráðamenn Evrópusambandsins: Viðræðum miðar lítið áfram

**GRIKKLAND** Janis Varúfakis, fjármálaráðherra Grikklands, hefur ásamt fleiri ráðamönnum setið á fundum í Brussel undanfarið og reynt að ná samkomulagi við ESB um framhald efnahagsaðstoðar.

ESB hefur gefið Grikkjum frest fram á föstudag til að ná samkomulagi, en Alexis Tsipras forsætisráðherra segir ekki hægt að taka mark á slíku. Wolfgang Schäuble, fjármálaráðherra Þýskalands, sagði við blaðamenn í gær að lítið hefði miðað. Grikkir verði nú að taka

ákvörðun um það hvort þeir vilji halda áfram að fá efnahagsaðstoð eða ekki. Tsipras segir það hafa komið sér á óvart hve kurteis Angela Merkel Þýskalandskanslari hafi verið: „Ekki eins ströng og maður heldur þegar maður þekkir hana bara úr fjölmiðlum.“ Gríska þingið ákvað að ganga til atkvæða á föstudag um umbótapakka ríkisstjórnarinnar, þar sem gengið er út frá því að ekki verði haldið áfram að greiða niður ríkisskuldur með sama hraða og áður.



**JANIS VARÚFAKIS** Enn bjartsýnn, þótt hægt gangi í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ferðapjónustan stækkar ört: Mikil fjölgun ferðamanna

**SAMFÉLAG** Fjöldi ferðamanna á Íslandi í janúar síðastliðnum var álíka og á háannatíma, í júlí og ágúst árið 2006 og árin þar á undan. Erlendir ferðamenn voru 62,8 þúsund í janúar samanborið við 46,7 þúsund á sama tíma í fyrra samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu Íslands. Þetta kemur fram í Morgunkorni greiningardeildar Íslandsbanka. Greiningardeildin telur vísbendingar um að ekkert lát verði á fjölgun erlendra ferðamanna hingað til lands í ár. - ih



**ALHEIMSÁTAK** Rauðklæddar konur afhentu borgarstjórn tákni áttaksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## GoRed átakið á Íslandi: Fræða konur um hjartveiki

**HEILBRIGÐISMÁL** GoRed-átakinu var hleypt af stokkunum í gær þegar rauðklæddar konur afhentu borgarstjórn Reykjavíkur næluna rauða kjólinn sem er tákni áttaksins.

GoRed er alheimsátak á vegum World Heart Federation til að fræða konur um áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma, einkennin og hvernig hægt er að minnka líkurnar á að fá þessa sjúkdóma.

Hjarta- og æðasjúkdómar eru algengasta dánarsök kvenna á Íslandi eins og annars staðar í heiminum. Jafnmargar konur og karlar látast árlega af völdum þessara sjúkdóma. - ibs

## Segja enn mikið bera í milli: Tíundi fundurinn er að baki

**KJARAMÁL** Enn ber mikið í milli vegna kjarasamnings starfsmanna Norðurláls, að því er fram kemur á vef Verkalýðsfélags Akraness. Í gær var tíundi fundurinn í deilunni hjá Ríkissáttasemjara.

Kjarasamningur starfsmanna rann út um áramót.

Á fundinum átti að fara yfir hin ýmsu atriði er snúa að kröfugerð stéttarfélaganna. „En ein aðalkraftan er hvellskýr: að grunnlaun fyrir dagvinnu hækki umtalsvert enda eru grunnlaunin í dag því miður alltof lág,“ segir á vef verkalýðsfélagsins. - óká

# Ofbeldisbrot barna hafa margfaldast frá árinu 2011

Netið er einn samskiptavöllur sem getur auðveldlega breyst í bardagavöll, segir Magnús Stefánsson vegna fjölgunar ofbeldisbrota barna 14 ára og yngri. Ofbeldisbrot barna tilkynnt til lögreglu hafa margfaldast frá árinu 2011. Rannsókn lögreglu á slagsmálasíðu á Facebook, þar sem börn skipulögðu slagsmál, er lokið.

**SAMFÉLAG** Ofbeldisbrotum hefur fjölgað nokkuð frá árinu 2011 og hafa ekki borist fleiri tilkynningar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu líkt og árið 2014 þegar lögreglunni bárust 844 tilkynningar um ofbeldisbrot.

Ofbeldi barna 14 ára og yngri hefur margfaldast frá hrúni. Sjö börn á þessum aldri beittu ofbeldi 2014. Aðeins eitt barn árið 2011. Þrjátíu börn á aldrinum 15-17 ára beittu ofbeldi á síðasta ári og 48 árið 2013.

Langstærstur hluti gerenda í ofbeldisbrotum er á aldrinum 21-30 ára, en líkamsárásir hafa lengi verið nátengdar skemmtanahaldi borgarbúa um helgar. Árið 2014 voru um 6% gerenda 17 ára eða yngri.

Þrátt fyrir að tilkynningum til lögreglu fjölgi þá sést aukningin ekki í tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur. Í yfirliti frá Barnavernd Reykjavíkur sést að fjöldi tilkynninga um að barn beiti ofbeldi og fjöldi barna sem þær varða hefur ekki aukist.

Árlega berast á bilinu 1-5 tilkynningar um að barn yngra en 5 ára beiti ofbeldi. Tilkynningum fjölga með aldri barnanna. Þannig bárust 36 tilkynningar um ofbeldi barna á aldrinum 6-12 og 104 hjá börnum 13 ára og eldri.

Fjallað var um skipulögð, blóðug slagsmál meðal barna og unglinga í Reykjavík í Fréttablaðinu í vikunni. Myndböndum af slagsmálum barnanna var dreift á lokaðri síðu á Facebook. Ofbeldið var rannsakað af lögreglu og er rannsókninni lokið. Jóhann Karl Þórisson aðstoðaryfirlöggregluþjónn segir þann sem stofnaði síðuna hafa lokað henni. „Við höfum samband við foreldra

drengsins. Ef það kemur ekki fram kæra þá er það í höndum foreldra að taka á málinu. Enginn hefur komið og kært og síðunni hefur verið lokað. Þá kemur þetta okkur ekki við þar til barnið er orðið fullorðið,“ segir hann.

Magnús Stefánsson, fræðslu- og framkvæmdastjóri Marita-fræðslunnar, sagði í viðtali við Fréttablaðið ljóst að þeim ungmennum sem ganga hvað harðast fram líði mjög illa og rekur líðan þeirra til hrunsins. „Við höfum gleymt okkur í hrúninu. Þetta eru börn sem eru alin upp í skugga fjármálakrísu og mikils uppgjörs í samfélaginu. Þau upplifðu reiði foreldra. Reiði er smitandi. Það hefur gætt ákveðins markaleysis og virðingarleysis í samskiptum frá hrúni. Þetta hafa börnin okkar horft upp á.“ Hann heldur því einnig fram að ofbeldi hafi ekki verið svona gróft áður. Börnin séu að berjast fyrir heiðri sínum.

„Ég held að það sé full ástæða til að fullyrða að þetta hefur ekki verið svona gróft áður. Í gamla daga var slegist en þetta er orðið svo miskunnarlaust. Það er mikil pressa á krökkum. Ef það er verið að skora á krakka á þessum slagsmálasíðum þar sem hundruð barna fylgjast með þá er bara að duga eða að drepast. Þau eru að berjast fyrir heiðri sínum. Þetta er orðið svo skrítið og afbakað ástand.“

Í þessu samhengi nefnir hann að í lífi ungmenna í dag gerist hlutirnir hratt og línur á milli hverfa séu horfnar. Netíð sé einn samskiptavöllur sem getur breyst í bardagavöll.“


kristjanbjorg@frettabladid.is



**AÐ DUGA EÐA DREPAST** „Þau eru að berjast fyrir heiðri sínum. Þetta er orðið svo skrítið og afbakað ástand,“ segir Magnús Stefánsson um slagsmál og áhrifamátt netsins.

## 14 ÁRA OG YNGRI KÆRÐ FYRIR OFBELDI


→ Fjöldi barna sem eru 14 ára og yngri og eru kærð fyrir ofbeldisbrot hefur margfaldast



„Ég held að það sé full ástæða til að fullyrða að þetta hefur ekki verið svona gróft áður. Í gamla daga var slegist en þetta er orðið svo miskunnarlaust.“

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**VATNSELGUR** Suðlæg átt með hlýindum og vætu á landinu í dag og má búast við töluverðri leysingu. Gengur í norðaustanátt á morgun og kólnar aftur í veðri.

Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrónnar Helgason hronnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

ÍSLENSKUR  
**GÓÐOSTUR**  
- GÓÐUR Á BRAUÐ -





# Nýi besti vinur þinn?

> **Ford Fiesta frá 2.390.000 kr.**

Mest seldi smábíll Evrópu  
Glæsilegur staðalbúnaður  
Komdu og prófaðu

5 dyra • MyKey • Fáanlegur með vél ársins (*International Engine of the Year*) þrjú ár í röð • Hiti í framsætum  
3,5 tommu upplýsingaskjár • AUX og USB tengi • Fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur • Samlitaðir stuðarar  
Rafdrifnir og upphitanlegir hliðarspeglar • Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40 • Samlituð vindskeið • 6 hátalarar  
Einstaklega rúmt farangursrymi (290 lítra) • Frábær í endursölu • Start Stop spartækni • Brekkuaðstoð  
Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna • Samlitaðir hliðarspeglar • EasyFuel  
ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn • Viðvörðun vegna ísingarhættu • Fáanlegur sjálfskiptur  
5 stjörnu öryggi • Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns



[ford.is](http://ford.is)



Brimborg Reykjavík    Brimborg Akureyri  
Bíldshöfða 6        Tryggvabraut 5  
Sími 515 7000        Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.



## VEISTU SVARIÐ?



1. Í hvaða jökli verða opnuð ísgöng í sumar?
2. Hvað voru beiðnir til Barnaverndarstofu um fósturheimili margar í fyrra?
3. Hvað spanna háspennulínur Landsnets í meginflutningskerfi raforku marga kílómetra?

SVÖR:

1. Langjökull, 2. 120, 3. Þrjú þúsund.

Krafa um afturköllun ólögmatrar ákvörðunar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um viðbyggingu:

## Segja ákvörðunina vera andstæða lögum

**SKÓLAMÁL** Stjórn foreldrafélags Áslandsskóla boðaði til neyðarfundar í gær vegna ákvörðunar bæjaryfirvalda í Hafnarfirði um að hætta við að byggja við skólann.

Foreldrafélag Áslandsskóla segir að með fyrrgreindri ákvörðun bæjarstjórnar felist að ekki verði af áður boðaðri nauðsynlegri stækkun húsnæðis Áslandsskóla, en þáverandi bæjarstjórn hafði löngu áður samþykkt fjárveitingu vegna stækkunarinnar.

Foreldrafélagið telur að efni ákvörðunarinnar vinni gegn lögbundnum menntunarskilyrðum nemenda í Áslandsskóla. Ríkar vísbendingar séu um að með fyrrnefndri ákvörðun bæjarstjórn-

ar hafi skilyrði um lágmarksstöðu samkvæmt grunnskólalögum ekki verið uppfyllt. Foreldrafélagið segir að auk þess feli umrædd ákvörðun bæjarstjórnarinnar í sér meiriháttar breytingar á húsnæðismálum og starfsemi skólans og því hafi verið lögbundin skylda fyrir bæjarstjórn að undirbúa ákvörðunina í samráði við skólaráð og aðra hagsmunaaðila skólafélagsins. Þar sem ákvörðunin var tekin einhliða og án nokkurs samráðs við ráðið né aðra þá fari málsmeðferð bæjarstjórnarinnar gegn grunnskólalögum og sé því ólögmat.

Foreldrafélagið segir að verði ákvörðunin ekki afturkölluð muni það leita réttar síns hjá stjórnvöldum.



**HÚSNÆÐISVANDI Í ÁSLANDSSKÓLA** Foreldrafélag Áslandsskóla telur að leysa þurfi húsnæðisvanda.

## Garðatorg 5 210 Gbæ - Kjörð fyrir veitingarekstur



Húsið er tvílyft auk kjallara samtals 643fm og er í þjónustukjarna í miðbæ Garðabæjar. Meðfram norðvestur- og norðausturhlíðum eru lokaðar göngugötur. Í miðju húsinu er rúmgott og bjart stigahús en þar er m.a. lyfta og sameiginleg snyrting. Jarðhæðin skiptist nú í afgreiðslusal, 11 vinnurými, snyrtingu og ræstiklefa. Þrátt fyrir núverandi skipulag gæti þessi eign einnig hentað fyrir veitingarekstur, þá er tekið tillit til þess að um jarðhæð er að ræða sem er vel staðsett í þjónustukjarna í miðbæ Garðabæjar. Efri hæðin skiptist í rúmgott móttökuherbergi, fundarherbergi, fimm skrifstofuherbergi, opið vinnurými, eldhús, ræstikompu, eldrausta geymslu o.fl. Efri hæðin er að hluta til í leigu í dag. **V. 149 m.** 8587

**EIGNAMIDLUN** Salla Fastigningna frá 1957  
888 8000 - www.eignamidlun.is - Síðumala 23 - 108 Reykjavík

30. apríl í 4 nætur



# Róm

Frá kr.

## 119.900

með 12.000 kr. bókuarafsletti

Hotel Roscioli  
Netverð á mann frá kr. 119.900 á Roscioli m.v. 2 fullorðna í herbergi. Bókunarfsláttur gildir til og með 20. febrúar 2015.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
www.heimsferdir.is

**Heimsferðir**

# Aukakostnaður ekki í byrjunarörðugleikum

Skrifað var fyrir helgi undir samning um 20 nýja bíla fyrir Strætó. Brotalamir líka sagðar í fyrra kerfi. Gert er ráð fyrir að akstur og þjónusta vegna Ferðabjónustu fatlaðra kosti á þessu ári tæpa 1,3 milljarða króna. Ferðir á dag eru 17 til 18 hundruð.

**SAMGÖNGUR** Vandræði hjá Strætó bs. eftir innleiðingu nýs kerfis til að halda utan um ferðabjónustu fatlaðra hafa fyrst og fremst verið skipulagslegs eðlis, segir Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó. „Uppgjör fyrir janúarmánuð liggur ekki fyrir, en ég held að þessu fylgi enginn kostnaðarauki,“ segir hann, en því hefur verið velt upp í umræðu um Strætó hvort ávinningur af ætlaðri hagræðingu við nýtt kerfi hafi ekki tapast í byrjunarörðugleikum.



**JÓHANNES S. RÚNARSSON**

Áætlanir Strætó gera ráð fyrir því að kostnaður vegna Ferðabjónustu fatlaðra nemi á þessu ári 1.277 milljónum króna. Sú áætlun er óbreytt, að sögn Jóhannesar, en upphæðin skiptist þannig að 1.200 milljónir eru vegna aksturs og 77 vegna annars kostnaðar, svo sem við rekstur þjónustuborðs.

„Það sem vantaði inn í kerfið í janúar voru tuttugu bílar og við skrifuðum undir samning vegna þeirra í síðustu viku þannig að þeir fara að tínast inn á næstu vikum.“ Áætlun Strætó segir Jóhannes að miðist við óbreytt kerfi og óbreytta eftirspurn eftir þjónustunni.

Núna segir Jóhannes alla áherslu lagða á að laga þá hluti sem hafi farið af laga.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), sem standa að Strætó bs. segir áætlun Strætó um kostnað vegna Ferðabjónustu fatlaðra í samræmi við þær tölur sem lagt hafi verið upp með þegar skrifað var undir samning við Strætó um áramótin 2013-2014. „Áætlun þeirra þá um kostnað við þjónustuborðið og þá þjónustu sem Strætó veitir var um 75 milljónir króna.“



**SKIPTISTÖÐIN Í MJÓDD Í REYKJAVÍK** Framkvæmdastjóri SSH segir ávinning af hagræðingu með nýju kerfi eiga að fara í að bæta þjónustuna. Það verði mælikvarði inn á árangurinn þegar fram í sækir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## KEYPTU NOUS DR FRÁ TRAPEZE

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fengu á fundi borgarráðs fyrir helgi svör við spurningum sem þeir höfðu lagt fram um miðjan janúar varðandi ferðabjónustu fatlaðra. Í tilkynningu þeirra í gær segja fulltrúarnir svörin ófullnægjandi. Þar kemur þó fram að Strætó bs. hafi keypt staðlaðan hugbúnað að nafni Nous DR frá fyrirtækinu Trapeze til að halda utan um ferðabjónustuna. Kaup eða gerð kerfisins, sem kostaði 9,2 milljónir króna í uppsetningu og ber 6,1 milljóna króna árgjald, hafi ekki verið boðið út þar sem upphæðin sé undir viðmiðunarmörkum útboða. Þá hafi verið innifalið í uppsetningarkostnaði að starfsmenn Trapeze sáu um innleiðingu kerfisins og þjálfun starfsmanna Strætó.

Þá er enginn beinn kostnaður sagður falla til vegna leiðréttinga á kerfinu og áréttað að starfsfólk Strætó hafi ekki komið að eða séð áætlun um rekstrar-sparnað sem átti að ná við útboð á þjónustunni. Óhjákvæmilegt hafi verið að segja upp öllum starfsmönnum Ferðabjónustu fyrir fatlaða í Reykjavík vegna þess hve víðtækar breytingar voru gerðar. „Allir starfsmennirnir voru hvattir til að sækja um nýjar stöður í þjónustuveri og önnur störf hjá Strætó en því miður höfðu fáir áhuga á því,“ segir í svari Strætó.

Um leið segir Páll að horfa verði til þess að um mjög viðamiklar breytingar sé að ræða á þjónustunni. Þannig hafi áður þurft langan aðdraganda að því að bóka ferðir sem nú sé hægt að panta samdægurs. Bætt þjónusta kunni að ýta undir aðsókn.

Eins segir Páll ekki mega gleymast að ekki hafi verið nein ánægja með kerfið eins og það var. „Í gamla kerfinu var ýmislegt sem ýtti undir að menn færu í þessar breytingar,“

segir hann. Komið hafi upp atvik sem ekki hafi þá ratað í almenna umræðu. „Ég veit um þó nokkuð mörg,“ segir hann og rifjar upp að blind kona hafi eitt sinn verið skilin eftir á plani fyrir utan stofnun þar sem hún var á leið í lækni-skóðun. Hún hafi bjargað sér með því að hringja á leigubíl og greiddi startgjaldið fyrir að hann leiddi hana upp að dyrum. „Og þetta var í gamla kerfinu.“

oikr@frettabladid.is

## 300 milljónum hefur verið úthlutað í rafrænar íbúakosningarnar í Reykjavík: Íbúar kjósa um framkvæmdir

**STJÓRNÝSLA** Á miðnætti í gær hófust fjórðu rafrænu íbúakosningarnar í Reykjavík. Kosningarnar standa yfir til miðnættis þriðjudaginn 24. febrúar. Allir þeir sem eru orðnir 16 ára og eiga lögheimili í Reykjavík hafa kosningarétt, en kosningar fara fram á vefnum kjosa.betriereykjavik.is og þarf rafræn skilríki til að taka þátt.

Kosið er um tuttugu verkefni í tíu hverfum borgarinnar og geta kjósendur forgangsraðað framkvæmdum og verkefnum í sínu hverfi sem munu síðan koma til framkvæmdar. Kosningin er bind-

andi fyrir Reykjavíkurborg sem er því skuldbundin til að framkvæma verkefnið. Alls hefur 300 milljónum króna verið úthlutað í verkefnið.

„Það hefur gengið mjög vel að fylgja á eftir verkefnum en á framkvæmdavef Reykjavíkurborgar má sjá að um 95% verkefna síðasta árs hafa komið til framkvæmda,“ segir Sonja Wium, verkefnastjóri Betri hverfa. „Við hvetjum fólk til að kjósa og nýta sér rafrænu skilríkin. Síðan má fylgjast með gangi mála á framkvæmdavef Reykjavíkurborgar.“

- sr



**REYKJAVÍK** Íbúar fá að kjósa um verkefni í sínu hverfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





KOMIÐ OG REYNSLUAKIÐ

# DACIA DUSTER

ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ - ÖFLUGUR Í TORFÆRUM  
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU



Fjór hjóladrífinn, dísil

Verð kr.

**4.040** þús.

Eyðsla í blönduðum akstri 5,3 L/100 km\*

Hlaðinn staðalbúnaði m.a. - Málaðir stuðarar, samlitir hurðahúnar, litaðar rúður, svart „Compass“ tauáklæði, 1/3 - 2/3 niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á öikumannssæti, geymsluhólf í framhurðum, kortavasar á framsætum, ABS-hemlakkerfi, 6 loftpúðar, hæðarstilling á sætisbeltum, forstrekkjarar á sætisbeltum, ISOFIX barnastólafestingar, stöðugleikastýring ESC, fjarstýrðar hurðalæsingar, barnalæsingar á afturhurðum, ræsivörn, varadekk, sex aðgerða akstursthólva, þokuljós að framan, rafknúnir speglar, dagljósabúnaður, aðgerðahnappar í stýri, rafknúnar rúður, lesljós við framsæti, leðurstýri, hæðarstilling á stýri, loftkæling AC, útvarp-CD með 4 hátölurum og MP3 tengingu, Bluetooth símabúnaður, USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipodw

\*Miðað við uppgefna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.

[www.dacia.is](http://www.dacia.is)



**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)

**GE bílar**  
Reykjanesbæ  
[www.bilahusid.is](http://www.bilahusid.is)  
420 0400

**Bílasalan Bílás**  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

**IB ehf.**  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080



# Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 19. febrúar gefur Íslandspóstur út fjórar frímerkjaraðir sem tileinkaðar eru íslenskri skartgripahönnun, tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves og reiðhjólínu, en í ár eru 125 ár frá því að reiðhjól sáust fyrst á götum Reykjavíkur. Fjórdra frímerkjaröðin eru ferðamannafrímerki sem sýna íslenskt landslag.



Fyrst dagsumslög fást á helstu pósthúsum. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölu. Sími: 580 1050. Netfang: stamps@stamps.is Heimasíða: www.stamps.is facebook.com/icelandicstamps



# Áfram barist um bæinn Debaltseve

Hvorki úkraínskir uppreisnarmenn né stjórnarher Úkraínu hafa viljað hætta átökum um 25 þúsund manna bæ, þrátt fyrir að samið hafi verið um vopnahlé sem átti að hefjast um helgina. Hvorugir vilja flytja þungavopn sín frá bænum.

**ÚKRAÍNA** Petró Porosjenkó, forseti Úkraínu, hvetur bæði Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið til þess að fordæma uppreisnarmenn í austanverðu landinu fyrir að virða ekki vopnahléið, sem átti að ganga í gildi um helgina.

Átök hafa haldið áfram í landinu, einkum í og kringum bæinn Debaltseve, sem uppreisnarmenn segjast að mestu hafa náð á sitt vald. Hvorki stjórnarherinn né uppreisnarmenn hafa viljað flytja þungavopn sín frá bænum, þótt um það hafi verið samið í síðustu viku.

Íbúar Debaltseve voru 25 þúsund en þeir hafa flestir forðað sér vegna átakanna. Nokkur þúsund manns eru þó enn innikróaðir í bænum og búa við alvarlegan skort á matvællum, vatni og fleiri nauðsynjum.

Uppreisnarmenn voru búnir að ná Debaltseve á sitt vald á síðasta ári en stjórnarherinn náði honum úr höndum þeirra nú í vetur.

Samkvæmt friðarsamkomulagi, sem leiðtogar Úkraínu, Rússlands, Frakklands og Þýskalands gerðu í síðustu viku og uppreisnarmenn undirrituðu síðan, eiga stríðandi fylkingar báðar að fara með herlið sitt frá átakalíunni og átti sá brottflutningur að hefjast í gær.

Síðustu dagana áður en friðarsamkomulagið var gert hördnuðu



**FARA HVERGI** Úkraínuher bíður átektu við Debaltseve.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

átökum um Debaltseve verulega. Af þeim sökum reyndi Vladímír Pútín Rússlandsforseti, á leiðtogafundinum langa í Minsk í síðustu viku, að fá hina leiðtogana þrjá til að fallast á að fresta gildistöku vopnahlésins, að minnsta kosti þangað til átökunum um Debaltseve lyki.

Angela Merkel sagði því í gær að það kæmi engum á óvart að átökum um Debaltseve héldu áfram. Hún ræddi símleidis við bæði Pútín og Porosjenkó, en hafði daginn áður rætt við Pútín og François Hollande Frakklandsforseta.

Bæði símtölin snerust að ein-

hverju leyti um að fá Pútín til að beita uppreisnarmenn þrýstingi, en þýskir fjölmiðlar segja fátt benda til þess að Pútín hafi þokast neitt í þá áttina.

Þó var samþykkt að eftirlitsmenn frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu fái aðgang að Debaltseve, eins og kveðið var á um í friðarsamkomulaginu. Uppreisnarmennirnir hafa ekki viljað hleypa þeim þangað.

Evrópusambandið hefur hóttað Rússum frekari refsiaðgerðum verði ekki staðið við friðarsamkomulagið. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

www.volkswagen.is

**Uppáhaldstími ársins er núna.**

**Tiguan R-Line 4Motion 2.0 TDI fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur: 6.444.444 kr.**

Tiguan R-line aukahlutapakki að verðmæti 750.000 kr. fylgir.

**VW Tiguan R-Line** kemur drekkhlaðinn af þægindum með vetrardekk, dráttarkrók, Webasto bílahitara, fjarlægðarskynjara með bílastæðaaðstoð, bakkmyndavél, leiðsögukerfi o.fl. Taktu skrefið til fulls með Tiguan R-Line.



Das Auto.





**DOMINIQUE STRAUSS-KAHN** Kemur til réttarhaldanna í Lille. NORDCPHOTOS/AFP

## Strauss-Kahn andar léttar: Flestar kröfur felldar niður

**FRAKKLAND** Lögmenn fimm þeirra sex kvenna, sem krafist hafa skaðabóta af Dominique Strauss-Kahn í tengslum við vændisréttarhöldin gegn honum, hafa fellt niður kröfur sínar.

Ástæðan er sú að þeir telja sig ekki geta sannað að Strauss-Kahn hafi vitað að um vændiskonur hafi verið að ræða, þar sem hann heldur því stöðugt fram fyrir rétti að hann hafi verið grunlaus um það.

Strauss-Kahn er fyrrverandi yfirmaður Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins. Réttarhöldunum á að ljúka nú í vikunni. -gb



**Á HÓLUM** í samstarf við aðra skóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fulltrúi andvígur samrekstri:

## Atlaga gerð að háskólastarfi

**SVEITARSTJÓRNIR** „Menntamálaráðuneytið ásamt stjórnarmeirihlutanum undirbýr nú nýja atlgöu að háskólastarfi á landsbyggðinni og landbúnaðarháskólunum á Hólum og Hvanneyri,“ segir í bókun Bjarna Jónssonar, fulltrúa V-lista í byggðaráði Skagafjarðar, þar sem rædd var ósk frá menntamálaráðuneytinu um tilnefningu í hóp sem á að afla upplýsinga og gagna um fjárhagslegan og faglegan ávinning af aukinni samvinnu eða samrekstri Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólans á Hólum og Háskólans á Bifröst. „Splæsa á skólana saman í eina sjálfseignarstofnun sem greiðir fyrir því sem nú er til umræðu, að taka upp skólagjöld á Hólum og Hvanneyri til að mæta fyrirhuguðum niðurskurði til þeirra,“ sagði Bjarni. -gar

# Segja ráðherra fara með rangt mál um tekjur af komum skemmtiferðaskipa sem séu nær 5 milljarðar: Farþegarnir versla fyrir 2,7 milljarða króna

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stjórn Cruise Iceland, samtaka fyrirtækja sem þjónusta skemmtiferðaskip, segja Ragnheiði Elinu Árnadóttur iðnaðarráðherra ekki fara með rétt mál um þýðingu farþega skipanna fyrir íslenska hagkerfið.

Á síðasta stjórnarfundum Cruise Iceland kom fram gagnrýni á Ragnheiði Elinu vegna ummæla hennar á fundum um náttúrurupassa. „Þar hefur ráðherrann margendurtekið að farþegar skemmtiferðaskipa skili engu til íslenska hagkerfisins,“ segir í fundargerð stjórnarinnar sem samþykkti að óska eftir fundi með Ragnheiði Elinu og leggja þar fram gögn úr könnunum sem unnar hafa verið fyrir Cruise Iceland.

Segir stjórnin að samkvæmt rannsókn sem Peter Wild hafi unnið fyrir Ísafjörð og Akureyri 2013 og fyrir Reykjavík 2014 sé beinn ávinningur íslenska hagkerfisins vegna verslunar farþega og áhafnar skemmtiferðaskipa tæpir 2,7 milljarðar króna.

„Þegar óbein efnahagsleg áhrif eru metin í viðbót við beinu áhrifin eru heildaráhrifin 31,5 milljónir evra eða sem samsvarar 4.977.000.000 íslenskum krónum,“ segir stjórn Cruise Iceland.



-gar **Á SKARFABAKKA** Farþegar versla að meðaltali fyrir 79 evrur á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

## RAFORKUKERFI Í VANDA

Opin dagskrá aðalfundar Samorku

Föstudaginn 20. febrúar 2015

Grand Hótel Reykjavík

**13:30 Fundarsetning**  
Nýkjörinn formaður Samorku

**Ávarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra**  
Ragnheiður Elin Árnadóttir

**Vandi flutningskerfis raforku**  
Ragnar Guðmannsson, yfirmaður stjórnstöðvar Landsnets

**Hömlur á þróun atvinnulífs**  
Óli Grétar Blöndal Sveinsson, framkvæmdastjóri þróunarviðs Landsvirkjunar  
Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð  
Bjarni Th. Bjarnason, sveitarstjóri í Dalvíkurbyggð

**15:00 Kaffiveitingar í fundarlok**

Fundarstjóri: Gústaf Adolf Skúlason, framkvæmdastjóri Samorku



Ragnheiður Elin Árnadóttir



Ragnar Guðmannsson



Óli Grétar Blöndal Sveinsson



Páll Björgvin Guðmundsson



Bjarni Th. Bjarnason



Gústaf Adolf Skúlason



**FUDGE** Þú kemst fljótt að!  
...en þú getur líka pantað tíma

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**Rakarastofan Klapparstíg**

**S: 5513010**



# Goslök ekki endilega góðar fréttir

Eldstöðin í Holuhrauni hefur skilað 40% af því hrauni sem frá íslenskum eldfjöllum kemur að jafnaði á hverjum 100 árum. Mjög dregur úr krafti eldgossins, sem Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur segir ekkert endilega góðar fréttir, heldur frekar ávísun á ný umbrot.

Svavar  
Hávarðsson  
svavar@frettabladid.is



Eldstöðin í Holuhrauni hefur á rúmlega hálfu ári skilað upp á yfirborðið tveimur rúmkílómetrum af kviku. Því hefur eldstöðin klárað sig af skilgreiningunni um stórgos á alþjóðlegum mælikvarða í tvígang. Á sama tíma hafa 99% kvikunnar sem er á ferðinni í eldstöðvarkerfi Bárðarbungu ekki látið sjá sig. Því er í raun afar ólíklegt að umbrotunum í og við jökulinn sé lokið þótt eldgosid sem nú er uppi endi á næstunni.

Þetta er meðal þess sem kom fram í máli Ármanns Höskuldssonar, eldfjallafræðings við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, í fyrirlestri á vettvangi Háskólans í gær, þar sem hann fjallaði um eldsumbrotin og framgang þeirra frá upphafi til dagsins í dag.

## Fimm eldgos stór og smá

Í fyrirlestri sínum rakti Ármann þróun umbrotanna, allt frá því að jarðskjálftahrinan hófst í Vatnajökli 16. ágúst; síðan framrás kvikunnar í gegnum kvikuganginn mikla, sem var fréttæfni í hálfan mánuð, þangað til eldgos hófst. Þau eru nú orðin fimm talsins í og við jökulinn, sagði Ármann. Fjögur smágos og svo það sem enn er uppi og er orðið eitt stærsta eldgos á sögulegum tíma á Íslandi, og sannarlega það stærsta frá Skaftáreldum á 18. öld.

## Áttfalt minni kvika

Staðan í dag er sú að snarlega hefur dregið úr eldgosinu á þeim vikum sem liðnar eru af nýja árinu; helst er það merkjanlegt af því magni sem Baugur, gígurinn mikli í Holuhrauni, skilar af sér af kviku. Kvikuelfurin telst nú 10 til 50 rúmmetrar á sekúndu, sem er sjö- til áttfalt minna af kviku en rann í upphafi gossins um mánaðamótin ágúst-september. Nornahraun þekur 85 ferkíló-

metra lands og þenur sig lítið út þessa dagana, en hraunið ferðast um hraunstabban í hellum undir yfirborði sem er þykkastur rúmlega 40 metrar.

Ármann benti á að hafi einhver efast um hvernig beri að flokka eldgosid í Holuhrauni á þessum tímamarki, þá sé hraungos alþjóðlega stimplað sem stórgos þegar einn rúmkílómetri af kviku hefur skilað sér upp á yfirborðið, en Nornahraun er þegar um tveir rúmkílómetrar. „Meðal-kvikuframleiðsla á hverri öld á Íslandi er talin vera um fimm rúmkílómetrar. Eldstöðin er því búin að taka upp á sandinn 40% af hundrað ára framleiðslu íslenskra eldfjalla nú þegar. Við höfum frávik þegar við fáum stór eldgos og hugsanlega er þetta eitt af þeim frávikum sem er í gangi núna. Þykkt hraunsins höfum við ekki séð síðan í Lakagosinu 1783, svo við erum að glíma við eitt stærsta eldgos Íslands í nokkur hundruð ár,“ sagði Ármann.

## Mengun

Á fyrstu dögum eldgossins rifjaði Ármann upp að enginn hafði áhyggjur af gasmengun frá eldstöðinni – hér á landi. „En það stoppaði ekki síminn hjá mér því fólk var að hringja frá Noregi, Þýskalandi, Svíþjóð og Bretlandi til að láta vita af mikilli brennisteinslykt hjá þeim. En gasið fór þá hærra upp og lagði burt frá landinu og lagðist yfir Skandinavíu og Evrópu,“ sagði Ármann og skýrði að þegar dró úr hitauppstreymi eldstöðvarinnar þá féll gasið niður, og þar sem það er eðlisþyngra en andrúmsloftið þá skreið það eftir vindátt niður dali og fjallaskörð og þaðan í byggð. Í upphafi losaði eldstöðin um 150.000 tonn á dag – tífalt það magn sem öll Evrópa losar á sama tíma. Heildarmagnið af brennisteini sem Holuhraun hefur skilað til dagsins í dag er allt að 14 milljónir tonna.

## Hvað höfum við lært?

Ármann sagði að þrátt fyrir að



**ELDFJALLAFRÆÐINGUR** Ármann Höskuldsson, sem hefur ásamt her manns fylgst með eldsumbrotunum frá upphafi, segir að deyi eldgosid út verði sérstaklega spennandi að fylgjast með svæðinu vikurnar á eftir. Það sé næsta víst að jarðskjálftahrina hefjist á nýjan leik og frekari eldsumbrot fylgi.

úrvinnsla gagna væri aðeins á upphafsstigi þá sé líklegt að teikna þurfi upp eldstöðvarkerfi Öskju að nýju. Það var talið teygja sig undir sandana þar sem hraunið rennur sem „getur varla verið rétt“, eins og Ármann orðaði það í fyrirlestri sínum. En hann hnykkti á því hversu svæðið er sérstakt, og þeim fjölda stórra eldfjalla sem er að finna á tiltölulega litlu svæði yfir heita reitnum

miðjum. Þar má telja Hágöngur, Vonarskarð, Hamarinn, Grímsvötn, Þórðarhyrnu, Kverkfjöll og Öskju.

## Mamma

„Mamma í þessu öllu saman er svo Bárðarbunga,“ sagði Ármann og útskýrði að kvikan kæmi úr kvikuþró á miklu dýpi undir fjallinu en ekki kvikuhólfi sem sannarlega liggur undir sjálfri öskju

“Eldstöðin er því búin að taka upp á sandinn 40% af hundrað ára framleiðslu íslenskra eldfjalla nú þegar.

eldfjallsins. Kvikan kemst ekki upp á yfirborðið í gegnum fjallið sjálft og leitaði því í þann farveg, sprungurnar, sem fóstrar eldstöðina norðan jökulsins í dag.

## Menntadagur atvinnulífsins 2015

Fimmtudaginn 19. febrúar á Hilton Reykjavík Nordica kl. 12.30-16.30

- 12.30 Menntastofur samtaka í atvinnulífinu. SI, SFF, SVP, SAF, og SFS kynna og ræða áherslur samtakanna.
- 14.00 Ávinningur menntunar. Björgólfur Jóhannsson, formaður SA.
- 14.15 Breytt starfsnám Dana. Henning Gade, forstöðumaður hjá DA, samtökum atvinnulífsins í Danmörku.
- 14.45 Kaffi og með því. Fræðslusjóðir og fræðsluaðilar kynna sig á Menntatorgi.
- 15.15 Deiglan í menntakerfinu og breytingar á starfsnámi.  
Hvað segja fyrirtækin – hvernig list þeim á – hvað vantar?  
Sigurður Steinn Einarsson, starfsmaður Síldarvinnslunnar.  
Magnea Þórey Hjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandair hótela.  
Þórður Theodórsson, framkvæmdastjóri framleiðslu Marel.
- 15.45 Viðhorf fyrirtækja til starfsmenntunar. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra.
- 16.00 Menntaverðlaun atvinnulífsins 2015. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra afhendir verðlaunin.

Ráðstefnustjóri er Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS.

Allir velkomnir – ekkert þátttökugjald



► Hér er aðaláhýggjuefnið, sagði Ármann. Víst er að kvikunni sem flæðir úr íðrum jarðar fyrir neðan. Það var á Ármanni að skilja að hún í raun sjóði það sem þar er fyrir og „gæti sett af stað nýja atburðarás“ – sem þá getur ekki verið neitt annað en að „mamman“ láti í sér heyra. „En þetta er gliðunarhrina sem er hafin og fimm eldgos hafa komið upp nú þegar. Allir jarðskjálftar sýna að upptökin eru í Bárðarbungu þar sem er grunnstætt kvikuhólf. Það hringir því öllum viðvörunarbjöllum að núna er tekið að draga úr þessu eldgosu út af söndunum, því

„Það er þekkt að um 1% kvikunnar sem er á ferðinni kemur upp á yfirborð. Undir fjallinu er því ennþá á ferðinni 100 til 200 rúmkílómetrar af kviku.

atburðurinn er alls ekki búinn. Síðasta gliðunarhrina stóð í tæp tíu ár og Kröflueldar urðu nú talsins þegar upp var staðið. Það er þekkt að um 1% kvikunnar sem er á ferðinni kemur upp á yfirborð. Undir fjallinu eru því ennþá á ferðinni 100 til 200 rúmkílómetrar af kviku. Það er mikið og líklegt að það láti vita af sér í framtíðinni,“ sagði Ármann.

Hraunið myndi fylla **124.500 Hallgrímskirkjur**

Allar byggingar á Íslandi eru um **146 milljón rúmmetrar** að stærð

Hraunið myndi fylla **10 milljón 100 fermetra íbúðir**

Hraunrennslið er metið **10 til 50 rúmmetrar**

á sekúndu – var 300-400 rúmmetrar í upphafi eða eins og meðalrennsli Ölfusár við Selfoss.

Afmæli Yoko Ono fagnað:

## Friðarsúlan tendruð

**FÓLK** Kveikt verður á friðarsúlunni í tilefni þess að Yoko Ono á afmæli í dag. Kveikt verður á súlunni við sólarlag og slökkt á ný við sólarupprás. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.



YOKO ONO

Boðið verður upp á Friðarsúluférfi tengslum við tendrun súlunnar. Sigt verður með Eldingu frá Gömlu höfninni í Reykjavík kl. 20.00 og fá þátttakendur leiðsögn um Friðarsúluna.

Með í för verður Ljósakórinn, sem er stúlknaður úr Mosfellsbæ, en einnig barnakór Ísaksskóla. Börnin munu syngja lagið Love þegar komið verður að Friðarsúlunni. Frítt er fyrir börn undir sex ára.

Sjómenn í Danmörku:

## Ungir gefast upp á sjónum

**DANMÖRK** Sjómaðurinn Per Lund-Hansen frá Nexø í Danmörku segir unga menn gefast fljótt upp á sjónum. Lund-Hansen, sem á togara og tekur til sín lærlinga, segir unga menn ekki vita hvað starfið snýst um.

Þeir hafi heyrt að sjómenn þéni vel en hafi ekki reiknað með að það þurfi að vinna fyrir launum. Svo sé ekki alltaf netsamband úti á sjó og það þyki ungum mönnum slæmt. Slæmt veður hræði einnig sem og langur vinnudagur. Danska ríkissjónvarpið greindi frá.



**WALLSTRÖM** Rússar létu í ljós óánægju vegna heræfingar með NATO.

Hörð gagnrýni á Wallström:

## Lét undan kröfu Rússa

**SVÍPJÓÐ** Utanríkisráðherra Svíþjóðar, Margot Wallström, sætir nú gagnrýni eftir að nánasti samstarfsmaður hennar tjáði rússneska sendiherrann í Svíþjóð að sænskar orrustuþotur myndu ekki lenda í Eistlandi á sameiginlegri heræfingu Svía, Finna og NATO á Eystrasaltssvæðinu. Samkvæmt frétt á vef Expressen lýsti sendiherrann yfir óánægju með heræfinguna.

Peter Hultqvist, varnarmálaráðherra Svíþjóðar, er sagður æfur yfir því að hafa ekki verið látinn vita af viðræðunum við Rússa.

# Fjölskyldan saman í vetrarfríinu



Rútuferðir frá Mjóddinni í Bláfjöll og Skálafell kl. 11:00 og 16:15 og heim kl. 15:00 og 21:00.

## Dagskrá frístundamiðstöðva borgarinnar

### Ársel – Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt Fimmtudaginn 19. febrúar

kl. 13:00-14:00 Fjölskyldubingó í félagsmiðstöðinni Fókus/Stjörnuhlöndi.  
kl. 14:00-16:00 Opið í Fókus fyrir 10-12 ára.  
kl. 17:00-19:00 Sundlaugapóll í Árbæjarlaug. Ókeypiss aðgangur.

### Föstudaginn 20. febrúar

kl. 11:00-13:00 Sundlaugarfjör í Árbæjarlaug.  
kl. 13:00-15:00 Ratleikur í Elliðaárdal – Grill og gaman.

Skíðabrekkan í Ártúnsbreyku er opin báða dagana frá kl. 12:00-20:00.

### Gufunesbær - Grafarvogur Fimmtudaginn 19. febrúar

kl. 10:00-12:00 Klifur í turninum við Gufunesbæ.  
kl. 12:00-14:00 Ratleikur og útiöldun.

Dagskrá í öllum félagsmiðstöðvum Gufunesbæjar fyrir börn og unglöngu í 5-10 bekk. Sjá heimasíðu hjá Dregyn, Fjörgyn, Púgyn og Sigyn.

### Föstudaginn 20. febrúar

kl. 10:30-12:00 Töfrasmíðja í Hlöðunni.  
kl. 12:30-14:00 Spilasmíðja í Hlöðunni.  
kl. 13:00-15:00 Sundlaugarfjör í Grafarvogslaug.

Skíðabrekkan í Grafarvogi er opin báða dagana frá kl. 12:00-20:00

### Frostaskjól – Vesturbær Miðvikudagur 18. febrúar

kl. 16:00-18:00 Öskudagsskemmtun (5.-7. bekkur) í Tíu12/Frostaskjól.  
kl. 19:30-22:00 Karóki (8.-10. bekkur og foreldrar) í Frosta/Frostaskjól.

### Fimmtudagur 19. febrúar Frosti/Hagakóla

kl. 12:00 Uppistand með Ara Eldjárn.  
kl. 13:00 Pogo.

### Skýjaborgir/Vesturbæjarskóla

kl. 12:30-14:00 Ævintýraspil og fustballmót.

### Undraland/Grandaskóla

kl. 13:30-15:00 Bandý, forsetastríð og fönður.

### Frostheimar/Frostaskjól 6

kl. 14:30-16:00 Spilastund, LARP og perluskálagarð.

### Fjölskyldufjör í Vesturbæjarlaug

kl. 14:30-16:30 Leikir, samsöngur í gufu, lifandi tónlist og veitingar.

### Selið/Melaskóla

kl. 15:30-17:00 Tarzanleikur, listaverk málað á striga og búin til veggmynd með ofurhetjum.

Allir eru velkomnir á viðburði óháð aldri og skóla.

Frítt í Vesturbæjarlaug frá 14:30-19:00

### Kringlumýri – Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir Fimmtudaginn 19. febrúar

kl. 11:00-13:30 Hlussubolti og aðrir útileikir á gervigrasi.  
kl. 11:30 Tarsanleikur í Íþróttasal Háaleitisskóla /Álftamýri. Nýr leikur á hálf tíma fresti. Dansleikir og kappát

í sal Kringlumýrar. Föndur á neðri hæðinni þar sem reynt verður að búa til stærsta Loom-armband á Íslandi. Varúfsmarabon í spilaherbergjum. Hollar veitingar. Frítt í Laugardalslaug frá kl. 14:00-17:00.

### Kampur – Miðborg og Hlíðar Fimmtudagur 19. febrúar

kl. 13:00-15:00 Sundstuð í Sundhöll Reykjavíkur. Unglingar með tónlistaratriði.  
kl. 13:00-15:00 Mannlegt fótboltaspil við Sundhöll Reykjavíkur. Uppblásinn fótboltavöllur og fustball.  
kl. 13:30 og 14:30 Útiöldun við Austurbæjarskóla.  
kl. 14:00 og 15:00 Listasmíðja fyrir alla fjölskylduna í Hvíta húsinu við Háteiggskóla þar sem m.a. verður unnið með ofurhetjum og tauprykk.  
Frítt í Sundhöll Reykjavíkur frá kl. 13:00-15:00

### Miðberg – Breiðholt Fimmtudaginn 19. febrúar

kl. 12:00-20:00 Skíðabrekkan í Breiðholti opin. Kakó, vöffullur og tónlist.

### Föstudaginn 20. febrúar

kl. 12:00-20:00 Skíðabrekkan í Breiðholti opin. Kakó, vöffullur og tónlist  
kl. 13:00-15:00 Sundlaugarfjör í Breiðholltslaug. Ókeypiss aðgangur.

Fullorðnir fá frítt í fylgd með börnum inn á Kjarvalsstaði, Hafnarhús, Árbæjarsafn, Landnámsýninguna í Aðalstræti og Víkina - Sjómínjasafn.

## Menning fyrir alla fjölskylduna

### Borgarsögusafn Reykjavíkur Sjómínjasafn

Ratleikur um sýningar safnsins.

### Árbæjarsafn

Skemmtilegar og fróðlegar sýningar fyrir fjölskylduna; Komdu að leika og Neyzlan – Reykjavík á 20. öld. Opið frá kl. 13:00-16:00.

### Landnámsýningin

Ratleikur með rúnum fyrir alla fjölskylduna.

### Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Á sýningu Braga Þórs Jósefssonar Varnarliðið er varpað ljósi á horfinn heim herliðsins á Miðnesheiði. Boðið er upp á skemmtilegan teiknileik þar sem gestir eru hvattir til að hugsa um það sem amerískt er.

### Listasafn Reykjavíkur Kjarvalsstaðir

kl. 13:00-16:00 Ókeypiss örnámskeið í listmálun fyrir 14 ára og eldri í Hugmyndasmíðjunni. Leiðbeinandi Baldvin Einarsson myndlistarmaður. Þátttakendur mála á striga og fá leiðsögn um sýningar.

### Hafnarhús

Skemmtilegar sýningar fyrir börn og fullorðna: Erró og listasagan, Margt Smálegt og Nýmálað 1. Opið frá kl. 10:00-17:00.

### Borgarbókasafn Menningarhús Kringlunni

Föstudaginn 20. febrúar kl. 14:00-15:00 Pappírsmótun fyrir börn. Leiðbeinandi Anna Vilborg Dyrst. Getraun og mynda- og sögusamkeppni fyrir börn.  
Laugardaginn 21. febrúar kl. 13:30-15:30 Spilavinir koma í heimsókn. Fjölskylduspiladagur. Getraun og mynda- og sögusamkeppni fyrir börn.

### Menningarhús Gerðubergi

Á opnunartíma geta börn og fjölskyldur farið í ratleiki, spilað á spil, tekið þátt í getraun og búði til fallega bók.  
Laugardaginn 21. febrúar kl. 14:00-16:00 Málátt þitt og málið mitt – lifandi tungumál á Alþjóðadegi móðurmálsins. Langar þig að kynna tungumál annarra barna – eða kenna öðrum börnum tungumálið þitt? Hvernig segir maður til að mynda „sól“ á ólíkum tungumálum?  
- Sóla sögukona segir sólar sögu  
- Syngjum sólarlög

- Lærum orðið „sól“ á mörgum tungumálum  
- Smíðjan „Lifandi tungumál“ – börn kenna börnum tungumál  
- Jón Víðis töframaður stígur á stokk

### Menningarhús Spönginni

Fimmtudaginn 19. febrúar kl. 14:00 Föndursmíðja  
Föstudaginn 20. febrúar og laugardaginn 21. febrúar Boðið upp á spil og aðstöðu til að lita og teikna fallegar myndir.

### Menningarhús Árbæ Fimmtudaginn 19. febrúar

kl. 13:00-15:00 Skapandi klippileikur með myndasögur. 19. - 21. febrúar á opnunartíma bókasafnsins Spil fyrir börn og fjölskyldur, getraun og skapandi vinna með teiknimyndasögur.

### Menningarhús Sólheimum

Boðið upp á að spila spil og leita uppi ævintýri í barnabókadeildinni.

### Menningarhús Grófinni

Húsið opið öllum börnum og fjölskyldum þeirra. Sunnudaginn 22. febrúar Skutlusmíðja í umsjón Jóns Víðis.





Áttu Davíð og Geir að treysta Kaupþingsmönnum?

## Veð Seðlabanka var aldrei gott

**E**kki er með nokkru móti hægt að halda því fram að Seðlabanki Íslands hafi fengið gott veð, góða tryggingu, þegar hann lánaði Kaupþingi meginhluta tiltæks gjaldeyrisvaraforða íslensku þjóðarinnar 6. október 2008. Þegar upp er staðið varð tap Seðlabankans stórkostlegt af lánveitingunni, eða 35 milljarðar króna.

Í umræðu um þetta á Alþingi á mánudag sagði Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, um lánveitinguna: „Það var reyndar ekki gert nema að fengnum veðum, sem á þeim tíma þóttu nokkuð trygg.“ Þóttu þau það, voru veðin trygg? Nei, þau voru það ekki. Veðið var í banka í miðri bankakrísu. Slíkt getur aldrei talist gott veð.

Annað er að veðið, eða tryggingin, fékkst ekki fyrr en nokkru eftir að lánið var greitt. Í skýrslu fjárlaganefndar Alþingis segir orðrétt: „Lánsamningurinn átti að fylgja í kjölfarið, en vegna þeirrar atburðarásar sem fór af stað eftir setningu neyðarlaganna var hann aldrei gerður. Lánveitingin og kjör lánsins voru hins vegar staðfest af skilanevnd og síðar slitastjórn Kaupþings og hafa kröfuhafar Kaupþings ekki mótmælt henni, enda hefur Seðlabankinn gengið að veðinu og selt það.“

Lánveitingin var um margt sérstök og krefst þess að öll spil verði lögð á borðið. Staða Bjarna Benediktssonar í þessu máli er flókin. Helstu gerendur málsins, af hálfu hins opinbera, það er lánveitandans, eru forverar hans á formannsstóli Sjálfstæðisflokksins, þeir Davíð Oddsson og Geir H. Haarde. Þá staðreynd verður að hafa í huga. Það gerir Bjarna erfitt fyrir.

Tap Seðlabankans af lánveitingunni varð umtalsvert. Eftir á að hyggja var ekki klókt að lána út á veð í banka eins og ástætt var á þeim tíma. Trúlegast töldu þeir sem tóku ákvörðunina um lánið að bjarga mætti Kaupþingi og að veðið í hinum danska banka FIH væri tryggt. Ekki er vitað hvort annað veð var tiltækt eða ekki. Hvort fleiri kostir hafi verið í stöðunni. Í skýrslu fjárlaganefndar Alþingis segir Seðlabankinn: „Lántöku Kaupþings þ. 6. október 2008 bar ákaflega brátt að og því vannst ekki tími til að kanna hver staða Seðlabankans væri varðandi fullnustu á veðinu, þ.e. að ganga að hlutafé bankans, enda var lánið veitt til að vinna bug á lausafjárerfiðleikum og það átti að endurgreiða 4 dögum síðar. Það má teljast ólíklegt að FIH-bankinn hefði veitt Seðlabankanum aðgang að lánasamningum sínum við framkvæmd vegna trúnaðar við lánveitendur sína.“

Af þessu má ljóst vera að meira að segja Seðlabanki Íslands taldi, hrundaginn sjálfan, að vandi Kaupþings væri einkum lausafjárvandinn. „...enda var lánið veitt til að vinna bug á lausafjárerfiðleikum...“ Þetta er merkilegt í ljósi þess að eigið fé bankans var allt, allt annað og rýrara en var látið í veðri vaka.

Þegar málið er skoðað nú, er ljóst að það er mörgum til vansa. Einkum þeim sem blekktu, þeim sem létu blekkjast og svo tapaði Seðlabankinn 35 milljörðum króna á öllu saman. Kannski endurheimtist eitthvað verði af hugsanlegri málssókn.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraenu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Höfum opnað nýja og stórglæsilega verslun á fyrstu hæð Kringlunnar fyrir aftan Kaffitár. Glæsileg opnunartilboð

KÚNINGÚND

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Stormur í vatnsglasi

Víglundur Þorsteinnsson kom á dögnum fram með ásakanir á hendur fyrrverandi ríkisstjórn og þær ekki af mildara taginu, enda hafði engin þýðingarmiðstöð fengið að tóna niður orð hans. Ríkisstjórnin og pótintátar hennar höfðu, ásamt bankamönnum, blekk þjóðina og framið margvísleg brot við stofnun nýju bankanna. Margir ráku upp ramakvein og heimtuðu að þetta yrði rannsakað í þaula og fjólmiðlum var legið á hálsi að hafa ekki rutt forsíður og gefið út sérblöð með efni ásakana Víglundar. Það er ekki nema sjálfsgat og eðlilegt að rannsaka jafn alvarlegar ásakanir og Víglundur setti fram, ekki síst þar sem hann er fyrrverandi framámaður í atvinnulífnum og

veit sem slíkur betur en meðaljóninn hvernig fjármálagjörnir geta orkað tvímælis. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis fékk þingmanninn og lögfræðinginn Brynjar Níelsson til að rannsaka hvað væri hæft í ásökunum Víglundar og svarið kom í gær: Ekkert.

#### Býsna sláandi

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var einn þeirra sem tjáðu sig um ásakanirnar. „Þetta er, svona við fyrstu sýn, býsna sláandi,“ sagði hann í viðtali við Bylgjuna. Það er vissulega rétt hjá honum að ásakanirnar voru býsna sláandi, en þegar forsætisráðherra tjáir sig með þeim hætti um ásakanir gefur hann þeim meira vægi. Og nú hefur komið í ljós að ekkert er

hæft í ásökunum. Nú fer þögn forsætisráðherra um þá staðreynd að verða býsna sláandi.

#### Forsetalög á ráðherra?

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, lýsti því á Alþingi í gær að nýtt vegstæði Vegagerðarinnar við Teigsskóg gæfi góð fyrirheit um að verða að veruleika, en nokkuð hefur verið deilt um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Ef af vegarlagningunni yrði ekki, lýsti hann sig þó reiðubúinn sem fyrr til lagasetningar til að knýja framkvæmdina fram. Það væri vissulega nokkuð sérstök staða, ef forseti Alþingis legði fram lagafrumvarp um vegarlagningu sem er á forræði innanríkisráðherra, samflokksmanns forsetans.

kolbeinn@frettabladid.is



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Hver er að græða?

#### LANDBÚNAÐUR



Hörður Harðarson formaður Svínaræktarfélags Íslands

„Verðlækkun skilar sér ekki til neytenda“ var fyrirsögn fréttar Fréttablaðsins þann 16. febrúar. Í henni kemur fram að á undanförunum árum hafi verið á kjöti til svínabænda lækkað jafnt og þétt en á sama tíma hafi verið á kjötinu út úr búð hækkað. Spurningin sem eftir situr er, úr því að neytendur fá ekki að njóta þessarar verðlækkunar: Hver er þá að græða?

Eins og fram kemur í frétt Fréttablaðsins hefur verið til svínabænda lækkað um 8,9% á síðustu tveimur árum en verið út úr búð hækkað á sama tíma um 8,5%. Bændur skila sínu kjöti til kjötvinnslufyrirtækja sem síðan selja það til verslana. Það bendir því flest til þess að ágóðinn af þessari verðlækkun sé tekinn út annaðhvort hjá kjötvinnslufyrirtækjum eða verslunum, eða báðum. Það er mikilvægt að neytendur fái svör við þessu.

Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að hafa í huga að frá árinu 2010 hefur innflutningur á kjöti nær fimmfaldast og samhliða því hefur hlutfall tolla af innflutningsverði lækkað snarlega. Eins og fram kemur í frétt Fréttablaðsins hefur verið út úr búð engu að síður hækkað verulega á undanförunum árum. Það er

→ **Aftur er því spurt: Hver er þá að græða? Sem fyrr virðast það vera fyrirtæki í verslunarrekstri, kjötvinnslu eða innflutningi. Það er mikilvægt að neytendur fái svör við þessu.**

Því ljóst að íslenskir neytendur hafa ekki hagnast á þessum aukna innflutningi þrátt fyrir að tollar hafi lækkað verulega, heldur þvert á móti. Aftur er því spurt: Hver er þá að græða? Sem fyrr virðast það vera fyrirtæki í verslunarrekstri, kjötvinnslu eða innflutningi. Það er mikilvægt að neytendur fái svör við þessu.

Fulltrúar fyrirtækja í verslun, kjötvinnslu og innflutningi hafa gengið harkalega fram í opinberri umræðu gagnvart bændum og gagnrýnt þá fyrir að tryggja ekki landbúnaðarafurðir á lægra verði. Þar hafa þeir látið að því liggja að þeir beri hagsmunir neytenda fyrir brjósti. Nú hafa hins vegar komið fram visbendingar um að þeir hafi stungið ágóða sem neytendur ættu að njóta beint í eigin vasa. Þeir skulda neytendum svör.



## Grjótkastara svarað

Ósiður einn hjá götustrákum var hér áður fyrir að kasta grjóti í fólk. Hann er sem betur fer að mestu aflagður, en tödkast þó enn í yfirfærðu formi í stöku fjölmiðli. Einn er sá götustrákur á íslensku

### ÞÝÐINGAR



Gauti Kristmannsson dósent í þýðingarfæði við HÍ

blaði sem er þó svo heiðarlegur að hann gengst eiginlega við grjót-kasti sínu með heitinu á dálki sínum þótt ekki hafi hann nægt hugrekki til að koma fram undir nafni.

Í Staksteinum Morgunblaðsins 17. febrúar varð ég þess heiðurs aðnjótandi að fá einn eða tvo steina í mína átt, þótt reyndar hafi megnið af þeim texta verið eftir Pál Vilhjálmsson bloggara en höfundur Staksteina virðist hafa gert hann að leiðtoga lífs síns, svo oft vitnar hann til þess djúphugula manns sem kunnur er fyrir dómgreind sína, ekki síst þegar hann fjallar um annað fólk. Yfirskriftin er „Þýðingarlaust mál“ sem höfundur finnst þó nægilega þýðingarmikið til að fjalla um það. Þar er vísað til hugmynda Sigrúnar Magnúsdóttur umhverfisráðherra um hvort ekki væri „hægt að nota mildara orðalag við þýðingu Evróputilskipana“ og öllu nokkrum óróa meðal þýðenda og fleiri þar sem gefið var í skyn að lög þau og reglur sem við tökum upp í gegnum EES-samninginn þyrfti að þýða samkvæmt einhverri pólitískri hugmyndafræði.

Birgir Ármannsson alþingismaður tekur undir með Sigrúnu í Morgunblaðinu, en bendir á að „svigrúmið“, sem fyrir hendi er við lögfestingu tilskipana, sé ekki þýðenda heldur þingmanna sjálfra. Það er rétt hjá honum, en gagnrýni Sigrúnar snerist að þýðingunum, þegar hún hefði fremur átt að lasta þingið og ráðuneytin sem eiga að laga þessar tilskipanir að íslenskum veruleika. Grjót-kastaranum var vitanlega fullkunnugt um þetta eins og sést af lokaorðum dálksins, en hann kastaði grjótinu samt því staðreyndir máls skipta hann engu máli þegar hann er á móti einhverju málefni eða mönnum.

→ Einn er sá götustrákur á íslensku blaði sem er þó svo heiðarlegur að hann gengst eiginlega við grjót-kasti sínu með heitinu á dálki sínum þótt ekki hafi hann nægt hugrekki til að koma fram undir nafni

## Dómur Hæstaréttar

Hæstiréttur dæmdi mig í fjögurra ára fangelsi í síðustu viku í svokölluðu Al Thani-máli. Sennilega er andrúmsloftið á Íslandi þannig að það gagnist mér ekkert að barma mér í fjölmiðlum yfir því dómsmorði sem ég tel að þar hafi verið framið. Ég verð samt að trúa því að sagan muni sjá um að þessi dómur fái verðug eftirmæli.

Mér finnst ég eiga erindi við umræðuna með því að vekja athygli á örfáum grundvallaratriðum sem ég á erfitt með að sætta mig við. Að sjálfsgöðu er þetta ekki tæmandi greining heldur frekar hugsað sem punktar til umhugsunar.

### Áfrýjun, eitt eða tvö dómstig?

Héraðsdómur Reykjavíkur sakfelldi mig og fleiri í desember 2013. Sakborningum þótti dómurinn harla undarlegur og áfrýjuðu til Hæstaréttar. Það sem gerðist þar kom mér verulega á óvart. Hæstiréttur fjallaði lítið sem ekkert um héraðsdóminn. Í stað þess að endurskoða hann kemur Hæstiréttur með nýjan dóm með litla sem enga tengingu við hér-

### DÓMSMÁL



Sigurður Einarsson fyrrverandi stjórnarformaður

aðsdóminn sem var áfrýjað. Ég fæ ekki betur séð en að Hæstiréttur geri sér lítið fyrir og afnemi regluna um að í landinu séu tvö dómstig og komi í veg fyrir að ég geti áfrýjað niðurstöðu sem ég er ósáttur við.

### Hvað er ákært fyrir og hvað er dæmt fyrir?

Ég var ákærður sem aðalmaður í umboðssvikum í Al Thani-málinu. Hæstiréttur féllst á að ég hefði ekki haft það umboð sem ákærandinn taldi að ég hefði sviðið gegn. Því var ég sýknaður af umboðssvikum. Þetta hjálpaði mér lítið því Hæstiréttur dæmdi mig í staðinn fyrir annað, þ.e. hlutdeild í umboðssvikum! Ég hafði ekki verið ákærður fyrir hlutdeild í umboðssvikum og varðist því ekki slíku broti frekar en öðru sem ég var ekki ákærður fyrir. Mér er það ljóst að heimilt er að dæma þann sem ákærður er sem aðalmaður fyrir hlutdeild í brotinu enda verði vörnum ekki áfátt. Hvernig það geti átt við í mínu tilviki er mér óskiljanlegt þar sem Hæstiréttur virðist líta svo á að hlutdeild mín í brotinu hafi byggst á athafnaleysi. Ég sé

að Jón Þór Ólason, lektor í lögfræði við HÍ, telur í samtali við Morgunblaðið að hér sé um nýja túlkun á umboðssvikaákvæðinu að ræða.

### Sönnunarbyrði.

Mér hefur alltaf skilist að í sakamálu njóti sakborningar vafans og sekt verði að vera sönnuð til þess að sakfella megri mann. Þetta á ekki við í þessum dómi Hæstaréttar. Sama er hvað ég leita í dómnum, ég finn ekki að vísað sé til neinna sannana um mína sekt. Hæstiréttur kys að líta algerlega fram hjá framburði þeirra vitna sem komu fyrir dóm sem öll báru á sama veg um að aðkoma mín að þessu máli hafi engin verið. Þannig að jafnvel þótt lög kunni að hafa verið brotin í þessu máli, sem ég held að hafi ekki verið, þá var aðkoma mín engin. Þessu skautar Hæstiréttur fram hjá og segir að „... hafið sé yfir allan skynsamlegan vafa að ákærða Sigurði hafi verið kunn...“. Þetta er sagt án þess að vísa í sönnunargögn. Eini vitnisburðurinn sem vísað er til er vitnisburður Hreiðars Más. Hann var aftur á móti ekki spurður út í vitneskju mína um lán vegna kaupa hlutabréfanna

→ Mér finnst ég eiga erindi við umræðuna með því að vekja athygli á örfáum grundvallaratriðum sem ég á erfitt með að sætta mig við. Að sjálfsgöðu er þetta ekki tæmandi greining heldur frekar hugsað sem punktar til umhugsunar.

heldur vitneskju mína um annað lán sem ég var ekki ákærður fyrir. Það má svo velta því fyrir sér hvort það teljist sönnun um sekt ef Hreiðar hefði sagt mig hafa fulla vitneskju um uppbyggingu viðskiptanna þegar ég hef ítrekað haldið því fram að svo hafi ekki verið. Eftir því sem mér skilst þá hafa dómur Hæstaréttar hingað til verið á þann máta að við slíkar aðstæður sé sekt ekki sönnuð.

Mér finnst þetta meinbugir á dómi Hæstaréttar. Ég heyri fáa sem um dóminn fjalla á Íslandi velta þessum þáttum fyrir sér. Mér finnst það alvarlegt mál.

Mér finnst umræðan sem fyrr einkennast af því að þessir menn, sem vissulega voru flestir bankamenn, eigi allt vont skilið.



ÞJÓÐKIRKJAN

## Kirkjuráð auglýsir stöðu framkvæmdastjóra kirkjuráðs

### Um kirkjuráð

Kirkjuráð starfar á grundvelli laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000 (<http://kirkjuthing.is/log-og-reglur/starfsreglur/starfsreglur-um-kirkjurad-nr-8172000/>)

Kirkjuráð er, auk biskups, sem er forseti ráðsins, skipað fjórum einstaklingum; tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum sem kirkjuþing kys.

Ráðið fer með framkvæmdavald í málefnum þjóðkirkjunnar þar á meðal verkefni sem lög og starfsreglur ætla því og erindi sem vísað er til þess m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra að því leyti sem það er ekki falið biskupi Íslands eða öðrum stofnunum kirkjunnar.

### Um starf framkvæmdastjóra

Kirkjuráð ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðun ráðsins og hefur umsjón og eftirlit með störfum og verkefnum á vegum þess samkvæmt fyrirmælum ráðsins.

### Helstu viðfangsefni kirkjuráðs:

- Kirkjuþing.
- Umsýsla fasteigna og fjármála þjóðkirkjunnar.
- Gerð tillagna að starfsreglum þjóðkirkjunnar, álitgerðum og umsögnum.
- Yfirumsjón staða og stofnana.
- Þjónusta við sóknir.
- Samskipti við stofnanir kirkjunnar o.fl.
- Nýsköpun og aflvaki.
- Önnur verkefni skv. lögum og starfsreglum.

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í lögfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfinu.
- Þekking á stjórnsýslulögum og öðrum lögum er varða opinberan rekstur.
- Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af stjórnun og rekstri sem og þekkingu á fjármálum.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á málefnum þjóðkirkjunnar.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Traust framkoma og færni til að koma fram fyrir hönd kirkjuráðs.

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. apríl nk.

Umsóknir og ýtarleg ferilskrá skulu sendar á netfangið [kirkjan@kirkjan.is](mailto:kirkjan@kirkjan.is) eða í umslagi merktu: Kirkjuráð, umsókn um starf, Biskupsstofa, Laugavegi 31, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar gefur Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings.

Þau sem óska nánari upplýsinga geta sent tölvupóst á netfangið [mek@kirkjan.is](mailto:mek@kirkjan.is) með upplýsingum um nafn og símanúmer.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T





Ástkær eiginkona og móðir,  
**MARGRET ERNA HALLGRÍMSSON**  
(GRETA)

lést á gjörgæsludeild Landspítalans föstudaginn 6. febrúar.  
Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 20. febrúar kl. 13.00.



**Friðgeir Bjarni Skarphéðinsson**  
og **Ríkharður Friðgeirsson**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,  
tengdafaðir og afi,

**BOGI J. MELSTED**  
Syðri-Brúnavöllum, Skeiðum,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 15. febrúar. Útförin auglýst síðar.



**Kristín Bjarnadóttir**  
**Magnús Steinarsson**  
**Pórhildur Una Stefánsdóttir**  
**Þorbjörg Erlendsdóttir**  
**Anna Guðbjörg Lárusdóttir**  
**Steinar Ingi, Kristinn Thór, Bogi Örn, Hafsteinn, Gunnar, Davíð og Kristín**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**ARNFRÍÐAR KRISTÍNAR**  
**ARNÓRSDÓTTUR**  
(FRÍÐU)

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hrafnistu í Hafnarfirði, deild 2B.



**Valgerður Guðmundsdóttir**  
**Ólafur G. Guðmundsson**  
**Arnór Kr. Guðmundsson**  
**Guðmundur Guðmundsson**  
**Sigurborg M. Guðmundsdóttir**  
**Ásgeir Sumarliðason**  
**Ingbjörg Halldórsdóttir**  
**Helga Jónsdóttir**  
**Bergrún Bjarnadóttir**  
**Jón Kristinn Jensson**



Elskuleg frænka mín og systir,

**KRISTÍN SVEINSDÓTTIR**  
Háaleitisbraut 41,  
frá Ósabakka, Skeiðum,

lést fimmtudaginn 12. febrúar.  
Útförin fer fram frá Selfoskirkju  
mánudaginn 23. febrúar kl. 13.30.



**Auðbjörg Lilja Lindberg og systkini hinnar látnu.**



Elskuleg móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**JARÞRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**  
Hólabergi 78,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ aðfaranótt 8. febrúar. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 19. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.



**Ragnhildur R. Fosshem**  
**Bjarnfríður Kristín R. Holla**  
**Snæbjörn Reynisson**  
**Guðrún Hrefna Reynisdóttir**  
**Hjörtur Reynisson**  
**Terje Fosshem**  
**Geir Holla**  
**Dórothea H. Jóhannsdóttir**  
**Guðmundur Hermannsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,

**MÁR ELÍSSON**  
hagfræðingur,

sem lést þann 4. febrúar sl., verður jarðsettur frá Bústaðakirkju næstkomandi fimmtudag, 19. febrúar, klukkan 15.00. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Minningarsjóð Sóltúns.



**Guðriður Pétursdóttir**  
**Pétur Mátsson**  
**Elís Mátsson**  
**Marteinn Mátsson**  
**Þóra Mátisdóttir**  
**Gróa Mátisdóttir**  
og barnabörn.  
**Edwina R. Aquino Mátsson**  
**Margrét Ásgeirsdóttir**  
**Magnús Ólason**  
**Ægir Jóhannsson**



Elskuleg móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,

**JÓHANNA KJARTANSDÓTTIR**  
ÖRVAR

lést þriðjudaginn 3. febrúar sl. á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund í Reykjavík. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Hjartans þakkir til starfsfólksins á Grund - V3.



**Hanna Þóra Þorgrímsdóttir**  
**Hrafnhildur Þorgrímsdóttir**  
**Þorgrímur Þór Þorgrímsson**  
**Astríð E. Þorgrímsdóttir**  
**Daníel Þór Þorgrímsson**

Elisabeth Saguar



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓFEIGUR HJALTESTED**  
Haukanesi 20, Garðabæ,

er látinn.



**Edda Tryggvadóttir**  
**Erna Hjaltested**  
**Stefán Hjaltested**  
**Guðrún Hlín Hjaltested**  
**Örn Steinar Marinósson**  
**Sigríður Björk Marinósdóttir**  
og barnabörn.  
**Sígfús Sigmundsson**  
**Teresa Sukiasyan**  
**Nína Rut Eiríksdóttir**  
**Arnór Hans Þrándarson**



Eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,

**INGIMAR KRISTINN ÞORSTEINSSON**  
Hafnarskógi,

andaðist laugardaginn 14. febrúar á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Borgarnesarkirkju laugardaginn 21. febrúar kl. 14.00. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.



**Tanja Grevtsova**  
**Helga Kolbrún Ingimarsdóttir**  
**Þorsteinn Kristinn Ingimarsson**  
**Davíð Páll Ingimarsson**  
**Gunnar Ingi Ingimarsson**  
**Elena Kozlova**  
**Andri Grevtsov**  
**Freyr Ágústsson**  
**Helga Rún Ragnarsdóttir**  
**Sara Kjartansdóttir**  
**Högni Gunnarsson**  
**Galina**  
og afabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**ÁSLAUG JÓNASDÓTTIR**  
Laufskálum 6, Hellu,

lést á hjúkrunarheimilinu Lundi þann 15. febrúar. Jarðarför verður auglýst síðar.



**Óskar Jónsson**  
**Ágústa Jóna Jónsdóttir**  
**Anna Jónsdóttir**  
**Dóra Sjöfn Stefánsdóttir**  
**Hreiðar Hermannsson**  
**Bjarni Diðrik Sigurðsson**  
og fjölskyldur.



**AFMÆLISBARNIÐ** Þó mér finnst sjötíu há tala í þessu samhengi þá er ég hamingjusöm yfir að hafa náð þeim aldri," segir Þórunn Blöndal. FRÉTABLADID/VALLI

## Heldur upp á afmæli að hætti Betu drottningar

Þórunn Blöndal, dósent í íslensku, fagnar sjötugsafmæli sínu í dag með nánustu fjölskyldu en lætur garðveisluna bíða þar til sumarið ríkir á landinu bláa og fólk er orðið útitekið.

„Ég er orðin svo leið á að eiga afmæli á þorranum að ég ætla að vera eins og Elísabet Englandsdrottning, hún á venjulegan afmælisdag og svo annan opinberan. Ég ætla að eiga opinberan afmælisdag í ágúst og þá ætla ég að halda garðveislu. Það eru allir svo gráir og kvefaðir og daprir á þessum tíma að ég ætla að bíða með stórveislu þar til sól og sumar er á landinu, garðurinn í blóma og fólk-ið fallett, brúnt og útitekið og fullt af D-vítamíni!“ Þetta segir Þórunn Blöndal dósent sem er sjötug í dag.

Reyndar kveðst Þórunn hafa haldið veislu á fimmtugsafmælinu sem hafi verið mjög skemmtileg en svona verði fyrirkomulagið í ár. „Ég á finan garð rétt við Hamarinn í Hafnarfirði og

hingað til hefur maðurinn minn haft einkaafnot af honum fyrir afmælisveislur!“ segir hún glæðlega.

Þrátt fyrir árstímann á Þórunn von á góðum degi í dag með fjölskyldunni. „Við hjónin eigum þrjár dætur og þær ætla að elda. Ein þeirra flaug heim frá Lúxemborg í vonda veðrinu á mánudaginn til að vera með okkur. Barnabörnin verða flest hér líka, þau eru fimm á aldrinum átta til 27 ára.“

Þórunn kennir við Háskóla Íslands og kveðst ekki hafa fengið neitt uppsagnarbréf þrátt fyrir hækkandi aldurstölu.

„Ég er í miðjum kúrsi og veit ekkert hvað verður um mig. Ætla bara að bíða og vita hvort einhver man eftir að láta mig fara. Það er líklegt

„Ég á finan garð rétt við Hamarinn í Hafnarfirði og hingað til hefur maðurinn minn haft einkaafnot af honum fyrir afmælisveislur!“

að það verði launadeildin, hún er með kennitöluna og lokar sennilega á mig einhvern daginn. En ég hef engar áhyggjur. Þó mér finnst sjötíu há tala í þessu samhengi þá er ég hamingjusöm yfir að hafa náð þeim aldri, ég er búin að missa svo marga góða vini gegnum tíðina. Auðvitað ber að fagna hverju ári sem manni tekst að þrauka gegnum myrkur og kulda.“

gun@frettabladid.is



OYSTER PERPETUAL  
DATEJUST LADY 31

ROLEX



MICHELSEN  
ÚRSMIDIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is


# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 18. febrúar 2015 | 7. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

STAFRÆN  
PRENTUN!

GuðjónÓ  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



## Húsafell í boði allt árið

Stefnt er að því að gera Húsafell að heils árs ferðamannastað með byggingu hótels á svæðinu. Áhersla verður lögð á nálægð við hálendið með alhliða úti-vistarferðum, til að mynda með jöklaferðum. „Aðalmarkmiðið er að koma ferðafjórðungi héraðs í heilsársrekstur og geta sinnt fjölbreyttum hópi ferðamanna allt árið,“ segir Bergþór Kristleifsson, framkvæmdastjóri Ferðafjórðunnar á Húsafelli.

→ **SÍÐA 2**

## Landsbankinn bjóði betri kjör

Undirbúningur að sölu á hlut í Landsbankanum er á frumstigi. Forstjóri Bankasýslunnar segir bankann hafa skilað ríkissjóði fjórðungi af því sem lagt var í hann við bankahrún. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir ekkert liggja á að selja. Hann vill að bankinn verði leiðandi í því að bjóða Íslendingum betri kjör.

→ **SÍÐA 4**

## Ný tegund námslána

Stofnaður hefur verið námslánasjóður sem háskólanemar geta sótt í. Sjóðurinn ber heitið Framtíðin. Stjórnarformaður sjóðsins, Hlíf Sturludóttir, segir að sjóðurinn geti verið góð leið til fjármögnunar fyrir fólk sem annars á í erfiðleikum með að komast í nám. Til dæmis þegar tekjuviðmið LÍN eða hámarks á skólagjaldalánum skerða möguleika þeirra. „Við vitum að fjárfesting í menntun er til hagsbóta fyrir samfélagið allt. Það er afar jákvætt ef fleiri komast í nám,“ segir Hlíf.

→ **SÍÐA 8**

STJÓRNAR-  
MAÐURINN  
@stjornarmadur

Síðast en ekki síst hlýtur að mega spyrja hvers vegna ekki var gerð raunveruleg tilraun til að hafa hendur í hári sjeiksins.

→ **SÍÐA 12**

## Þennan svip þekkjum við vel

Þetta er andartakið þegar viðskiptavinir okkar sjá raunverulegan árangur



INKASSO

– setur nýjan svip á innheimtu

## INKASSO INNHEIMTA

Innheimtukerfi Inkasso er afskaplega skilvirkt og veitir stjórnendum og bókhaldsfólki fyrirtækisins frábæra yfirsýn yfir stöðu krafna. Hjá Inkasso greiða kröfuhafar engan kostnað af innheimtuþjónustu.

Inkasso leggur áherslu á eðlileg og jákvæð samskipti kröfuhafa og greiðenda. Þannig náum við öll betri árangri.

Kynntu þér málið á [Inkasso.is](http://Inkasso.is) eða í síma 520 4040.

[www.inkasso.is](http://www.inkasso.is)



# Gleymist raunhagkerfið enn?

Skjóðan

**ÁRIÐ 2008** varð alvarleg fjármála-kreppa í heiminum. Bankar á Vestur-löndum riðuðu til falls og hér á Íslandi féllu allir stóru bankarnir. Íslendingar hafa síðan barið sér á brjóst fyrir að hafa látið bankana falla í stað þess að setja fjármuni skattgreiðenda í að bjarga þeim eins og gert var víða annars staðar.

**HÉR Á ÍSLANDI** féllu bankarnir en nýir voru stofnaðir á rústum hinna gömlu. Eignir hafa fallið gríðarlega í verði hér eins og annars staðar.

Við stóðum frammi fyrir vanda sem aðrar þjóðir hafa ekki þurft að kljást við. Skuldir íslenskra fyrirtækja og heimila stökk-breyttust á nánast einni nóttu vegna þess að þorri skulda var annaðhvort bundinn við gengiskörfu eða vísitölu

neysluverðs. Í öðrum löndum hækkaði ekki höfuðstóll skulda. Segja má að við Íslendingar höfum orðið fyrir tvöföldu áfalli; eignir féllu í verði og skuldir hækkuðu. Í upphafi stóð til að afsláttur sem gefinn var á lánnum fyrirtækja og heimila, sem flutt voru úr föllnu bönkunum í þá nýju, yrði nýttur til að lækka stökk-breytta skuldabyrði fyrirtækja og einstaklinga en sú ríkisstjórn sem tók við í febrúar 2009 hvarf frá þeirri stefnu.

**Í EVRÓPU** heyrast raddir sem telja stjórnvöld á evrusvæðinu og víðar hafa gert mistök í kjölfar banka-hrunsins. Áherslan hafi verið að bjarga fjármálastofnunum en minni gaumur gefinn að raunhagkerfinu, þar sem fyrirtækin starfa, sem skapa störf og verðmæti. Í

jafnvægisstilltu hagkerfi gegna fjármálastofnanir stuðningshlutverki fyrir raunhagkerfið.

**EFTIR HRUN** hefur áherslan verið á að verja, styrkja og efla fjármálastofnanir. Ísland hefur þar í engu skorið sig frá öðrum löndum. Víðast hvar reyna stjórnvöld að stuðla að hagvexti með auknum ríkisútgjöldum og seðlaprentun. Þetta hefur að takmörkuðu leyti skilað sér í fjárfestingum en meira í verðhækkun á verðbréfa- og fasteignamörkuðum. Hér á landi er leið seðlaprentunar og ríkisútgjalda út úr kreppunni hins vegar ófær. Verðtryggingin ónýttir seðlaprentunarvaldið og ríkissjóður er of skuldsettur til að bætandi sé á. Samt hækka hlutabréf og fasteignir hér á landi líkt og annars staðar. Því valda gjaldeyrishöftin.

**LÍTIL SEM ENGIN** fjárfesting rennur til raunhagkerfisins, sem skapar störf og verðmæti. Eftirhrunið á Íslandi snýst um verðbréfa- og fasteignabrask sem aldrei fyrr. Ofuráhersla stjórnvalda á að bæta skilyrði fyrir fjármálastofnanir á kostnað annarra atvinnugreina leiðir til stöðunar og versnandi líf skjara hér á landi.

**AFNÁM GJALDEYRISHAFTA** nægir ekki til að snúa við blaðinu. Raunverulegur viðsnúningur í átt til aukinnar verðmætasköpunar og bættra líf skjara kallar á að fjármálastofnanir verði settar skör lægra en raunhagkerfið.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**9**  
**Á UPPLÉIÐ**  
Félög sem hækkuðu í verði

**5**  
**Á NIÐURLEIÐ**  
Félög sem lækkuðu í verði

**4**  
**STÓÐU Í STAÐ**  
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**  
**NÝHERJI**  
39,8% frá áramótum  
**NÝHERJI**  
11,2% í síðustu viku  
**MESTA LÆKKUN**  
**BANK NORDIC (DKK)**  
-3,8% frá áramótum  
**HB GRANDI**  
-1,0% í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	100,0	-3,8%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	238,50	0,6%	-0,2%
Fjarskipti (Vodafone)	38,30	9,4%	1,1%
Hagar	42,70	5,6%	1,2%
HB Grandi	37,75	11,7%	-1,0%
Icelandair Group	21,15	-1,2%	-0,2%
Marel	152,50	10,5%	-0,7%
N1	24,10	3,9%	1,0%
Nýherji	7,24	39,8%	11,2%
Reginn	14,30	5,5%	0,7%
Sjóvá	12,40	3,8%	5,0%
Tryggingamiðstöðin	27,65	5,1%	2,2%
Vátryggingafélag Íslands	9,37	3,5%	1,6%
Össur	406,00	12,5%	0,0%
<b>Úrvalsvisítalan OMX18</b>	1.374,68	4,9%	0,4%
<b>First North Iceland</b>			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	25,00	10,6%	-0,2%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	0,0%	0,0%



**HÓTEL HÚSAFELL.** Stefnt er að því að opna hótelið um miðjan júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Vilja fá ferðamenn allt árið í Húsafell

*Stefnt er að því að gera Húsafell að heils árs ferðamannastað með byggingu hótels á svæðinu. Áhersla verður lögð á nálægð við hálandið með alhliða útvistarferðum, til að mynda með jöklaferðum.*

„Aðalmarkmiðið er að koma ferðabjónustunni hérna í heilsársrekstur og geta sinnt fjölbreyttum hópi ferðamanna allt árið,“ segir Bergþór Kristleifsson, framkvæmdastjóri Ferðabjónustunnar á Húsafelli, um Hótel Húsafell sem er í byggingu.

„Það hefur ekki verið ferðamannastraumur til Húsafells yfir vetrartímann en við viljum breyta því. Við stefnum að góðri heilsársnýtingu,“ segir Bergþór en nú heimsækja um 80 þúsund manns Húsafell á ári hverju, nánast

alfarið yfir sumartímann. Hótelið verður opnað þann 15. júlí næstkomandi. Þegar er byrjað að bóka herbergi á hótelið sem Bergþór segir að gangi ágætlega.

Hótelið á að vera alhliða útvistarhótel að sögn Bergþórs. „Við erum við hlið hálandisins og ætlum að nýta okkur það. Hér verður margs konar afþreying, hellaferðir, jöklaferðir, gönguferðir og svo eru sund og böð hérna,“ segir Bergþór. Þá er einnig golfvöllur við hótelið. „Við verðum í samstarfi við Icecave sem mun bjóða upp á jöklaferðir inn í Langjökul,“ segir Bergþór.

„Á neðri hæðinni verður þurrkerbergi fyrir útfatnað og aðstaða fyrir göngu- og útvistarfólk,“

bætir hann við. Bergþór telur að Vesturland hafi ekki verið almennilega á kortinu sem ferðamanna- staður fyrr en nú. „Það er hótél í Reykholti og í Borgarnesi þannig að við teljum gott pláss fyrir okkur á þeim markaði,“ segir Bergþór.

Hótelið verður á tveimur hæðum með 36 herbergjum, veitingastað og veislusölum. Þá er gert ráð fyrir 12 herbergja stækkun á hótelinu gangi reksturinn eftir væntingum. „Hótelið á að hafa alla burði til þess að verða fjögurra stjörnu hótél,“ segir Bergþór.

Stefnt er að því að kostnaður við byggingu hótelsins verði um hálfur milljarður en það er Ferðabjónustan á Húsafelli sem stendur fyrir byggingunni. ingvar@frettabladid.is

## Dagatal viðskiptalífsins keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 18. FEBRÚAR**  
Þjóðskrá – Upplýsingar um leiguverð íbúðahúsnæðis Tryggingamiðstöðin – Uppgjör fjórða ársfjórðungs Fjarskipti – ársuppgjör

**FIMMTUDAGUR 19. FEBRÚAR**  
Tryggingamiðstöðin – Opinn kynningarfundur með markaðsaðilum Fjarskipti – Opinn kynningarfundur á uppgjöri

**ÞRIÐJUDAGUR 24. FEBRÚAR**  
Þjóðskrá – Viðskipti með atvinnuhúsnæði

**MIÐVIKUDAGUR 25. FEBRÚAR**  
Hagstofan – Vinnurmarkaður í janúar Reginn – Ársuppgjör 2014 N1 – Ársreikningur 2014

**FIMMTUDAGUR 26. FEBRÚAR**  
Hagstofa Íslands – Verðbólguáhrif

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Clean ahead

## Hako gólfþvottavélar og sópvélar

Scrubmaster B30 CL gólfþvottavél

Scrubmaster B115 R gólfþvottavél

Sweepmaster M600 sópur

Sweepmaster B800 R sópvél

**Rekstrarvörur**  
- fyrir þig og þinn vinnustað  
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is



**BMW Efficient Dynamics**  
Less emissions. More driving pleasure.

BMW X5



www.bmw.is

Sheer  
Driving Pleasure



# AKTU ALVÖRU JEPPA Á HVAÐA VEGI SEM ER.

**NÝR BMW X5 25d DÍSIL xDRIVE.**

Þriðja kynslóðin af BMW X5 og sú glæsilegasta hingað til er með sparneytnari vélar en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Nýr X5 25d xDrive er léttari, með lægri loftmótstöðu og með 218 hestafla díslivél og 8 gíra sjálfskiptingu og notar hann einungis 5,8 l/100 km. í blönduðum akstri.

**Aktu framförum - kynntu þér nýjan BMW X5.**

**BMW X5 25d xDrive. Verð frá 10.990.000 kr.:** Steptronic 8 þrepa sjálfskipting – 18" álfelgur lykillaus gangsetning – rafdrifinn afturhleri – rafdrifin framsæti með minni fyrir ökumann – nálgunarvarar bakkmyndavél – handfrjáls Bluetooth símabúnaður – 6,5" litaskjár

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





Tólf mánuðir liðnir frá því að Íslandsbanki tók Frumherja yfir. Fyrirtækið var áður í eigu Finns Ingólfssonar:

## Enn að undirbúa sölu Frumherja

Íslandsbanki hefur enn ekki selt hlut sinn í Frumherja. Bankinn tók 80 prósent hlut yfir í fyrirtækinu í janúar 2014 eftir fjárhagslega endurskipulagningu þess. Fyrirtækið var áður í eigu Finns Ingólfssonar.

„Við erum enn í undirbúningssfasa fyrir söluferlið,“ segir

Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafultrúi Íslandsbanka, í svari við fyrirspurn Markaðarins.

Samkvæmt 22. grein laga um fjármálafyrirtæki er bankanum skylt að selja fyrirtækið aftur jafn skjótt og auðið er. Í umfjöllun Viðskiptablaðsins í mars á síð-

asta ári kom fram að söluferlið myndi hefjast á næstu tólf mánuðum.

Ein meginstarfsemi Frumherja er á sviði bílaskoðunar og er fyrirtækið eitt þriggja sem veita slíka þjónustu. Hin tvö fyrirtækin eru Tékkland og Aðalskoðun.

- jhh



Í SKOÐUN  
Þrjú fyrirtæki veita þjónustu á sviði bílaskoðunar í dag.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
VILHELM

# Fjórðungur af framlaginu til Landsbanka skilað sér til baka

Undirbúningur á sölu á hluta af eign ríkisins í Landsbankanum er á frumstigi. Bankinn hefur nú þegar skilað eiganda sínum 30 milljörðum í arð. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis segir ekkert liggja á.

Undirbúningur að sölu á hluta í Landsbanka Íslands er á frumstigi, segir í svari fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn Markaðarins. Í fjárlagafrumvarpi ársins er heimild til sölu á um 15 prósent hlut ríkisins í bankanum, en íslenska ríkið á samtals 98 prósent hlut.

Viðskiptaráð Íslands birti í síðustu viku skýrslu um starfsemi hins opinbera. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að hægt yrði að minnka skuldir hins opinbera um 800 milljarða, eða um helming, með sölu ríkisigna.

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum og gerir tillögur til ráðherra um hvort og hvenær tiltekni eignarhlutir verði boðnir til sölu.

„Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er stefnt að sölu, við höfum ekki sent frá okkur neina tillögu þess efnis en ráðherra hefur lagt línurnar,“ segir Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar. „Við erum í mikilli vinnu núna við að fara yfir söluferli, verðmat, mögulega kaupendur og erum í forvinnu,“ bætir hann við.

Í ársskýrslu er farið yfir hvernig hægt er að endurheimta þá fjármuni sem ríkið hefur sett í bankana. „Það sem við höfum gert hingað til er að við höfum ákveðið að sitja á eignarhlutum og höfum talið best að endurheimta fjármuni með því að láta bankann greiða arð. Við sáum það að bankarnir myndu hagnast vel á afskriftum, sölu eigna og svo framvegis,“ segir Jón Gunnar.

Hann bendir á að búið sé að endurheimta um 25 prósent af

þeim peningum sem voru settir í bankann án þess að selja krónu. „Það var ákvörðun sem við tókum, að bíða með að selja í stað þess að selja hluti í honum á meðan verðmat á bönkum var í lægra lagi og innlendir hlutabréfamarkaður ekki að fullu endurreistur,“ segir Jón Gunnar. Landsbankinn greiddi eignum sínum um 20 milljarða í arð í fyrra og 10 milljarða þar áður. „Og við höfum fengið 97,9 prósent af því,“ segir Jón Gunnar. Ríkið lagði aftur á móti 122 milljarða króna í endurreisn bankans eftir hrun hans 2008.

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir bankann vissulega hafa skilað ríkissjóði góðum arði, en óvíst sé hversu lengi hann muni gera það. Hann telur ekki víst að það sé tímabært að selja hlut í bankanum á þessu ári.

Það er í sjálfu sér allt í lagi að skoða þetta en mér finnst ekki liggja á þessu. „Það liggur ekki lífið á að selja Landsbankann, hann skilar góðum arði,“ segir Frosti. Frosti bendir á að það sé miklu meira forgangsverkefni að vinna að losun fjármagnshaftanna og hugsanlega sé betra að bíða með sölu á hlut í bankanum þar til það verkefni er frá. „Kannski er það sem við ættum að gera að setja bankanum þá eiginastefnu að vera leiðandi í því að bjóða íbúum þessa lands betri kjör,“ segir Frosti. Það væru rök fyrir því að eiga bankann áfram. Sé einn banki leiðandi í því þá muni hinir tveir bankarnir fylgja. Með þessu mætti bæta lífskjör fólksins í landinu.

ingvar@frettabladid.is,  
jonhakon@frettabladid.is,



VIÐSKIPTAÞING Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, setti Viðskiptaþing sem fram fór í síðustu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### SELJANLEIKI SPARISJÓÐA VERÐI TRYGGÐUR

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur beint því til Bankasýslu ríkisins að stofnunin leggi fram tillögur um hvernig megi tryggja seljanleika á því stofnfé sem ríkið á í sparísjóðum og í framhaldi hvernig selja megi hlut ríkisins í sparísjóðunum. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðuneytisins

við fyrirspurn Markaðarins en í fjárlögum ársins 2015 er heimild til þess að selja hlut ríkisins í sparísjóðum. Bankasýslunni er einnig falið að leggja fram tillögur um hvernig styrkja megi starfsemi sparísjóðakerfisins með frekari samruna sparísjóða og breytingum á starfs-

skipulagi þeirra. Bjarni kynnti stöðu sparísjóðanna og framtíðarmöguleika sparísjóðakerfisins fyrir ríkisstjórninni í gær. Íslenska ríkið á 79,2 prósent hlut í Sparísjóði Norðurlands, 49,5 prósent hlut í Sparísjóði Norðfjarðar og 55,3 prósent hlut í Sparísjóði Vestmannaeyja.

## OPTICAL STUDIO – LEIFSSTÖÐ

Allt að **50% ódýrari** en sambærileg vara á meginlandi Evrópu.\*

### KAUPAUKI

Með öllum margskiptum glerjum\*\* fylgir annað par FRÍTT með í sama styrkleika. Tilvalið sem sógleraugu eða varagleraugu.

\* Örgreen umgjörð m/ Hoya Progressive glerjum, 1.6 Index.  
\*\* Margskipt gler á við Varilux, Multifocal, Progressive og tvískipt gler.

ÁBYRGÐAR- OG ÞJÓNUSTUADILAR:

**Optical Studio Smáralind** og **Optical Studio Keflavík**





# TÖKUM GAMLA PRENTARA UPP Í NÝJA EPSON PRO FYRIR 20.000 KRÓNUR!

ALLT AÐ 50% LÆGRI PRENTKOSTNAÐUR



**69.990**  
~~VERÐ 89.990~~

**29.990**  
~~VERÐ 49.990~~

**49.990**  
~~VERÐ 69.990~~

**EPSON**

WorkForce Pro



SKOÐA BÆKLING

## LOSADU FYRIRTÆKIÐ VIÐ ÓHAGKVÆMA PRENTARA

Það er ekki verðið á prentaranum sem skiptir mestu máli, heldur kostnaðurinn við að reka hann. Ódýrustu prentararnir eru yfirleitt dýrastir þegar upp er staðið. Komdu með gamla og óhagkvæma prentara til okkar og leyfðu okkur að farga þeim við hátfólega athöfn. Í staðinn færðu glænýjan Epson Workforce Pro með 20.000 króna afslætti, nýjustu tækni og getur lækkað prentkostnað um allt að 50% í samanburði við vinsæla laserprentara. Sparnaður sem getur numið hundruðum þúsunda hjá fyrirtækjum sem prenta mikið.

Nánari upplýsingar í s. 414-1710 og sala@tl.is

tl.is

**TÖLVU  
LISTINN**

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA





ÓVENJULEG LEIÐ Brandenburg fór óvenjulega leið í markaðsherferð þegar drykkurinn Hámark var kynntur. Kjaftasögum var dreift um það að vík hefði orðið á milli vinanna Arnars Grant og Ívars Guðmundssonar. Málín voru svo útskýrð í auglýsingu sem birt var í fjölmiðlum nokkru seinna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Auglýsingar birtar fyrir 10 milljarða

Eigendur auglýsingastofa segja að fáar atvinnugreinar séu eins háðar væntingum og hagsveiflum og þeirra. Markaðurinn er að breytast mikið. Tölur Birtingahússins benda til að sjónvarpið haldi sínum hlut í birtingum.

## ÚTTEKT

Jón Hákon Halldórsson  
jonhakon@frettabladid.is



Það er mikil bjartsýni og vonandi heldur hún áfram. Væntingavísitalan er að fara upp aftur.

Það eru fáar atvinnugreinar sem eru jafn næmar fyrir væntingum neytenda og sveiflum í hagkerfinu og auglýsingamarkaðurinn. Um þetta eru viðmælendur Markaðarins sammála. Samkvæmt tölum Hagstofunnar dróst landsframleiðslan á þriðja fjórðungi síðasta árs saman um 0,2% frá sama tíma árið áður. Hagstofan segir að sé litið til fyrstu þriggja fjórðunga ársins hafi árshagvöxtur mælst einungis 0,5% en á sama tíma jukust þjóðarútgjöld um 3% og neysla og fjárfesting um 3,9%.

Umsvifamestu auglýsingastofurnar á markaðnum eru Íslenska auglýsingastofan, PIPARVBWA, Hvíta húsið, EnnEmm, Jónsson & Lemacks og einnig Brandenburg. Engin þeirra hefur nú þegar birt ársreikninga fyrir síðasta ár og eru þær ekki allir sammála um hvernig gangurinn var á árinu.

PIPARVBWA og Fítón sameinuðust í eina stofu undir merkjum þess fyrrnefnda síðasta sumar. Áður hafði Fítón sameinast Skapalóni undir nafninu Janúar en sú eigendasamvinna gekk ekki upp. „Við vorum rúmlega 40 á Pipar fyrir sameiningu og eins á Fítón, um 40. Við erum núna um 70,“ segir Valgeir Magnússon, framkvæmdastjóri Pipars. „Svona sameining kostar alltaf þannig að síðasta ár er ekki hagnaðarar hjá okkur, enda ekki gert ráð fyrir því. Það fer mikil orka í þetta,“ segir Valgeir. Hann segir að reksturinn sé að komast á skrið og áætlanir að ganga upp og síðustu mánuðir mjög góðir.

Valgeir er sammála því að væntingar og efnahagsaðstæður skipti máli fyrir auglýsingamarkaðinn. En hann kannast ekki við að það hafi verið ládeyða á liðnu ári. „Nei, en þetta var svona eins

og markaðurinn árið áður. Það fór vel af stað en svo fer hann að hökta. Maður tekur eftir því að þjóðfélagið er enn þá viðkvæmt fyrir smá breytingum í pólitíkinni. Þá verður svona biðstaða reglulega og maður fann talsverða biðstöðu þegar var verið að biða eftir því að leiðréttingin á lánunum tikkadi inn. Það er alltaf verið að biða eftir einhverju hinum megin við hólinn,“ segir Valgeir. Árið í heild hafi verið nokkuð gott og árið 2015 fari vel af stað. „Það er mikil bjartsýni og vonandi heldur hún áfram. Væntingavísitalan er að fara upp aftur,“ segir hann. Hann segir þó mikið velta á því hvernig kjarasamningar þróist. „Ef þeir ganga vel list mér vel á árið,“ segir Valgeir.


## Vantaði neista

Hallur Á. Baldursson, starfandi stjórnarformaður auglýsingastofunnar EnnEmm, segir að það hafi vantað neista á markaðinn á síðasta ári. „Það er kannski í samræmi við það hökt í hagtolunum sem kom fram síðast á árinu,“ segir Hallur. Hann segist telja að veltan á auglýsingamarkaðnum í fyrra hafi dregist eitthvað saman. „Já, ég myndi nú telja að það hafi verið minnkun á heildarmarkaðnum. Mér finnst það ekki ólíklegt,“ segir hann. Í sama streng tekur Kristinn R. Árnason, annar framkvæmdastjóri Hvíta hússins. Hann telur að það hafi orðið lítilsháttar samdráttur á auglýsingamarkaði árið 2014 miðað við 2013. En árið í ár byrji vel. „Það byrjar ágætlega og er búið að vera gott það sem af er. Mjög fínn janúar og ýmislegt í kortunum. Þannig að við erum þokkalega bjartsýn á árið,“ segir hann.

## Glíma við breytt landslag

Brandenburg er ein af yngstu stofnunum. Hún var stofnuð fyrir rétt rúmlega þremur árum. „Það hefur verið ágætis vöxtur. Við byrjuðum fjórir og erum

## SKIPTING AUGLÝSINGATEKNA MILLI MIÐLA



núna 21 þannig að það hefur verið ágætis gangur í þessu. Kannski betri en við létum okkur dreyma um,“ segir Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri. Hann segir að síðasta ár hafi verið mjög gott. En hann kannist við að það hafi verið miklar tilfæringar á markaðnum. Stórir kúnnar hafi fært sig til og markaðurinn og aðferðafræðin séu vissulega að breytast. „Það er kannski ekki verið að gera eins mikið af stórum og dýrum sjónvarpsauglýsingum. Herferð í dag getur alveg eins farið fram á Snapchat. Við vorum með hálfgerða mínherferð í gangi hjá Nova núna. Það er herferð sem 30 þúsund manns eru að taka þátt í. En það er ekki það sama og að gera 10-15 milljóna króna sjónvarpsauglýsingu. Þannig að ég held að við séum að glíma við þetta breytta landslag,“ segir Ragnar. Hann segir að það hafi verið mikill kraftur í janúar og febrúar og árið líti vel út. Hann stilli samt væntingum í hóf.

Ragnar segir að lagt hafi verið upp með það frá byrjun að vera sterkir í hugmyndum og aðferðafræði vegna þess að

bæði miðlarnir og allt umhverfið væri að breytast mjög mikið. „Við höfum litið á það þannig að okkar styrkur væri í hugmyndum og útfærslu og strategíu og þar verðum við að vera bestir til þess að hafa eitthvað fram að færa. Svo aftur á móti eru miðlarnir sífellt að breytast og maður verður að vinna með þá miðla sem henta hverju sinni, hvort sem það er netið, eða samfélagsmiðlar, eða þessir hefðbundnu miðlar,“ segir Ragnar. Á sama tíma verði það sífellt erfiðara að ná athygli fólks frá degi til dags. „Af því að fólk hefur úr svo mörgu að velja,“ segir Ragnar og bendir á að fólk velji afþreyingu af netinu, úr sjónvarpinu, dagblöðum og fleiru.

„Maður þarf að nýta öll tæki sem standa til boða. Ef við tökum til dæmis dæmi um herferðir sem við höfum verið að vinna undanfarið sem lýsa þessu, þá vorum við með verkefni fyrir Bleiku slaufuna. Við vorum með uppboð á netinu,“ segir Ragnar. Þeir hafi fengið Sigmund Davíð Gunnlaugsson og Bjarna Benediktsson til að klæða sig upp í Star Trek-búninga. Þarna hafi verið farin



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## FLOGIÐ VÍÐA

Framboð á flugi frá Íslandi eykst hratt milli ára og flogið er til fleiri áfangastaða um vetrarmánuðina en áður. Í janúar var flogið beint frá Keflavík til 33 borga en í fyrra var flogið til 24 borga. Turisti.is greinir frá.



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari>



**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



# GRÍSAHAMLOKA OG KJÚKLINGAVÆNGIR

**TEXASBORGARAR KYNNA** Nýjustu réttirnir á Texasborgurum við Grandagarð eru ættaðir frá Texas, eins og flest þar á bæ.

Flestir eru farnir að þekkja Magnús Inga Magnússon, veitingamann og sjónvarpskokk, eða Magga á Texasborgurum, eins og hann er oft kallaður. Hann er þekktur fyrir að vera sífellt að brydda upp á nýjungum og er óhræddur við það. Reglulega dúkka upp nýir réttir á Texasborgurum og nú er það grísa-samloka og kjúklingavængir sem bætast við flóruna.

„Ég verð alltaf að vera að prófa eitt-hvað nýtt,“ segir Magnús Ingi. „Sumt slær í gegn og annað floppar, en þú veist það ekki nema að prófa.“ Samlokann er með ekta reykt grísa-samloka, eins og Magnús Ingi vill frekar kalla hana, þar sem skinkan er verkuð upp á amerískan máta. Með skinkunni er ostur, ferskt grænmeti og Texas-bbq-sósa. Franskar fylgja með og verðið er aðeins 990 kr. „Svo erum við farin að bjóða upp á sjúklega góða kjúklingavængi, eins og maður fær þá í Texas. Við erum með alls konar tilbóð á þeim og verðið er bara djók.“

Hamborgaraúrvalið er mikið á



Texasborgurum og allar pitsur eru á sama verði óháð fjölda áleggstegunda, 990 kr. Matseðilinn og allt annað um Texasborgara er að finna á texasborgarar.is og alltaf er líflegt á Facebook-síðunni.

# 2 FYRIR 1

af reykt grísa-hamloka með osti, grænmeti, Texas-bbq-sósu og frönskum. Aðeins 990 kr. fyrir tvo. Klipptu miðann út og taktu hann með þér. Gildir til 15. mars 2015. Texasborgarar.is s: 517-3130



## NÝJUSTU RÉTTIRNIR OG TILBOÐIN Á TEXASBORGURUM

Reykt grísa-hamloka með osti, grænmeti, Texas-bbq-sósu og frönskum - 990 kr.

Texas-kjúklingavængir og dipsósa - 8 stk. 990 kr. - 12 stk. 1.290 kr.

Texas-kjúklingavængir, dipsósa og bolabjór - 690 kr.

Texas-kjúklingavængir, dipsósa og Pepsi - 690 kr.

Texas-kjúklingavængir, dipsósa og 5 bolabjórar í fötu - 2.900 kr.



**Hreinsandi**  
fyrir alla muni

Húsgagnahreinsun fyrir alla muni

Eldshöfða 1 S: 577-5000

Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

**benecos**  
náttúruleg fegurð

## FRÁBÆR KONUDAGSGJÖF

**NÁTTURÚLEGAR  
SNYRTIVÖRUR**

**INNIHELDUR:  
BODY CREAM  
SHOWER GEL  
HAND CREAM**

Fæst í apótekum og heilsubúðum

## Vertu laus við LIÐVERKINA

„Sem múrari er ég mikið á hnjúnum og starfið reynir gríðarlega á liðina. Til allrar hamingju ákvað ég að prófa

**NUTRILENK Gold** og það má segja að það sé **kraftaverki** líkast hversu góður ég er orðinn“



Davíð Löve,  
múrari og keiluspilari



Eitt mest selda bætiefnið fyrir liðina á Íslandi!



Útsöluastaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

www.gengurvel.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

Heilsuréttir fjölskyldunnar



**Indverskar grænmetisbollur**  
með döðlumauki og jóгурtsósu

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



FRÉTTABLAÐIÐ

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.


Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Vissir þú að...  
Það er bannað að krainsmuna börnum eftir líkar hötti



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi



**FRÁBÆRT ÚTSÝNI** Bjargið Beinisvörð er 470 metra hátt og er á Suðurey, syðstu eyju Færeyja.

MYND/ABSALON HANSEN

# VINALEGIR GRANNAR

**GESTRISNIR** Færeyjar eru þekktar fyrir menningu sína, sögu og náttúru. Heimamenn eru auk þess góðir heim að sækja og halda vel í gamlar hefðir.

Þótt einungis sé klukkutíma flug til Færeyja eru allt of margir Íslendingar sem hafa ekki heim-sótt þessa fámennu og vingjarnlegu nágrannaþjóð okkar. Færeyjar samantanda af 18 eyjum og liggja nokkurn veginn mitt á milli Íslands og Noregs. Íbúar eyjanna eru um 49.000, þar af búa um 20.000 manns í höfuðborginni Þórshöfn og nágrenni hennar. Klakksvík er næststærsti bær Færeyja með rúmlega 4.600 íbúa og er á Borðey, norðarlega á Færeyjum. Að margra mati er menning og saga eyjanna helsta aðdráttarafli þeirra auk þess sem náttúrufegurð þeirra er mikil og minnr að mörgu leyti á land okkar.

Davíð Samúelsson þekkir vel til eyjanna enda hálfur Færeyingur auk þess sem hann dvaldi þar mikið sem barn og unglingur. Upp úr síðustu aldamótum rak hann ferðaskrifstofu sem sérhæfði sig í ferðum til Færeyja auk þess sem hann tók á móti hópum Færeyinga sem heimsóttu Ísland. Hann segir Íslendinga mjög áhugasama um Færeyjar og sá áhugi sé að aukast jafnt og þétt. „Bankahrúnið dró tímabundið úr aðsókninni en ferðalög Íslendinga hafa aukist þangað undanfarin misseri. Það er alls konar fólk sem heimsækir Færeyjar; jafnt hópar sem einstaklingar. Kórar, saumaklúbbar og vinnustaðir heimsækja Færeyjar og svo einstaklingar og vinahópar.“

Að mati Davíðs er menningin helsta aðdráttarafli Færeyja. „Þórshöfn er til dæmis mjög skemmtilegur bær. Skemmtanalífið þar er mjög fjölbreytt og skemmtilegt og virkilega gaman að leiða íslenska ferðamenn milli staða þar sem má meðal annars hlýða á færeyska tónlist eða horfa á færeyskan dans. Fyrir marga er færeyskur matur mikil upplifun og þar má nefna skerpukjöt, grindhval og þurr-fisk sem minnr á íslenska harðfiskinn.“ Náttúra landsins er einnig mjög falleg og er sífellt vinsælla að ferðast til Færeyja og taka þátt í skipulögðum göngu- og hjólreiðaferðum.



SKERPUBRAUÐ

### MARGT Í BOÐI

Fyrir þann sem er að ferðast til Færeyja í fyrsta skiptið mælir Davíð með nokkrum stöðum. „Fyrst ber að telja Kirkjubæ sem er lítið þorp á vestanverðri Straumsey. Þorpið er helsti sögustaður eyjarinnar og þar er talið að biskupssetur hafi verið stofnað um 1100. Þar má finna elstu kirkju Færeyja,



**FIGURÐ** Útsýnið sem fæst úr þyrluferð yfir Færeyjar er oft stórkostlegt.

MYND/SERGIO VILLALBA



Ólafskirkjuna, sem er frá 12. öld og rústirnar af Magnúsarkirkjunni sem byrjað var að reisa um 1300. Veggirnir standa enn og eru rústirnar á heimsminjaskrá UNESCO.“

Davíð segir einnig mikla upplifun að fara í siglingu út í Nolsey og ferðast um Austurey. „Svo má ekki gleyma eyjunni

Mykines sem er rétt hjá flugvellinum. Þangað er tilvalið að fara í minni hópum en bæði er hægt að sigla þangað eða fljúga með þyrlu.“

Ferðaþjónusta er nokkuð þróuð í Færeyjum að sögn Davíðs þótt Færeyingar séu aðeins skemur á veg komnir en Íslendingar. „Færeyingar eru trúir upprunam og sögunni og halda vel í gamlar hefðir. Sjálfir eru þeir frekar rólegir, varkárir og þrjóskir en með gott langlundargeð. Þeir geta verið þungir en skipta þó sjaldan skapi. Þeir eru sannarlega gestrisnir og góðir heim að sækja.“

### TÓNLISTARHÁTIÐ

G! Festival er tónlistarhátíð sem haldin hefur verið síðan 2002 og nýtur stöðugt meiri vinsælda.

MYND/ÓLAVUR



**DAVÍÐ SAMÚELSSON**



# FJÁRMÁL

## HEIMILANNA



## Safnaði tuttugu milljónum í stað þess að reykja og drekka

Sautján ára gamall ákvað Ísfirðingurinn Steinþór Bragason að leggja inn á reikning þann pening sem vinir hans eyddu í sigarettur og áfengi. Þetta gerði hann í tuttugu ár og keypti fyrir peninginn sem safnaðist nokkra bíla og greiddi inn á hús.

Steinþór segist alltaf hafa verið fremur ráðdeildarsamur. „Ætli þetta hafi ekki komið með móðurmjólkinni en mamma er frekar skipulögð,“ segir Steinþór, sem er einn eigandi Vélsmiðju Ísafjarðar og verslunarinnar Smiðjunnar á Ísafirði.

Steinþór byrjaði að leggja fyrir af alvöru sautján ára gamall. „Vinir mínir reyktu sumir og fóru flestir með eina til tvær flöskur á helgi. Ég ákvað að prófa að leggja fyrir þá upphæð sem þeir eyddu í djammíð,“ lýsir Steinþór sem sjálfur hefur aldrei reykt né drukkið. „Ég hafði engan áhuga á því enda að æfa sund og það passaði ekki inn í.“

### Milljóna króna leiktækjasjóður

Honum telst til að með þessum hætti hafi hann sparað í kringum 980 þúsund krónur á ári. Í heildina tókst honum að safna 19,8 milljónum króna á tuttugu ára tímabili. „Þetta var nokkurs konar leiktækjasjóður en fyrir peningana keypti ég mér tvo bíla, fjórhjól, einn sportbíl og svo var þetta útborgun í húsinu okkar,“ segir Steinþór.

Hann fylgdist vel með verðlagi á vodka og sigarettum til að vita hversu mikið hann ætti að spara og voru það nánast einu skiptin sem hann átti erindi í Ríkið. „Ég fór einstöku sinnum til að athuga hvað flaskan kostaði. Einn morguninn kom ég til að tékka á þessu, vodkin stóð yfirleitt við gluggann og maður

sá verðið í gegn. Þennan morgun var svo mikil móða á gluggunum af því það var nýbúið að skúra. Ég stakk mér því inn fyrir dyrnar, stóð á mottunni, athugaði verðið og sagði svo: „Nei, ég ætla ekki að verða fyrstur til að skíta út hjá ykkur gólfið, ég kem bara seinna.“

Steinþóri þótti gaman að eiga góða bíla og borgaði þá út í hönd. „Árið 2007 keypti ég mér Dodge Ram fyrir þessa peninga. Þegar ég kom að sunnan var ball í Ögri í Ísafjarðardjúpi. Ég ákvað að líta við. Þegar ég kom út úr bílnum vatt sér að mér maður með sigarettu í annarri og flösku í hinni og kallaði: „Hva!, ert þú einhver útrásarvíkingur? Eitthvað hefur þessi kostað.“ Ég svaraði honum að bíllinn hefði kostað einn pakka af sigarettum og eina flösku á helgi í fjögur ár. Hann sagði ekki mikið eftir það,“ rifjar Steinþór upp hlæjandi.

### Frekar göng en launahækkun

Steinþór og eiginkona hans keyptu sér hús fyrir nokkrum árum og svo opnaði hann verslunina Smiðjuna fyrir einu og hálfu ári. Því hefur sparnaðurinn legið niðri um tíma. „Ég tek þetta upp aftur um leið og ég hefni á því,“ segir Steinþór en viðurkennir að sér þyki mun erfiðara að spara eftir hrún. „Það hefur allt hækkað svo mikið og peningarnir duga skemur.“

Steinþór hefur hins vegar sterkar skoðanir á því að launahækkun ein og sér dugi



Steinþór Bragason tók snemma ákvörðun um að drekka hvorki né reykja. Í stað þess lagði hann upphæðina fyrir sem annars hefði farið í djammíð.

MYND/BB

skammt enda fari stór hluti til ríkisins auk þess sem þær skili sér í hærri vöxtum og meiri greiðslubyrði.

„Fyrir okkur sem búum hér fyrir vestan væri mun betra að fá tvenn göng frekar en tuttugu prósentu launahækkun. Það myndi skila mun meiru til baka enda eru Vestfirðingar að borga mjög hátt vöruverð út af flutningskostnaði. Ef maður gæti

lækkað hann myndi það minnka kostnaðinn í heimilisbókhaldinu,“ segir Steinþór og bendir á að í fyrirtæki sínu sé borgað jafn mikið í flutningskostnað og í laun.

En á hann sér draumagöng? „Já, það væru göng milli Ísafjarðar og Kollafjarðar sem myndu stytta leiðina um rúma 100 kílómetra og þannig myndi maður líka losna við tvær heiðar.“



# Byltingarkennd lausn frá Meniga

Markmið Meniga er að gera fólki kleift að skilja betur heimilisfjármálin og þannig nýta ráðstöfunarfé sitt betur. Lykillinn að bættari yfirsýn er fölginn í aukinni tíðni upplýsinga og hefur Meniga gefið út öflugt nýtt app með margs konar virkni sem hjálpar notendum að skilja fjármálin sín betur. Jafnframt hefur Meniga kynnt til leiks nýja þjónustu sem ber heitið Kjördæmi, en með henni geta notendur fengið sérsniðin tilboð þar sem þeim býðst að fá hluta af vöruverði og þjónustu endurgreitt. Öll þjónustan er ókeypis.

**M**eniga er íslenskt fyrirtæki sem hefur vaxið mikið en í dag starfa þar um 100 manns og hafa um 20 milljónir manna aðgang að hugbúnaðarvörum fyrirtækisins,“ segir Kristján Freyr Kristjánsson, framkvæmdastjóri íslenskra viðskipta hjá Meniga. „Markmiðið er að halda þróunarstarfinu áfram á Íslandi og geta Íslendingar, nú fyrstir allra, sótt nýtt app frá Meniga sem hefur meðal annars hlotið verðlaun á alþjóðavettvangi fyrir framúrskarandi viðmót og virkni sem er talin auka skilning á fjármálum fólks,“ bætir hann við.

## Myndrænt, áhugavert og skemmtilegt app

Kristján bendir á að tíðni upplýsinga sé lykillinn að bættari yfirsýn og skilningi. „Hugmyndafræði Meniga byggist á þeirri staðreynd að því oftast sem fólk nálgast upplýsingar um fjármál sín, þeim mun líklegri er að það öðlist góða yfirsýn yfir fjármálin og nái betri stjórn á þeim. Mikil áhersla er lögð á að gera alla virkni einfalda, skemmtilega, aðgengilega og upplýsandi. Sem dæmi má nefna að með einum smelli á færslu geta notendur séð nákvæmlega hversu miklu þeir hafa eytt í matarinnkaup og í hvaða verslunum. Sama gildir um aðra útgjalda-flokka eins og skyndibita, skemmtanir og áhugamál. Meniga sendir einnig gagnlegar og skemmtilegar tilkynningar til notenda með reglulegu millibili með það að markmiði að veita aukna innsýn í fjármálin og veita fólki almenna hugarró.“

## Fyrirtæki endurgreiða hluta af vöruverði og þjónustu til Meniga-notenda

Í Meniga, jafnt í appi sem á vef, geta notendur nú nálgast nýja virkni sem nefnist Kjördæmi. Kjördæmi eru sérsniðin endurgreiðslutilboð í Meniga þar sem notendur fá afslætti frá fyrirtækjum sem endurgreiða hluta af kaupverði í formi mánaðarlegrar endurgreiðslu. Hugbúnaður Meniga greinir hvaða tilboð passa hverjum notanda byggt á neysl sögu hans þannig að notendur sjái einungis endurgreiðslutilboð sem þeir eru mjög líklegir til að vilja, til dæmis í verslunum sem þeir versla nú þegar við eða í sambærilegum verslunum. Það má segja að hugbúnaðurinn geri neytendum kleift að láta fyrirtæki keppast um viðskipti sín í gegnum Meniga.

## Þúsundir notenda geta nú virkjað, verslað og fengið endurgreitt

Kristján segist hafa náð að spara 17 þúsund krónur á þremur mánuðum með Kjördæmum. Hann segir þó dæmi um notendur sem hafa þegar fengið endurgreitt mun meira á sama tímabili. Kristján segir að afar einfalt sé að nýta sér Kjördæmi sem eru best útskýrð með einföldu dæmi.

„Ímyndum okkur að fataverslun ákveði að bjóða tryggum viðskiptavinum fastan 25% afslátt í gegnum



Meniga hefur vaxið mikið á skömmum tíma. Þar starfa nú um 100 manns.

MYND/STEFAN

Kjördæmi. Tryggur viðskiptavinur sér þá Kjördæmi birtast í Meniga, smellir á það og er samstundis búinn að virkja afsláttinn á öllum kortum sem tengjast kerfinu. Næst verslar hann í fataversluninni og borgar þá fullt verð, t.d. 20 þúsund krónur við kassann með einhverju korti tengdu við Meniga. Til gamans má geta að engin þörf er á að upplýsa starfsfólk um afsláttinn. Notandinn sér í Meniga að hann borgaði fullt verð og safnaði endurgreiðslu á færslunni og getur treyst því að fá endurgreiðdan afsláttinn á eigin bankareikning þann 18. næsta mánaðar.“

## Persónugreinanleg gögn aldrei afhent þriðja aðila

Kristján segir Meniga byggja á samfélagslegri hugmyndafræði sem allir græði á og ábyrg notkun gagna sé lykilatriði í öllum rekstri Meniga. „Með Meniga geta notendur borið útgjöld sín saman við útgjöld annarra viðmiðunarhópa í kerfinu og þannig öðlast dýpri skilning á eigin fjármálum og sett sér skýrari og betri markmið. Fyrirtæki í samstarfi við Meniga fá aldrei neytlusögu eða nokkrar upplýsingar um einstaka notendur, einungis ópersónugreinanlegar samantektir um almenna neytluhegðun og hversu margir sjá og nýta sér einstök tilboð.“

## Kostar ekkert og einfalt að byrja

Kristján bendir á að það kostar ekkert fyrir notendur að skrá sig eða að nota Meniga. Allir sem hafa bankareikning í Arion, Íslandsbanka eða Landsbankanum geta skráð sig á Meniga.is og sótt og notað appið. Jafnframt er hægt að tengja kort við kerfið frá flestum greiðslukortalausnum á Íslandi.



Hugbúnaður Meniga greinir hvaða tilboð passa hverjum notenda.

Kjördæmi eru sérsniðin endurgreiðslutilboð í Meniga þar sem notendur fá afslætti frá fyrirtækjum sem endurgreiða hluta af kaupverði í formi mánaðarlegrar endurgreiðslu.



Allir sem hafa bankareikning í Arion, Íslandsbanka eða Landsbankanum geta skráð sig á Meniga.is og sótt og notað appið.

Mikil áhersla er lögð á að gera alla virkni einfalda, skemmtilega, aðgengilega og upplýsandi.

Meniga sendir gagnlegar og skemmtilegar tilkynningar til notenda með reglulegu millibili.



# Það fæðist enginn með fjármálaþekkingu

Breki Karlsson er forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi. Hann segir fjármálaumhverfi nútíma samfélags síður en svo einfalt og fólk standi sífellt frammi fyrir flóknari viðfangsefnum. Breki heldur utan um námskeið í fjármálalæsi í samvinnu við Arion banka og hönnun kennsluefnis.

**S**tofnuminn byggir á þremur stöðum; rannsóknnum á fjármálalæsi Íslendinga síðan 2008, gerð námsefnis um fjármálalæsi og kennslu. Arion banki hefur verið aðal styrktaradili stofnunarinnar síðan 2009 og þar með gert okkur kleift að byggja upp starfið,“ segir Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi.

„Haustið 2010 styrkti bankinn okkur við gerð bókarinnar Ferð til fjár og dreifði henni meðal annars til 18 ára viðskiptavina bankans. Sú bók nýtist sem kennsluefni í fjármálalæsi og er kennd í nokkrum framhaldsskólum. Þá höfum við haldið fjölda fræðslufunda í fjármálalæsi fyrir almenning í samstarfi við bankann, frá árinu 2009, meðal annars um lántöku, vexti og verðbólgu og hvernig best er að kenna börnum fjármálalæsi,“ útskýrir Breki.

Hann segir nauðsynlegt að börn læri snemma að fara með peninga. Fjármálaumhverfi nútímasamfélagsins sé síður en svo einfalt og fólk beri ábyrgð á eigin fjármálum.

„Það fæðist enginn með fjármálaþekkingu. Við stöndum

stöðugt frammi fyrir flóknari viðfangsefnum í fjármálum og höfum meira um okkar eigin fjármál að segja í dag en fyrir nokkrum árum. Með auknu frelsi fylgir aukin ábyrgð. Enn sem komið er hefur skólakerfið ekki fylgt því eftir og það hefur verið skortur á efni fyrir byrjendur í fjármálum.“

## Fjallað um fjármál á skemmtilegan hátt

Stofnun um fjármálalæsi vann í samvinnu við Arion banka sjónvarpsþættina Ferð til fjár, sem sýndir voru á RÚV. Í þáttunum er fjallað um fjármál einstaklinga og algengar ranghugmyndir um peninga, sparnað og eyðslu. Þættirnir fengu frábærar viðtökur sem komu Breka skemmtilega á óvart.

„Það er frábært að þriðjungur þjóðarinnar setjist fyrir framman sjónvarpið og horfi á þátt um fjármál. Það er ekki sjálfgefið. Það hefur legið hálfgerð bannhelgi yfir fjármálaumræðu og fleiri foreldrar fræða börnin sín til dæmis um kynlíf en um fjármál. Hluti af okkar markmiði er að fjalla um fjármál á skemmtilegan og jákvæðan hátt og það skilaði sér í

Ferð til fjár. Þættina er hægt að nálgast á vef Arion banka.“

## Börnin sjá tilgang í að spara í Sparilandi

Breki hefur unnið námsefni fyrir Spariland, krakkabjónustu Arion banka, en hann kom að stofnun alþjóðlegra samtaka um eflingu fjármálalæsis meðal barna og ungmenna, Child & Youth Finance International, árið 2010.

Hann segir nauðsynlegt að krakkar hafi eitthvert markmið að stefna að þegar þau leggja fyrir.

„Hugmyndin með Sparilandi gengur út á að valdefla krakkana, að þau sjái tilgang með því að spara. Oft líta krakkar á spari-bauka sem endastað peninga og að það sem fari ofan í baukinn sáist ekki meir. Þess vegna er mikilvægt að þau setji sér markmið og sjái árangur,“ útskýrir Breki.

„Einn af baukunum í Sparilandi er til dæmis með skilti þar sem hægt er að skrifa fyrir hverju er verið að safna. Sonur minn skrifar til dæmis í hvert sinn sem hann setur í baukinn hvaða upphæð er komin í baukinn og fylgist þannig vel með „innistæðunni“.



Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, kennir námskeið um fjármál í samstarfi við Arion banka.

MYND/

## Námskeið fyrir foreldra

Framundan eru námskeið Arion banka og Stofnunar um fjármálalæsi, fyrir foreldra sem vilja efla fjármálalæsi barna og farið yfir hvaða atriði er gott að hafa í huga til að ala upp börn sem eru ábyrg og vegnar vel í fjármálum. Námskeiðið tekur rúman klukkutíma.

Þá er einnig framundan námskeið sem Breki kallar stafrófið í íslensku fjármálalæsi eða „vöffin þrjú,“ vextir, verðbólga og verðtrygging. Hægt er að skrá sig inn á vef Arion banka en námskeiðin eru ókeypis og allir eru velkomnir.

[www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is)

## Ferð til fjár

### Fræðslufundur fyrir foreldra

Breki Karlsson úr þáttunum Ferð til fjár og forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi heldur fræðslufundi fyrir foreldra um það hvernig þau geta sem best eflt fjármálalæsi barna sinna og búið þau þannig undir framtíðina. Fjármál eru líka fyrir börn.

Reykjavík – 24. febrúar í Arion banka, Borgartúni 19  
Borgarnes – 25. febrúar í útibúi Arion banka

Fundirnir hefjast kl. 17.30. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Nánari upplýsingar og skráning á [arionbanki.is](http://arionbanki.is)





### ÞAÐ ER GOTT FYRIR BÖRN AÐ LÆRA UM FJÁRMÁL

Fjármálalæsi er eitt af því mikilvægasta sem börn geta lært og tekið með sér inn í fullorðins-árin. Þrátt fyrir það er það einn af þeim þáttum sem þeim eru síst kenndir. Flest börn læra um peninga og fjármál af vinum sínum, sjónvarpinu og samtölum og samskiptum foreldra sinna við aðra fullorðna.

Það er lítið mál að kenna börnum sínum um fjármál án þess að eyða í það öllum deginum. Hér eru nokkrar leiðir til þess.

■ **Búðarleikur.** Það er hægt að fara margar leiðir í þessum „leik“ en ein er sú að börnin fá til dæmis þúsund krónur og eiga að finna út hversu mikið þau geta keypt af mat í búðinni fyrir þær.

■ **Fjárhagsáætlun.** Eldri börn sem skilja hugmyndina um fjárhagsáætlun geta verið ábyrg fyrir hluta fjárhagsáætlunar heimilisins. Veljið hluta eins og til dæmis skemmtanir eða frí, þar sem foreldrar ráða upphæðinni en börnin geta valið hvernig henni er ráðstafað.

■ **Heimilisbókhald.** Sýnið börnunum hvernig það virkar. Þau geta jafnvel sett upp sitt eigið bókhald þar sem þau hafa yfirsýn yfir eigin eyðslu og sparnað.

■ **Rými fyrir mistök.** Allir gera einhver mistök í fjármálum á einhverjum tímapunkti í lífinu. Leyfið börnunum að gera mistök á meðan þau eru ung og lágar fjárhæðir í spilinu. Til dæmis ef þau gjörsamlega „verða“ að fá dótið sem er í tísku þá stundina og eyða öllum sínum sparnaði í það er gott fyrir þau að finna að þau hafi þá ekki ráð á að kaupa sér neitt annað í einhvern tíma á eftir. Svo má ræða um það seinna hvort ákvörðunin um að kaupa leikfangið hafi verið rétt.

Börn eru aldrei of ung til að byrja að læra um fjármál. Því fleiri tækifæri sem þau fá til að vinna með peninga og verðmæti því líklegra er að þau verði meðvituð um fjármál sem fullorðnir einstaklingar.



### MIKILVÆGT AÐ HAFA YFIRSÝN YFIR ÚTGJÖLDIN

Til að forðast greiðsluferfiðleika eða byggja upp fjármálin er gott að hafa raunverulega yfirsýn yfir útgjöld og tekjur heimilisins. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu umboðsmann skuldara veitir það fjárhagslegt öryggi að þekkja útgjöldin og raunútgjöld vegna framfærslu heimilisins er best að finna með því að færa heimilisbókhald.

Eftir að framfærslukostnaður liggur fyrir er síðan hægt að finna þá liði sem má lækka og setja sér framfærslumarkmið fyrir næsta mánuð. Margir of- eða vanáætla tekjur sínar en best er að taka saman tekjur síðastliðinna tólf mánaða og finna meðaltal útborgaðra launa. Ekki má gleyma að bæta meðlagsgreiðslum, barna-, vaxta- og húsaleigubótum við tekjurnar, eftir því sem við á.

Heimild: ums.is



Til hvers að flækja hlutina?

# LIFÐU Í NÚLLINU!

# 365

Öll vitum við að margt af því besta í lífinu kostar ekki neitt. Það fer svo sannarlega ekki fram hjá þeim sem eru með Skemmtipakka 365 eða aðra valda pakka, því nú er GSM áskriftin líka innifalin. Þannig geta viðskiptavinir 365 talað í 60 mínútur og sent 60 SMS fyrir 0 krónur. Viðskiptavinir fá einnig 20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Allt þetta ásamt frábærri sjónvarpsdagskrá! Komdu í áskrift og lifðu í núllinu með okkur.

365.is  
Sími 1817

0 kr.



0 kr.



0 kr.



4 GSM áskriftir  
60 mín. og 60 SMS  
60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift

Internet  
20 GB

Heimasími  
100 mín.\*

\*Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma

### SKEMMTIPAKKINN

Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar, GSM, internet, heimasími, Stöð 2 Maraþon og aðild að Vild.

9.290 kr.  
Aðeins 310 kr. á dag



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.





# ÁTT ÞÚ VIÐ SVEFNVANDA AÐ STRÍÐA?

**BALSAM KYNNIR** MAGNOLIA frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja aðstoð við svefnvandamálum og stuðla að heilbrigðum svefni ásamt því að vinna gegn þunglyndi, kvíða og depurð og bæta andlega og líkamlega líðan.

**H**rafnhildur Ólafsdóttir er kona á besta aldri. Hún starfaði við ferðaþjónustu árum saman og nýtir nú tíma sinn við hjálparstarf hjá Rauða krossinum og í sjálfböðavinnu í Rauðakrossbúðinni.

**EKKI SOFIÐ BETUR Í MÖRG ÁR**

Hrafnhildur, eins og fjölmargir aðrir, hefur átt við svefnvandamál að stríða um árabíl sem hún hefur nýlega ráðið bót á. Hún prófaði náttúrulega fæðubótarefnið Magnolia og segist ekki hafa sofið betur í mörg ár. „Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyf og ákvað því að prófa Magnolia. Ég hef tekið tvö hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn í nokkra mánuði og hef ekki sofið betur í mörg ár. Mér finnst rosalega gott að vita af því, það gefur mér mikla öryggis-tilfinningu.“

**ÓTRÚLEGT HVAÐ GÓÐUR SVEFN ER MIKILVÆGUR**

Að sögn Embættis landlæknis getur svefnleysi valdið miklu álagi og streitu á andlega og líkamlega líðan og góður og samfelldur svefn því nauðsynlegur heilsunni. Hrafnhildur segir að sér liði miklu betur eftir að hún byrjaði að nota Magnolia, hún sofi eins og barn og vakni endurnærð. „Magnolia hjálpar mér ekki einungis að sofna heldur steinsef ég alveg til morguns og vakna hress og kát. Mér hefur ekki liðið betur í langan tíma og mæli eindregið með Magnolia fyrir alla sem eiga erfitt með svefn. Það hefur unnið kraftaverk fyrir mig. Það er ótrúlegt hvað góður svefn er mikilvægur. Það er svo miklu skemmtilegra að vakna úthvíld og í góðu skapi,“ segir Hrafnhildur og hlær.



**MÆLIR MEÐ** Hrafnhildur Ólafsdóttir mælir eindregið með Magnolia. MYND/GVA



**RÁÐLÖGÐ NOTKUN** Taktu eitt til tvö hylki með vatnsglasi með kvöldmat eða um 30-60 mínútum fyrir svefn. Dagsskammtur er 1-2 grænmetishylki.



**MAGNOLIA OFFICINALIS**

Börkur af plöntunni MAGNOLIA OFFICINALIS, sem vex í fjallahéruðum Kína, hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir tvö þúsund ár í Asíu. Rekja má ótrúlegan lækningamátt hans til náttúrulegu efnanna honokiol og magnolol. Börkurinn virkjar taugabodæfni í heilanum sem hafa slakandi og róandi áhrif og stuðla að heilbrigðum og samfelldum svefni. Börkurinn vinnur einnig gríðarlega vel gegn stressi, kvíða og þunglyndi með því að koma kallað stresshormónið. Nýleg rannsókn frá landlæknisembættinu sýnir að um þriðjungur Íslendinga á við svefnvandamál eða þunglyndi að stríða.

**SÖLUSTAÐIR**

MAGNOLIA hefur þegar notið mikilla vinsælda og hjálpað fjölmörgum á Íslandi. Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Lyfja, Apótekið, Apótekarinn, Lyf og Heilsa, Lyfsalinn, Lifandi Markaður, Hagkaup, Fjarðarkaup, Heilsuhornið Blómaval, Heilsuver, Heilsulausn.is og Heimkaup

# BURT MEÐ LIÐVERKI OG BÓLGUR

**BALSAM KYNNIR** CURCUMIN frá Natural Health Labs. Allt að 50 sinnum áhrifameira en hefðbundið túrmerik! Tilvalið fyrir þá sem vilja styrkja liðamótin, auka liðleika, bæta heilastarfsemi og andlega líðan, auka orku ásamt því að losna við langvarandi liðverki, bólgur, gigt og magavandamál.

**I**ngunn Lúðvíksdóttir er þriggja barna móðir, hjúkrunarfræðingur og crossfit-þjálfari í Sporthúsinu. Ingunn hefur stundað crossfit af kappi síðan 2009 og er núverandi Íslandsmeistari í aldursflokknum 35-39 ára. Hún er jafnframt núverandi Evrópumeistari í liðakeppni, hafnaði í 2. sæti árið 2012 og varð Evrópumeistari með liði Crossfit-Sport árið 2011 ásamt því að hafa keppt á heimsleikunum með liði CrossFit-Sport þrisvar. Ingunn þekkir því vel mikið álag á líkamann. „Ég hef tekið inn Curcumin í nokkra mánuði og mér líður mun betur í öllum líkam- anum og eftir æfingar. Mér finnst

ég vera orkumeiri og eins og ég hafi aldrei verið hraustari.“

**LIÐIRNIR ALDREI STERKARI OG BÓLGURNAR FARNAR**

Ingunn kynntist Curcumin fyrir nokkrum mánuðum. „Ég er mjög hrifin af öllu náttúrulegu og finnst gaman að prófa eitthvað nýtt. Nú tek ég Curcumin daglega og ég finn greinilega að liðamótin eru sterkari og ég þoli meira álag en áður. Bólgur sem ég hef fengið eftir æfingar og daglegt amstur eru horfnar. Mér finnst ég betur geta hámarkað mig á æfingum ásamt því að vera fljótari að jafna mig. Ég skora eindregið á fólk að prófa Curcumin.“



bólgum og magavandamálum, styrkir hjarta- og æðakerfið ásamt því að bæta heilastarfsemi og andlega líðan.

■ Hreint CURCUMIN er margfalt áhrifameira en túrmerik.

■ CURCUMIN-innihald túrmeriks er ekki mikið, aðeins um 2-5% miðað við þyngd, og því getur hreint curcumin orðið allt að 50 sinnum áhrifameira en túrmerik. Curcumin-bætiefni eru því kjörin lausn fyrir þá sem vilja fá hámarksávinning frá túrmerikrótni á þægilegan máta.

**100% NÁTTÚRULEGT**

■ Bætiefnið er unnið úr túrmerikrótt frá Indlandi og er 100% náttúrulegt, inniheldur engin rotvarnarefni og er framleitt eftir ströngustu gæðakröfum (GMP-vottað).

**RÁÐLÖGÐ NOTKUN** Taktu tvö grænmetishylki með vatnsglasi yfir daginn.



**CROSSFIT** Ingunn Lúðvíksdóttir mælir eindregið með Curcumin. MYND/GVA

**SÖLUSTAÐIR**

Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Lyfja, Apótekið, Apótekarinn, Lyf og Heilsa, Lyfsalinn, Lifandi Markaður, Hagkaup, Fjarðarkaup, Heilsuhornið Blómaval, Heilsuver, Heilsulausn.is og Heimkaup



**BÍLAHÖLLIN**  
S: 567-4949



Toyota Land Cruiser 120 Gx Diesel 6/2006 ek.163þús. Sjálfskiptur. Nýleg tífmareim. Búið að skipta um spíssa. Ásett verð 3.690.000.- Rnr.151088



Ford Transit 125 T300 Diesel 6/2012 ek.33þús. Beinskiptur. Heithúðun á gólfi. Nýryðvarinn. Ný vetrardekk. TILBOÐSVERÐ 3.180.000.- + vsk



BMW X3 3.0i 11/2004 ek.77þús. Sjálfskiptur. Ný vetrardekk. Leður. Ásett verð 2.490.000.- Rnr.310990



Suzuki Swift GL 4WD 6/2011 ek.74þús. Beinskiptur. Ásett verð 1.870.000.- Rnr.151054



Toyota Yaris Terra 1/2004 ek.87þús. Beinskiptur. Ný ryðvarinn. TILBOÐSVERÐ 690.000.- Rnr. 287170

**www.bilarydvor.is**  
S. 587 1390

Bílahöllin  
Bíldshöfða 5, 112 Rvk  
Sími: 567 4949  
www.bilahollin.is

**ASKJA**  
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ C 220 CDI. Árgærd 2013, ekinn 24 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.161045.



Kia Sportage EX 4wd. Árgærd 2013, ekinn 56 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 4.690.000. Rnr.240527. 5 ár eftir af verkefmiðjuábyrgð.




HONDA Accord. Árgærd 2013, ekinn 35 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.240390.



VOLVO V40 2.0 16 ventla station. Árgærd 2003, ekinn 142 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.141407. TILBOÐ NÚ kr: 790.000.-

**ASKJA notaðir bílar**  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
www.notadir.is

**STÓRA BÍLASALAN**



Hyundai Terracan GLX Árgærd 2005. Ekinn 158þ.km. Beinsk. Dísel. Nýskoðaður. Er á staðnum. Tilboðsverð 1.190.000kr staðgreitt. Raðnr 156764. Sjá á www.stora.is

Stóra bílasalan  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
http://www.stora.is

**TOPPBÍLAR**



VW Passat highline. Árgærd 2007, ekinn 161 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000.TILBOÐ 1.350.000.- Rnr.372497.



VOLVO S60. Árgærd 2004, ekinn 110 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000.- TILBOÐ 1.190.000. Rnr.372291.



TOYOTA Yaris terra. Árgærd 2011, ekinn 58 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.850.000.- TILBOÐ 1.590.000. Rnr.336589.



TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árgærd 2003, ekinn 295 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.990.000.TILBOÐ 1.690.000.- Rnr.372618.



TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árgærd 2006, ekinn 193 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.490.000.TILBOÐ 2.990.000.- Rnr.372256.



TOYOTA Auris sol. Árgærd 2008, ekinn 97 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.890.000.TILBOÐ 1.590.000.- Rnr.372290



SKODA Octavia ambiente. Árgærd 2006, ekinn 130 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.590.000.TILBOÐ 1.190.000.- Rnr.372410

**TOPPBÍLAR**



NISSAN Micra visia. Árgærd 2011, ekinn 76 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.390.000.TILBOÐ 1.150.000.- Rnr.336856.



KIA Sorento luxury. Árgærd 2010, ekinn 53 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 3.990.000. TILBOÐ 3.690.000.- Rnr.372406.



HYUNDAI Tucson 4x4. Árgærd 2006, ekinn 216 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 890.000.- TILBOÐ 749.000. Rnr.372396.

**Toppbilar**  
Kletthálsi 2, 110 Rvk.  
Sími: 587 2000  
www.toppbilar.is

**bilfang.is**  
S. 567 2000



**PARF AÐ SELJA STRAX !**  
M-Benz C 200 Kompr. Coupe 03/2006 ek aðeins 100 þ.km leður 18" felgur / vetrard.á felgum ofi verð nú 1100 þús stgr !!!



**LÍTÍÐ EKINN !**  
Honda CRV V-Tec 150 HÖ 09/2002 ek 134 þ.km sjálfskiptur verð 890 Þús !!!



**Bílasalan Bilfang**  
Malarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 2000  
Seljum í dag!  
www.bilfang.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ  
Sími: 534 4433  
Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15  
http://www.isband.is


**MB bílar**



KIA Rio. Árgærd 2014, ekinn 13 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.590.000. 7 ára ábyrgð, sparneytinn og skemmtilegur bíll.



SKODA Octavia ambiente combi 4x4. Árgærd 2010, ekinn 104 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.790.000.Góður í snjónum.



**MB Bílar**  
Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík  
Sími: 415 1150  
Opið virka daga 10-18, laugard. 12-16  
http://www.mbbilar.is

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**  
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net

**ISABAND.IS**  
BILANPLUTNINGUR



**2015 NÝJIR FORD F350**  
Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hó, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af F350, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is



**2015 NÝJIR FORD F350**  
Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hó, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af F350, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**CLASSICBILAR.IS**  
Bilavala



BMW 760iA V12 500hp 700NM tog . Árg 2003, ek 159 P.KM, Einn með gjórsamlega öllu! Flaggskipið frá BMW Verð 4.990þ Rnr.100282. www.classicbilar.is



HYUNDAI i30 COMFORT. Árg 2011, ek 31 P.KM, dísel, ssk. Verð 2.380þ áhvl 1.630þ sumar/vetrardekk -MOLI- Rnr.100316.Óskum eftir bílum á söluskrá www.classicbilar.is

**Classicbilar.is**  
Gilsbúð 3, 210 Garðabær  
Sími: 517 9500  
http://classicbilar.is

**100 bílar.is**



Renault Megane Sport Tourer - 6/2014 - Dísel - Sjálfsk - ek 25 þkm - Er á staðnum - Ásett verð 3390 þús - raðnr 151731.

**100 bílar ehf**  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15  
www.100bilar.is

**Bílar til sölu**



MMC Pajero Sport árg 05 dísel, vél 2,5, ek 157 þús beinsk nýskoðaður góð vetrardekk topp bíll verð aðeins 1320þús gsm 8927852

**Seldur.is**



**KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**  
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS

**BÍLAHÖLLIN**  
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.

**Yfir 25 ára reynsla í sölu á notuðum bílum 1988-2015**

**TOYOTA Land cruiser 150 gx 60th.**  
33" breytting Árgærd 2012, ekinn 56þ. KM, dísel, sjálfskiptur leður . Verð 8.180.000. Rnr.210294.

**CHEVROLET Captiva 2.0i dísel .**  
Árgærd 2011, ekinn 38 P.KM, dísel, sjálfskiptur.LEÐUR,LÚGA 7MANNA Verð 4.950.000. Rnr.114440.

**LAND ROVER Range rover sport hse.**  
DÍSEL Árgærd 2006, ekinn 135 P.KM, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.219946.

**VW Transporter.** Árgærd 2012, ekinn 73 P.KM, dísel, sjálfskiptur. **ÁSETT V 4.390.000** **SÉRTILBOSV. 3.950.000.** Rnr.312666.

**SKODA Superb ambition 4x4.**  
Árgærd 2013, ekinn 51 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.550.000. Rnr.210351.

**Yfir 100 bílar á staðnum** **Bíll með myndum selst betur** **Innisalur**



ný leið til að beina áhuga fólks að Bleiku slaufunni. Hann nefnir einnig dæmi um auglýsingaherferð fyrir Hámark þar sem byrjað var á því að búa til orðróm um að Arnar Grant og Ívar Guðmundsson væru ekki vinir lengur. „Og síðan fór boltinn að vinda upp á sig og svo kom svarið seinna í sjónvarpsauglýsingu þar sem þeir náðu sáttum,“ segir Ragnar. Það þurfi að vera frjó hugsun. „Og það er orðið svolítið lóðið hvað er okkar leiksvæði. Það eru ekkert bara hefðbundnar sjónvarpsauglýsingar og dagblöð og slíkt heldur eru bara allir miðlarnir sem standa manni til boða,“ segir Ragnar. Það sé ekki endilega nóg að búa til hefðbundna sjónvarpsauglýsingu. „Þú þarft að ná fólki þar sem það er staðsett hverju sinni,“ segir hann.

#### Voru sprækari fyrir hluta árs

Birtingahúsið var stofnað árið 2000. Á vefsíðu fyrirtækisins segir að það hafi verið fyrsta ráðgjafafyrirtækið á Íslandi sem sérhæfði sig í gerð birtingaáætlauna og sé enn í dag eina slíka fyrirtækið sem er óháð framleiðendum auglýsinga. Hugi Sævarsson framkvæmdastjóri segir flest benda til þess að tekjur á auglýsingamarkaðnum í heild sinni hafi ekki aukist á milli árunna 2013 og 2014. Þær hafi jafnvel dregist örlítið saman.

„Fyrri hluti síðastliðins árs virtist sprækari en sá seinni, um það virðast flestir hlutaðeigandi sammála. Nokkrir þættir liggja að baki sem draga má ályktanir af hvers vegna markaðurinn var umsvifaminni seinni hluta ársins. Neytendur virtust heilt yfir svartsýnni seinni helming ársins. Það má meðal annars sjá með því að skoða Væntingavísitölu Capa-

cent sem gefin er út mánaðarlega. Úr þeim gögnum má lesa að nokkuð meiri bjartsýni gætti hjá fólki um aukningu á neyslu og sínum einkahögum fyrir hlutann en þann seinni. Ákveðin óvissa og spennan er enn í stórum og mikilvægum efnahags- og atvinnumálum. Málum sem á enn eftir að leysa til lengri tíma, meðal annars launamálin sem getur gert það að verkum að fyrirtækin sjá sér ekki fært að skipuleggja langt fram í tímann og sækja fram. Svo má auðvitað nefna líka að sumarið þótti veðurfarslega frekar óhagstætt sem dró úr eftirspurn eftir ákveðnum vörum og þjónustu. Ýmislegt getur því haft áhrif,“ segir Hugi við Markaðinn.

Hugi segir að í heild hafi verið áætlað að velta auglýsingamarkaðarins væri rúmum 10 milljarðar í birtingum. „Birtingafyrirtækin skipuleggja líklega nálægt 2/3 af þessum fjármunum, en langflestir stóru og meðalstóru auglýsendurnir nýta sér þjónustu birtingahúsa. Einnig minni aðilar. Hafa ber í huga að til viðbótar bætast við markaðsaðgerðir sem erfitt er að henda reiður á hve miklum fjármunum er veitt í. Má þar nefna vörukynningar, uppákomur, almannatengslavinnu, markpóst/fjölþóst og fleira. Ljóst er að þessir þættir gera það að verkum að markaðurinn er eitt-hvað stærri,“ segir hann.

Hugi segir að hlutdeild birtingahúsa hafi farið vaxandi. „Það sem hefur í minni mæli farið í gegnum birtingafélögin í gegnum tíðina er þá markaðsþjónusta fyrir lítil félög og umsvifaminni. Í fjölda eru það talsvert margir auglýsendur. Þeir hafa þó verið að óska eftir aðstoð í auknum mæli, ekki síst að því er snýr að tækifærum í netmarkaðs-

setningu. Sífellt flóknara afþreyingar- og fjölmiðlaumhverfi gerir það líka að verkum að erfiðara er fyrir menn að alhæfa og áætla um þessi mál upp á eigin spýtur,“ segir hann.

#### Sjónvarpið heldur sínum hlut

PIPARVBWA birti á dögunum upplýsingar um hvernig auglýsingafé þeirra er dreift á milli miðla. Þar kom fram að 29 prósentum af auglýsingafé er varið í auglýsingar í dagblöðum, 26 prósentum er varið í auglýsingar á netinu og 23 prósent fara í sjónvarpsauglýsingar. Samkvæmt þeim tölum er netið orðið sterkara en sjónvarp. Hallur Á. Baldursson segir að málið horfi öðruvísi við starfsmönnum Ennemm. „Þetta er ekki í samræmi við okkar sýn á þetta,“ segir hann. Það fari þó töluvert meira fé í netmiðla eftir því sem á líður. „Bæði í hefðbundna auglýsingamiðla á netinu eins og Vísi eða slíka og síðan samfélagsmiðla af öllum gerðum og einnig ýmsar nýjar leiðir í netmiðlum,“ segir hann. Þar hafi fjármagnid aukist mikið á síðustu árum. En jafnframt hafi sjónvarpið mikla breidd og sé ekkert að gefa eftir. „Það er ekkert bara hið gamla góða línulega sjónvarp. Það er svo miklu meira, það er hægt að horfa á það með hinum ýmsu tækjum og með VOD-inu eða seinkaðri dagskrá,“ segir Hallur.

Hann segir að íslenski markaðurinn sé ólíkur mörkuðum erlendis þar sem dagblöðin séu enn mjög sterk hér á landi. „Skýringin er kannski sú að þið dreifið ykkur frítt inn á hvert heimili. Það má kannski segja að það hafi haldið því uppi,“ segir hann.

Framkvæmdastjóri Hvíta hússins tekur í sama streng og Hall-

## ÁSTA FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍMARK



Ásta Pétursdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri ÍMARK, félagsmarkaðsfólks á Íslandi. Ásta tók við starfinu tímabundið þegar Klara Vigfúsdóttir fór í fæðingarorlof síðasta sumar en tekur nú við starfinu til frambúðar. Stærsta verkefnið fram undan er að undirbúa ÍMARK-daginn. „Hann verður þrettánda mars og það er í Háskólabíói,“ segir Ásta í samtali við Markaðinn. Hún segir að ÍMARK-dagurinn verði frá 9-4 og þar verði meðal annars erlendir fyrirlesarar. Svo verði fordrykkur klukkan fimm og Lúðurinn. „Það er íslensku auglýsingaverðlaunin,“ segir Ásta og bendir á að um sé að ræða nokkurs konar uppskeru-hátíð markaðsfólks.

Tilkynnt var um fastráðningu Ástu hjá ÍMARK í gær. Áður starfaði hún sem rekstrarstjóri Blue Lagoon spa en þar áður var hún hjá Arion banka. Ásta lauk meistarágráðu í verkefnastjórnun (MPM) frá Háskólanum í Reykjavík árið 2012 og þar áður lauk hún B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

ur. „Okkar miðlaskipting er ekki alveg í samræmi við þetta og okkur heyrir að aðrar stofur hafi svipað að segja hvað þetta varðar. Við erum hissa að sjá að rúmlega 18% af heildarbirtingum Pipars sé að fara í innlenda vefmiðla. Hins vegar ber að hafa í huga að samsetning viðskiptavina skiptir miklu máli og er ólík á milli stofa og hefur þar af leiðandi áhrif á miðlastrategíu. Vissulega er netmarkaðssetning að sækja mikið í sig veðrið eins hún hefur gert undanfarin ár en það er mikilvægt að vera í núinu þegar birtingaráðgjöf er veitt. Þú birtir þar sem markhópurinn er í dag en spár í og fylgist með hvar hann verður í framtíðinni,“ segir Kristinn. Hann segir jafnframt að markaðssetning á samfélagsmiðlum hafi vaxið hratt á síðastliðnum árum og muni gera áfram en sé engin töfralausn frekar en annað. Skynsamleg blanda af miðlum, byggð á mæl-

ingum og rannsóknum, er alltaf árangursrík en vissulega þarf að velja og hafna ef markaðsfé er af skornum skammti.

Hugi Sævarsson segir að skipting auglýsingakökunnar hafi tekið umtalsverðum breytingum frá hrúni. „Helstu breytingarnar eru að hlutdeild netmiðla hefur aukist mjög mikið, mest á kostnað prentsins. Það má líka benda á þá staðreynd að samkeppni frá erlendum miðlum um auglýsingatekjurnar hefur vaxið mikið á skömmum tíma, einkum á netinu. Þar má ætla að fimmtungur til fjórðungshluti fari á erlendir vefveitur. Einnig er ljóst að verðþróun hefur verið misjöfn milli miðlategunda og innan þeirra síðustu ár. Það hefur líka haft talsvert að segja um breytingarnar. Til dæmis hafa net- og útvarpsauglýsingar hækkað hlutfallslega meira en dagblaðaauklýsingar,“ segir Hugi.



**Frestur til  
að senda tilnefningar  
er til miðnættis  
26. febrúar**

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI? ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2015

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

### 1. HVUNNDAGSHETJAN

EINSTAKLINGUR SEM SÝNT HEFUR SÉRSTAKA ÓEINGIRNI EÐA HUGREKKI, HVORT SEM ER Í TENGSLUM VIÐ EINN ATBURÐ EÐA MEÐ VINNU AÐ ÁKVEÐNUM MÁLAFLOKKI Í LENGRI TÍMA.

### 2. FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR

HÉR KOMA TIL GREINA KENNARAR, LEIÐBEINENDUR, ÞJÁLFRAR EÐA AÐRIR UPPFRÆÐARAR SEM SKARAÐ HAFU FRAM ÚR Á EINHVERN HÁTT. EINNIG KOMA TIL GREINA FÉLAGASAMTÖK SEM SINNA BÖRNUM AF SÉRSTÖKUM METNAÐI OG ALÚÐ.

### 3. TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM

EINSTAKLINGUR EÐA FÉLAGASAMTÖK SEM HAFU UNNID ÖTULLEGA AÐ ÞVÍ AÐ EYÐA FORDÓMUM Í SAMFÉLAGINU.

### 4. HEIÐURSVERÐLAUN

EINSTAKLINGUR SEM MEÐ ÆVISTARFI SÍNU HEFUR STUÐLAÐ AÐ BETRA SAMFÉLAGI.

### 5. SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN

FÉLAGASAMTÖK SEM HAFU UNNID FRAMÚRSKARANDI MANNÚÐAR- EÐA NÁTTÚRUVERNDARSTARF OG LAGT SITT AF MÖRKUM TIL AÐ GERA ÍSLENSKT SAMFÉLAG BETRA FYRIR OKKUR ÖLL. VERÐLAUNAFÉ 1,2 MILLJÓNIR.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á [visir.is/samfelagsverdlaun](http://visir.is/samfelagsverdlaun), með tölvupósti á netfangið [samfelagsverdlaun@frettabladid.is](mailto:samfelagsverdlaun@frettabladid.is), eða bréfleiðis merkt:

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.





# Með mikinn áhuga á veiði og körfubolta

Nýr framkvæmdastjóri Inkasso á rætur að rekja til Danmerkur og stundaði háskólanám þar. Hann á langa starfsreynslu úr atvinnulífinu. Hann er ættaður af Snæfellsnesi og fer þangað reglulega.

Georg Andersen hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra Inkasso. Georg var áður framkvæmdastjóri Kaptura ehf., móðurfélags Inkasso ehf.

Kaptura hét áður DCG ehf. og átti í byrjun síðasta árs meðal annars félögin Hópkaup, Heimkaup, Inkasso og Leit.is. „Þetta á sér nú ákveðinn bakgrunn upp úr sprotahugsun þar sem hugbúnaðar-nördarnir voru að spinnu út hitt og þetta. Ég kom inn í móðurfélagið í ársbyrjun í fyrra til þess að taka

svona nýja stefnu, þrengja sýnina á það sem við vorum að gera,“ segir hann. Á sama tíma voru sprotainternetfyrirtæki, sem sáu um kaup og sölu á netinu, aðskilin frá. „Ég fór í gegnum þetta með móðurfélaginu og við erum búin að selja Hópkaup og Heimkaup og fókusera á Inkasso og svo höfum við startað fleiri fyrirtækjum eins og Faktoríu sem sér um skammtímafjármögnun fyrirtækja,“ segir Georg.

Georg starfaði áður sem svæðis-

sölustjóri hjá Marel hf., forstöðumaður fjárfestatengsla og samskiptasviðs Straums-Burðarás fjárfestingabanka, framkvæmdastóri GottKort ehf. og framkvæmdastjóri Valafells ehf. Auk þess að vera framkvæmdastjóri Inkasso er Georg framkvæmdastjóri Faktoríu, nýs fyrirtækis sem veitir fyrirtækjum skammtímalán. Faktoría er dótturfélag Inkasso.

Georg lærði útflutnings- og tækniþæði með áherslu á alþjóða-



DÓMARINN Georg Andersen hefur mikinn áhuga á körfubolta og er dómari í úrvalsdeild.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FJÖLSKYLDUMÁÐUR MEÐ SVARTAN HÚMOR



Hann er með mikið jafnaðargeð og þetta er klár drengur. Hann er fylginn sér í því sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann er talnaglögur og mjög meðvitaður um hvernig peningarnir hreyfast. Ég held að það séu kostir hans. Hann á auðvelt með að vinna með öðrum. Ég held að það séu hans bestu kostir. Hann hefur alveg fjölmarga ókosti. Það hafa allir ókosti. Hann sjálfur er mikill snyrtipinni og það fer mikið í taugarnar á honum þegar aðrir eru það ekki. En ég veit svo sem ekki hvort það er mikill ókostur. En hann vill hafa röð og reglu á hlutunum og gerir sömu kröfur til annarra.

**Emil Helgi Lárusson,**  
framkvæmdastjóri Serrano og bróðir.



Hann er jákvæður og mjög hress. Mikill framkvæmdamaður. Hann fer í hlutina og framkvæmir og hættir ekkert fyrr en það er frá. En hann er líka mjög gleyminn. Hann getur átt það til að ætla sér að framkvæma eitthvað eða fara á fund en svo er hann bara að steikja pönnukökur á meðan fundurinn er. Hann er eld-klár í útreikningum og viðskiptum, talnaglögur maður. Hann er líka mikill fjölskyldumaður, setur hana alltaf í fyrsta sæti og mikill vinur vina sinna. En hann er með svartan húmor og á það til að segja brandara þegar það á alls ekki við.

**Þorvaldur Örn Kristmundsson,**  
fjölmiðlamaður og vinur.

markaðsfræði í Danmörku. „Ég á mér danskar rætur og fannst tilvalið að læra í Danmörku,“ segir hann. Einnig tók hann MBA í Háskólanum í Reykjavík.

Eiginkona Georgs er Gyða Hlín Björnsdóttir og eiga þau samtals fimm börn. Georg átti tvö fyrir, Gyða Hlín tvö og svo eiga þau eitt barn saman. Þau eiga bæði rætur að rekja til Snæfellsness og fara þangað oft. Hann segist hafa gengið á Snæfellsjökul en sé annars ekki mikill göngumaður. „Áhugamálin eru silungsveiði og laxveiði og á veturna er það körfubolti,“ segir hann. Hann hafi verið dóm-

ari í 20 ár og dæmi í úrvalsdeild. „Ég lít á þetta sem hobbí og er þess vegna ekki að dæma eins mikið og þeir sem eru að djöflast í þessu sem mest,“ segir Georg. Dómgæslan haldi sér í formi og þar sé góður félagsskapur. Hann segist því vera nokkuð virkur í sportinu og hafa spilað á yngri árum, með Breiðabliki og stúdentum.

Georg segist horfa reglulega á NBA-leiki, íslenska boltann og aðeins á Evrópuboltann. Það sé sterk félög á Spáni og í Þýskalandi. Hann ætlar á Evrópumeistaramót- ið í sumar, þar sem íslenska landsliðið tekur þátt. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

# Bjóða námslán til viðbótar við LÍN

Nýr sjóður sem heitir Framtíðin býður nemum framfærslu- og skólagjaldalán. Stjórnarformaður sjóðsins segir hann ekki í samkeppni við LÍN, heldur hugsaðan sem viðbót. Skuldabréfasjóðir í eigu lífeyrissjóða, tryggingafélaga og annarra fjárfesta fjármagna sjóðinn í fyrstu.

Stofnaður hefur verið nýr námslánasjóður sem háskólanemar geta sótt í. Sjóðurinn ber heitið Framtíðin. Stjórnarformaður sjóðsins, Hlíf Sturludóttir, segir að sjóðurinn geti verið góð leið til fjármögnunar fyrir fólk sem annars á í erfiðleikum með að komast í nám. Til dæmis þegar tekjuviðmið LÍN eða háþörf á skólagjaldalánum skerða möguleika þeirra.

„Við vitum að fjárfesting í menntun er til hagsbóta fyrir samfélagið allt. Það er afar jákvætt ef fleiri komast í nám sem mun nýtast þeim og samfélaginu enda eflum við samkeppnishæfni Íslands með aukinni menntun,“ segir Hlíf.

Framtíðin veitir háskólanemum bæði framfærslu- og skólagjaldalán. Allir námsmenn sem ætla í háskólanám á Íslandi eða á erlendri grundu geta sótt um námslán hjá Framtíðinni. Annað nám á Íslandi sem einnig er lánshæft er starfsnám, endurmenntun og nám með vinnu. Sjóðurinn áætlað að veita nokkur hundruð námsmönnum lán á ári.

Hlíf segir námsmenn sem nú þegar eru með lán hjá LÍN einnig geta sótt um námslán hjá Framtíðinni. „Námslán frá LÍN er afar góður kostur fyrir námsmenn og við hvetjum alla til að sækja um lán hjá þeim fyrst. Aðstæður námsmanna í háskólanámi geta þó verið býsna ólíkar og því hentar ekki sama leiðin öllum þegar kemur að því að fjármagna nám. Námslán hjá Framtíðinni gæti til dæmis komið til greina fyrir fjölskyldufólk sem er á leið til útlanda í kostnaðarsamt framhaldsnám. Þá eru líka fjölmargir sem hafa hug á að mennta sig eftir nokkur ár á vinnumarkaði eða stunda nám meðfram vinnu. Í þeim tilvikum fá námsmenn ekki full lán frá LÍN og gætu því námslán frá Framtíðinni verið kostur,“



**Framtíðin er alls ekki í samkeppni við LÍN Miklu frekar að auka þá möguleika sem í boði eru.**

segir Hlíf. Það eru skuldabréfasjóðir í stýringu hjá fjármála-fyrirtækinu GAMMA sem fjármagna Framtíðina í upphafi en síðar er stefnt að fjármögnun í gegnum skuldabréfaútgáfur í kauphöll. Eigendur skuldabréfasjóðanna eru öflugir stofnana-fjárfestar eins og lífeyrissjóðir og tryggingafélög, ásamt eignastýringum og almennum fjárfestum. „Við lítum á Framtíðina sem jákvæða viðbót við þau fjölmörgu verkefni sem skuldabréfasjóðir í stýringu hjá GAMMA hafa komið að en sjóðirnir hafa m.a. komið að fjármögnun í sjávarútvegi, orkugeiranum, fasteignamarkaði, hugbúnaðargerð, kvikmyndagerð o.fl.“ segir Hlíf.

„Framtíðin er alls ekki í samkeppni við LÍN. Við erum miklu frekar að auka þá möguleika sem í boði eru fyrir námsmenn og þar með að mæta þeim óskum sem við höfum heyrt frá háskólanemum á síðustu árum um skólagjaldalán vegna kostnaðarsams náms erlendis, aukna grunnframfærslu, möguleika á námi með vinnu og því að fara í háskólanám eftir nokkur ár á vinnumarkaði. Við trúum því að það sé mikil eftirspurn eftir þjónustu á borð við þá sem Framtíðin veitir,“ segir Hlíf varðandi það hvort námslánasjóður eins og Framtíðin geti spjarað sig í samkeppni við LÍN.

Framtíðin mun bjóða upp á tvær tegundir námslána, annars vegar óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum og hins vegar verðtryggt lán með föstum vöxtum. Vextir taka mið af vaxtatöflu Framtíðarinnar hverju sinni. Þeir eru núna 8,75% á óverðtryggtum lánum og 6,45% á verðtryggtum lánum, en á meðan námsmaðurinn er enn í námi eru þeir einu prósentustigi hærri. Sjóðurinn áætlað að veita nokkur hundruð námsmönnum lán á ári.

[jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)



STJÓRNARFORMAÐURINN Hlíf Sturludóttir segir að Framtíðin muni bjóða upp á tvær tegundir námslána, óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum og verðtryggt lán.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Dale Carnegie 50 ára

# MEIRI ÁRANGUR FYRIR HÓPINN

Ný leið til að greina þjálfunarþarfir



Á nýrri síðu Dale Carnegie gefur að líta fjölda hæfnispáttá sem tengjast persónulegri hæfni, kynningartækni, sölu- og leiðtogahæfni. Stjórnendur velja þá eiginleika sem þeir vilja efla innan síns starfslíðs og fá í framhaldinu senda tillögu að þjálfun sem getur stóraukið árangur hópsins.

Könnuninni fylgja engar skuldbindingar og hún er að sjálfsögðu ókeypis.

Kíktu á [dale.is/hvadviltu](http://dale.is/hvadviltu) og taktu þátt.



The Quality Management  
System of Dale Carnegie®  
Global Services is  
ISO 9001 certified.



Ármúla 11, 108 Reykjavík / sími 555 7080 / [www.dale.is](http://www.dale.is)



Ríkisfyrirtæki á samkeppnismarkaði eru engin töfralausn:

## Hver á að bera áhættuna?

**B**jarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur sagt að það verði ekki gengið mikið lengra í niðurskurði á ríkisútgjöldum. Andvirði sölu á hlut í Landsbankanum megi aftur á móti nota til að greiða niður skuldir. Viðskiptaráð Íslands er algerlega ósamála því að ekki sé hægt að ganga lengra við hagræðingu í ríkisrekstri. Aftur á móti deilir Viðskiptaráð þeirri hugmynd með ráðherra að stefna beri að sölu eigna. Málið krefst umræðu enda liggur fyrir að ríkið greiðir um 80 milljarða króna í vexti árlega. Svimandi háar upphæðir sem væru betur nýttar með því að styrkja innviði samfélagsins.



### Markaðshornið

Jón Hákon Halldórsson  
jonhakon@frettabladid.is

**Stjórnmalámennt sem bera ábyrgð á fyrirtækjum geta seilst ofan í vasa skattgreiðenda til þess að rétta úr kútnum. Nokkur dæmi eru um þetta.**

Hugmyndir Viðskiptaráðs voru kynntar á Viðskiptaþingi í síðustu viku og eru vægast sagt róttækar. Viðskiptaráð telur að hið opinbera eigi eignir fyrir 800 milljarða króna sem megi selja til að greiða niður skuldir. Þar undir er meðal annars allur hluturinn í Landsbankanum og allur hlutur ríkisins í Landsvirkjun líka og stórar eignir sveitarfélaga eins og Orkuveitan. Að auki eru minni eignir eins og Íslandspóstur og Vínubúðirnar. Viðbrögð við hugmyndunum létu ekki á sér standa. Sá mælski þingmaður, Ögmundur Jónasson, reid á vaðið og mótmælti kröftuglega í aðsendri grein í Fréttablaðinu. Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, gekk skrefi lengra og kallaði hugmyndir Viðskiptaráðs vitfirrtar í grein sem hann skrifaði á Eyjuna. Báðir vísa þeir til hruns bankanna sem rök gegn einkavæðingu. Mér finnst eins og þeir horfi fram hjá nokkrum mikilvægum staðreyndum í málfutningi sínum og legg því nokkur orð í belg. Undir öllum kringumstæðum þurfa stjórnendur einkarekinna fyrirtækja að sýna ráðdeild í rekstri. Ef ekki þá fer fyrirtækið í þrot og hluthafar tapa sínu. Hið sama á ekki við um ríkisrekin fyrirtæki. Stjórnmalámennt, sem bera ábyrgð á fyrirtækjunum, geta seilst ofan í vasa skattgreiðenda til þess að rétta úr kútnum ef illa fer. Nokkur dæmi eru um þetta. Til að mynda árið 1993 þegar ríkissjóður veitti Landsbanka Íslands víkjandi lán eftir óábyrgar lánveitingar bankans til Sambandsins. Landsbankinn uppfyllti ekki alþjóðlegar reglur um lágmarks eigið fé og fékk peninga til að koma í veg fyrir að hann færi í þrot. Og bankinn fór vissulega ekki í þrot. En hann kostaði skattgreiðendur peninga sem ellegar hefðu verið nýttir í annað. Og það á líka við um Íbúðalánasjóð í dag. Ríkisrekna lánastofnun sem hefur fengið 53 milljarða úr ríkissjóði frá árinu 2009. Upphæðin slagar hátt í byggingu nýs Landspítala, en þetta fjármagn hefði líka verið hægt að nýta til þess að styrkja rekstur heilbrigðiskerfisins almennt eða menntastofnana. Og þótt Landsbankinn skili ríkissjóði góðum arði núna þá er ekkert sjálfgefið að hann muni alltaf gera það. Bankastarfsemi er áhættusamur rekstur og það er hreint ekkert sjálfgefið að skattgreiðendur eigi að bera áhættuna. En hitt þarf svo að vera alveg klárt að ef einkaðilar reka banka og njóta ábatans af rekstrinum þegar vel gengur, þá er ekkert sem réttlætir að eigendur þeirra geti seilst ofan í ríkissjóð ef illa fer að ára.



VIÐSKIPTAÞING Hreggviður Jónsson er formaður stjórnar Viðskiptaráðs Íslands. FRÉTTABLAÐID/GVA

## Skóbustari gleður borgaryfirvöld í Rio með óvæntri gjöf



**VERÐMÆTIR TWITTER-REIKNINGAR** „Ég er auralftill skóbustari, en ég er svo lánsamur að geta gefið 130 milljónum Japana gjöf og átta milljónum í Rio, sagði spænski skóbustarinn Javier Castano. Hann hefur gefið borgaryfirvöldum í Rio de Janeiro afnotaréttinn af Twitter-reikningi sínum með notendanafninu @riodejaneiro og vill líka gefa Japönum notendanafnið @japan. Yfirvöld í Rio munu nota Twitter-reikninginn til að kynna Ólympíuleikana sem fram fara í borginni á næsta ári. NORDICPHOTOS/AFP

## Lærum af reynslunni



**Skóðun**  
Ásdís Kristjánsdóttir  
forstöðumaður  
efnahagssviðs SA

Sjaldséður stöðugleiki ríkir um þessar mundir í íslensku efnahagslífi. Jákvæð teikn eru á lofti og þrátt fyrir fjármagnshöft virðist nokkurt jafnvægi á íslensku hagkerfi – verðbólga er lítil, gengi krónunnar er stöðugt, jafnvægi er á viðskiptum við útlönd, atvinnuleysi hefur minnkad og ríkissjóður var rekin með afgangi á liðnu ári. Þá má segja að uppfærð hagspá Seðlabankans gefi tilefni til ákveðinnar bjartsýni, en gangi spá bankans eftir mun hér ríkja stöðugleiki allt fram til ársins 2018.

Bjartsýni er góð svo lengi sem við látum ekki blindast af henni og gott gengi réttlætir ekki kæruleysi. Alvarleg staða er komin upp á vinnumarkaði en við vitum af fenginni reynslu hversu miklu máli niðurstaða kjarasamninga getur skipt fyrir íslenskt efnahagslíf. Það hversu mikið ber í milli í kröfum verkalýðsfélaga og hugmyndum atvinnurekenda er alvarlegt.

Kjarasamningar gegna mikilvægu hagstjórnarhlutverki, enda einn helsti áhrifaþáttur verðbólgu á Íslandi. Til langs tíma getur kaupmáttur launa ekki

vaxið umfram framleiðnivöxt hagkerfisins og því munu launahækkningar umfram verðmætasköpun fyrirtækja ávallt leiða til aukinnar verðbólgu. Þetta hefur reynslan sýnt og ætti ekki að vera umdeilt. Þrátt fyrir það hafa launahækkningar á Íslandi sjaldnast tekið mið af þessari vitneskju og skyldi því engan undra að verðbólgu saga okkar er eins og hún er. Það er merkilegt, ekki síst vegna þess að nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa fetað aðra leið. Þar hafa laun hækkad í samræmi við vöxt hagkerfisins og hefur það skilað sér í lægri verðbólgu og lægra vaxtastigi.

Er vilji til að læra af reynslunni? Nýlegir samningar ríkisins við lækna um 30% launahækkun á næstu þremur árum gefa ekki tilefni til að ætla að svo sé. Þó lækna séu fámennur hópur í hlutfalli við vinnumarkaðinn er enginn eyland og fylgi aðrir hópar eru áhrifin fyrirséð. Auðvitað geta ytri þættir eins og batnandi viðskiptakjör skapað viðbótarsvigrúm til launahækkana. Við sáum slíkt á síðasta ári, launavísitala Hagstofunnar í árslok mældist ríflega 6% en á sama tíma mældist verðbólgan undir einu prósentustigi og hefur aldrei mælt lægri. Það má segja að við höfum verið heppin, batnandi viðskiptakjör og styrking krónunnar unnu gegn launaverðbólgu-

unni. Hugsanlega getum við orðið heppin á árinu 2015, tekið sjensinn og elt lækna, en það er varla ábyrg stefna.

Mikilvægt er að hafa í huga að íslensk heimili eru ekki aðeins næm fyrir verðbólgu heldur einnig vaxtahækkunum, en aukin ásókn heimila í óverðtryggð lán hefur aukid áhrif vaxtahækkana á greiðslubyrði. Seðlabankinn hefur sýnt það í verki að hann hækkar vexti fljótt telji hann verðstöðugleika ógnað og nægir að líta til síðustu tvennra kjarasamninga til að staðfesta það. Í kjölfar mikilla launahækkana 2011 hækkaði bankinn vexti en frá síðustu kjarasamningum hafa vextir lækkað. Seðlabankanum ber að beita vöxtum til að halda aftur af verðbólguþrýstingi og er vaxtastigið því afleiðing en ekki orsök. Niðurstaða kjarasamninga ræður að miklu leyti för.

Á endanum snýst þetta um hið margumtalaða svigrúm. Hægt er að hafa ýmsar skoðanir á stærð þess en ramminn er nokkuð þekktur. Engar undirliggjandi hagstærðir réttlæta tuga prósent launahækkningar og verði um þær samið munu þær jafnast út í verðbólgu. Ef áfram verður litið fram hjá því við gerð kjarasamninga mun lítið ávinnast. Er ekki kominn tími til að velja raunhæfari leiðir til að auka kaupmátt og reyna fyrir alvöru að bæta lífskjör okkar til langs tíma?

## Hin hliðin

Brynhildur S. Björnsdóttir  
framkvæmdastjóri og  
varþingmaður



## Plan óskast!

Að vera atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis á Íslandi er dálítið eins og að leika aukahlutverk í spennumynd – að manni óspurðum og án þess að hafa fengið handritið í hendurnar. Í stað þess að geta gert langtímaplön og áætlanir – fer mesta púðrið í að spyrja sig: „Hvað gerist næst?“

Atvinnurekstur krefst þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir – þar sem forsendur og leikreglur gilda í meira en eitt ár eða í besta falli eitt kjörtímabil. Raunin er þó sú að stjórnvöld skrifa leikreglur atvinnurekenda

jafnóðum og halda þeim þannig í magnþrunginni spennu um hvað sé næst á stefnuskránni.

Sem dæmi herma nýjustu fréttir að nú sé aftur á döfinni að slíta formlega aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Þó það séu auðvitað skiptar skoðanir á kostum og göllum aðildar innan atvinnulífsins telja um 60% aðildafyrirtækja innan Félags atvinnurekenda og Samtaka atvinnulífsins að halda skuli áfram viðræðum – áður en valmöguleikinn sé sleginn út af borðinu. Þá telja aðeins 19% félagsmanna í FA telja íslensku krónuna geta verið framtíðargjaldmiðil

landsins. Af augljósum ástæðum. Samningaviðræður eru einn af máttarstólum viðskipta og samfélagsins í heild sinni. Hvort sem það fjallar um matseðil vikunnar á heimilinu, launakröfur starfsmanna, samstarf fyrirtækja eða þjóða. Til þess að skapa víðtæka sátt – þarf að fara fram samtali. Ávinningurinn af því að slíta viðræðum áður en niðurstaða liggur fyrir – er enginn. Þvert á móti útilokar það alla möguleika leikmanna á að fá tækifæri til að meta heildaráhrif mögulegs samnings sem myndi mögulega draga úr óvissu íslenskra atvinnurekenda, auka tiltrú erlendra

fjárfesta á íslenskum fyrirtækjum og gefa okkur einhverja mynd af því hvernig sviðsmyndin myndi líta út næstu árin.

Til að íslenskt atvinnulíf geti verið samkeppnishæft til framtíðar þarf að auka útflutningsverðmæti í greinum sem byggja ekki bara á takmörkuðum auðlindum. Til þess að þessi fyrirtæki geti náð að blómstra og skila samfélaginu virðisauka – þurfum við heildstæða stefnu. Framtíðarsýn sem nær lengra en eitt kjörtímabil.

Sem leikmaður í þessari spennu sögu óska ég því eftir handritinu. Hvað er planið?!



---

# NÚMÉR EITT!

---



Flestir notendur heimsóttu Vísi í síðustu viku sem lyfti vefnum á toppinn yfir mest lesnu vefi landsins.\*

Við þökkum fyrir og gerum okkar besta í að færa lesendum okkar vandaðar fréttir, greina vel frá því sem hæst ber ásamt því sem okkur þykir skemmtilegt og áhugavert.

**Verið velkomin í heimsókn!**

---

**vísir**

\*Samkvæmt vefmælingu Modernus vikuna 9.-15. febrúar 2015.



## 158 MILLJARÐAR FARNIR

### Greiningadeild Arion segir hagkerfi í jafnvægi

Tekist hefur að minnka snjóhengjuna um 158 milljarða króna fyrir tilstilli gjaldeyrisútboða Seðlabanka. Greiningadeild Arion telur að verulega hafi létt á afborgunarferli erlendra skulda þjóðarbúsins með lengingu Landsbankabréfsins. Hagkerfið virðist vera í nokkuð góðu jafnvægi um þessar mundir og sú ógn sem stafar af krónueignum erlendra aðila hefur minnkað til muna undanfarin ár. Greiningadeildin segir að það væri óskandi að fréttir af stórum skrefum í afnámi hafta bærust sem allra fyrst.

16.02.2015 Það sem maður myndi þá vilja láta skoða er það að hvað miklu leyti það skipti máli að það var látið líta svo út sem nýir hluthafar hefðu komið að bankanum upp á tugi milljarða skömmu áður en lánið er veitt. Að hve miklu máli það hafi skipt fyrir þá ákvörðun. Mér finnst vera slíkar upphæðir undir í þessu máli að við höfum skyldur til að láta skoða það.



Bjarni Benediktsson,  
fjármála- og efnahagsráðherra.

## 92 ÞÚSUND TONN

### Aflinn jókst um helming

Heildarafli íslenskra fiskiskipa var tæp 92 þúsund tonn í janúar 2015, sem er 47% aukning frá janúar 2014. Munar þar helst um tæp 27 þúsund tonn af loðnu. Á síðustu 12 mánuðum hefur orðið 13,8% aflsamdráttur miðað við sama tímabil ári fyrr. Botnfisksaflinn í janúar nam tæpum 32 þúsund tonnum en aflinn í uppsjávarfiski nam tæplega 59 þúsund tonnum.

## STJÓRNAR- MAÐURINN

### Dómur í samhengi

Ekki er ofsagt að dómurinn yfir Kaupþingsmönnum marki tíma-mót. Stjórnarmaðurinn ætlar ekki að mynda sér skoðun á sekt eða sýknu hinna dæmdu, en telur þó rétt að nefna hér nokkur atriði.

**Í KJÖLFAR** bankahrunsins hefur orðið lenska að gera lítið úr íslensku bönkunum. Engu að síður eru væntar endurheimtur úr búi Kaupþings kringum 24%, og úr búi Glitnis um 30%. Áður en fólk hleypur upp til handa og fóta skal tekið fram að þetta er gott á alþjóðlegan mælikvarða, en til samanburðar má nefna að heimtur í búi Lehman Brothers eru um 18%.

**ÞVÍ FER FJARRI** að þarna hafi verið rekin einhvers konar grínstarfsemi. Viðskiptin sem dómurinn snýst um voru gerð á viðsjárverðum tímum. Lausafjárþörf var ekki séríslenskt fyrirbrigði, eins og dæmi Lehman, Bear Stearns, Northern Rock og fleiri sanna. Gripið var til ýmissa ráða, margir, t.d. RBS, leituðu á náðir opinberra aðila. Aðrir fóru til Miðausturlanda.

**HINN BRESKI** Barclays-banki var einn þeirra sem leituðu fjárfesta á þeim slóðum, en fjárfestar frá Katar keyptu ríflega 15% hlut í bankanum. Fyrir liggur að Barclays lánaði a.m.k. að hluta fyrir kaupunum, og var það ekki tilkynnt sérstaklega. Málinu lauk með sektargerð á hendur Barclays (raunar fyrir annað athæfi en fjármögnunina sjálfa) en ekki kom til þess að einstaklingar sættu ákærum.

**ANNAD DÆMI** frá sama tíma um að banki hafi lánað til kaupa á bréfum í sjálfum sér var belgíski bankinn Dexia, en í því tilviki var niðurstaðan sú að ekki hefði verið bann við slíku í lögum á þeim tíma. Því hefur síðar verið breytt. Þetta er rétt nálgun þegar lögum er ábótavant.

**STJÓRNARMANNINUM** finnst rétt að spyrja spurninga þegar reynt er að finna upp hjólið í íslenskum dómsölum þegar alþjóðleg dæmi liggja fyrir.

**SÍÐAST** en ekki síst hlýtur að mega spyrja hvers vegna ekki var gerð raunveruleg tilraun til að hafa hendur í hári katarska sjeiksins sjálfs, en það var hann sem að endingu átti að hagnast á viðskiptunum. Einn ákærðu í málinu var búsettur í Lúxemborg og áttu allar athafnir hans sér stað utan íslenskrar lögsögu. Samt virðist dómurinn sakfella á þeim grundvelli að afleiðingar brotsins hafi komið fram á Íslandi.

**HLÝTUR** ekki hið sama að gilda um sjeikinn, eða er það kannski svo að friðþægingin er fram komin, og engin ástæða til að eltast við kóngafólk í fjarlægum löndum?

# Stórtæk í eldhúsinu

Fastus býður uppá heildarlausnir fyrir stóreldhús bæði hvað varðar eldunaráhöld, tæki, borðbúnað og margt fleira.

Fagþekking og reynsla eru lykilatriði í starfsemi Fastus - en þar starfa reyndir ráðgjafar á sölusviði sem tryggja réttar lausnir fyrir þínar þarfir.

Hafðu samband og fáðu upplýsingar um útbúnað sem hentar þinni starfsemi.



Ofnar



Pottar og pönnur



Uppvottavélar



Veislubúnaður



Borðbúnaður



Glös og glervara



Raftæki



Fatnaður og skór fyrir atvinnueldhús



Leirtau



Veit á vandaða lausn





**7 MANNA DIESEL 590.P**  
 Mjög góður Land cruiser 90 árg. 00 bsk Diesel 7 manna, ný skoðaður og ný tímareim og mikið yfir farinn verð 990þ fest á 590.þ stgr. 100% vísa lán. S. 896-5290



**2010 SSK. 1.490.Þ STGR**  
 Flottur sjálfskiptur Suzuki Swift perlu hvítur ek 75.þ km heilsárs dekk álvelgur hrikalega flottur bíll, ásett verð 1.790.þ eða 1.490.þ stgr. S. 896-5290

Útsala útsala!! MMC Outlander 4x4 04 nýttímar. Bremsur, púst. Toppástand v. 590þ. s. 8446609

**Bílar óskast**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**  
 Má þarfnast lagfæringa.  
 Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**Sendibílar**



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

**Hjólhýsi**



**NÝ HOBBY HJÓLHÝSI STÓRSPARNAÐUR!**  
 Keyptu beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig. Allar fyrirspurnir sendist á: kriben@simnet.is s. 866 5395

**Bátar**



Smíðum álhurdir í báta stóra sem smáa. Skoðuðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilb. S. 557 5757.

**Hjólbarðar**



**Varahlutir**



**FELGUR**  
 Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**Viðgerðir**

**BÍLAVERKSTÆÐIÐ SMÁPARTAR**

Getum bætt við okkur nokkrum kúnum  
 Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangsa. Renni díka og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

**ÞJÓNUSTA**

**Pípulagnir**

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**  
 Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Hreingerningar**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thevegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-PRIF EHF.**  
 Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

**Bókhald**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Málarar**

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinnna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**Búslóðaflutningar**

**SENDIBILL.IS**  
 Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningagj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**Húsviðhald**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN**  
 Getum bætt við okkur verkum í flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.

Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð  
**Tímavinna og tilboð**  
**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**  
 S. 893 6994



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**VIÐHÖLD**  
 Fasteignaviðgerðir  
 Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésníðavinnu
- gluggaskipti
- pipulagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- alklæðningar

Sími 567 6699  
 vidhald@vidhald.is  
 www.vidhald.is

K.R.S. ELTON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254

**Tölvur**

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvín.

**Nudd**

**NUDD**  
 Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

NÝTT NÝTT, ný og glæsileg nuddstofa í 101, opið alla daga S.7877481

Eru mjaðmírnar slæmar, axlir, mjóbak og fætur? Þá hjálpum við. Nuddstofan Jera, s. 659 9277.

**Spádómar**

**661 3839 - SÍMASPÁ**  
 Opið frá kl. 14 alla daga.  
**SPÁSÍMINN 908 5666**  
 Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningur. Andleg hjálp. Trúnaður.

**atvinna**

**HÓPBÍLAR**  
**BIFREIÐASTJÓRAR ÓSKAST**

**Vegna aukinna verkefna óska Hópbílar eftir að ráða bifreiðastjóra**

Starfshlutfall: Fullt starf  
 Dagsetning ráðningar: Sem fyrst  
 Starfslýsing: Leitum að bifreiðastjórum til þess að sjá um ýmsan akstur á höfuð borgarsvæðinu sem utan þess.  
 Hæfinskröfur: Rúturéttindi (ökuréttindaflokkur D), Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti. Hreint sakavottorð.

Áhugasamir hafi samband við Ágúst Haraldsson gusti@hopbilar.is eða Pálmar Sigurðsson palmar@hopbilar.is. Einnig er hægt að sækja um inn á heimasíðu Hópbíla [www.hopbilar.is](http://www.hopbilar.is) undir liðnum starfsfólk og fylgja þeim leiðbeiningum sem þar koma fram.

*Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um*

**KÆRLEIKS-LJÓSID**  
 Spánabíll Tarot lestur og kristalkla.  
 Vna 566 7311 evo  
 Tímastuntarir í síma 8694650

**Rafvirkjun**

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**  
 Þjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafvirkteki. straublik@gmail.com

**KEYPT & SELT**

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
 Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.  
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**  
 s. 552-4910.

**STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!**  
 Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!  
[www.kaupumgull.is](http://www.kaupumgull.is)  
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**  
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**Til bygginga**



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**  
**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**  
 Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl. hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

**Nudd**

**TANTRA NUDD**  
 Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þó, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 [www.tantra-temple.com](http://www.tantra-temple.com)

**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. /Evar Friðriksson s. 863 7493.

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**  
 Dalshraun 13 Hafnarfirði  
 Funahöfða 17a-19, Reykjavík  
 Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi  
 VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.  
 gsm 777 1313  
[leiga@leiguherbergi.is](mailto:leiga@leiguherbergi.is)

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU, NYBYLAVEGI OG AUÐBREKKU (GÖMLU TOYOTAHÚSUNUM)**  
 150 - 300 fm m / innkeyrsludryg, 150 -300 fm fm undir verslun eða léttan iðnað, 200 - 400 fm fyrir heildverslun eða léttan iðnað. Greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.  
**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TRÖNUHRAUN 10, HFJ.**  
 Fullbúin hótélherb. með baðherb., neti, aðgengi að sameiginlegu eldhúsi og þvottahúsi til leigu til 01. maí. Verð kr. 75-95þús per/mán. Uppl. í s. 899 7004.

**Húsnæði óskast**

**B L A N D**  
**OKKUR VANTAR EIGNIR TIL LEIGU**  
 Yfir 500.000 heimsóknir á viku og mikil eftirspurn eftir íbúðum til leigu. Skráðu eignina þína frítt á Bland.is í febrúar.

**Atvinnuhúsnæði**

Til leigu atvinnuhúsnæði í Pangbakka Mjódd. Gæti hentað fyrir snyrtistofu eða aðra smærri atvinnustarfsemi. Uppl. í síma 6958872

**til sölu**

**Sérverslun með meðgöngufatnað og fl.**

Til sölu sérverslun fyrir konur, með vandaðan og vinsælan meðgöngufatnað og flottan kvenfatnað. Verslunin er í góðu 140 fm húsnæði í verslunarmiðstöð. Verð aðeins 10 millj með vörulager. Uppl í síma 773-4700

FYRIRTÆKJASALA ÍSL. • S: 520-3500 • [WWW.ATVEIGNIR.IS](http://WWW.ATVEIGNIR.IS)

**fasteignir**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**  
 ÖÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
 Netfang: [fastmark@fastmark.is](mailto:fastmark@fastmark.is) - [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)  
 Jón Guðmundsson, söluþj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Sjávargrund 9b - Garðabæ**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45**

**OPIÐ HÚS**

5-6 herb. íbúð með séringangi. Íbúðin er á tveimur hæðum með sér andyri á 1. hæð auk herbergis án glugga og geymslu í kj. samtals að birtu flatarmáli 170,9 fm. Bítastæði, 20,5 fm, í bílajakallara fylgir. Birt stærð heildareignarinnar er 191,4 fm. Opið eldhús með nýlegri innréttingu. Rúmgóð stofa með góðri lofthæð og útgangi á svalir til suðurs. 4 herbergi. Hringstigi af svölum niður í aflokaðan húsgarð. **Verð 43,9 millj. Verið velkominn.**

**Geymsluhúsnæði**

**GEYMSLULAUSNIR.IS**  
 Búslóðageymsla og flutningar. Gótt verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**  
 Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
 Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, uppítað og vakttað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**  
 Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímásamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

**GEYSIR - BISTRÓ AÐALSTRÆTI 2, 101**  
 Erum að leita af rösku starfsfólki í eftirtaldr stöður:  
 Eldhús í fullt starf  
 Uppvask hluta starf  
 Sal hluta starf  
 Ekki yngri enn 18 ára.  
**Upplýsingar í s. 517 4300**

Starfsmaður óskast í veitingahúsi í 108 Rvk - sveigjanlegur vinnutími. Upplýsingar í síma 847-4245

**ROADHOUSE**

óskum eftir starfsmanni í eldhús, fullt starf. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af eldhústörfum, en ekki skilyrði. Vaktavinna. Sendið umsókn á: [baldur@roadhouse.is](mailto:baldur@roadhouse.is)

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)





21:40

**TOGETHERNESS**

Glænýir og vandaðir gamanþættir frá HBO sem fjalla um tvö pör sem búa undir sama þaki en þurfa að láta sambúðina ganga upp með öllum sínum uppákomum.

**FJÖLBREYTT MIÐVIKUDAGSKVÖLD!**

Fáðu þér áskrift á 365.is

**365**

20:05

**GREY'S ANATOMY**

Vinsælir dramaþættir sem fjalla um flókið einkalíf læknanna á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg.



21:15

**FOREVER**

Stórgóð þáttaröð um Dr. Henry Morgan, réttar-meinafræðing, sem á sér afar litríka og langa fortíð. Hann getur nefnilega ekki dáðið.



22:45

**GIRLS**

Fjórða gamanþáttaröðin um vinkvennahóp á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York.



SNÝR AFTUR

22:00

**HUSH**

Hörkuspennandi mynd sem fjallar um ungt par sem dregst inn í lífshættulegan eltingaleik úti á þjóðvegnum.



20:30

**BABY DADDY**

Fjórða gamanþáttaröðin um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar fyrrverandi kærasta hans skilur stúlukubarn eftir við dyragættina.




SNÝR AFTUR

19:00

**STUART LITLI**

Stórskemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna.



**SUDOKU**

**LÉTT**

6	7	3			4
	1	4			
		6	7	1	8
	2	9	4	3	5
1			8		9
9	5			7	
2	6	3		5	1
		2	9	8	3
5	8	3		2	

**LÉTT**

7			8	9		2	6
					7		
6	9		2	4	8		
	5	3	1				
7	6	9	8			5	
			6	4	1		
	8					7	3
9		6				4	
4			9				

**MIDLUNGS**

**PUNG**

		2	4				
9		8	6	3			
4	7		5	8			
	8			9			
			9	6			
	2	5	8	1			
7	6					2	
			2				
			3	9	7		

7	8	1	5	9	4	2	3	6
9	3	6	2	1	7	5	4	8
2	4	5	8	6	3	9	1	7
1	5	7	3	2	8	4	6	9
4	9	8	6	5	1	3	7	2
3	6	2	4	7	9	8	5	1
6	2	9	7	3	5	1	8	4
5	1	4	9	8	6	7	2	3
8	7	3	1	4	2	6	9	5

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Myndasögur**

**PONDUS**

Eftir Frode Øverli



**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Enginn gerði stærri mistök en sá sem gerði ekkert af því að honum fannst hann geta gert svo lítið.“  
Edmund Burke, 1729-1797.

**KROSSGÁTA**

**LÁRÉTT**  
2. sæti, 6. tveir eins, 8. pása, 9. bók, 11. píla, 12. farði, 14. grátur, 16. karlkyn, 17. síðan, 18. farfa, 20. ólæti, 21. númer tónverks.

**LÓÐRÉTT**  
1. erindi, 3. eftir hádegi, 4. eyða, 5. sérstaklega, 7. skipafélag, 10. málmur, 13. bjargbrún, 15. sog, 16. kjafi, 19. í röð.

**LAUSN**  
15. tött, 16. kíó, 19. tú.  
5. sár, 7. einnskipið, 10. tíni, 13. nósi, 17. svó, 18. líti, 20. at, 21. ópus.

**LÖBDRÉTT:** 1. vers, 3. eh, 4. síokkva, 11. or, 12. smink, 14. snótk, 16. kk, 17. or, 18. líti, 20. at, 21. ópus.

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. ee, 8. hle, 9. rít, 11. tött, 16. kíó, 19. tú.

**SKÁK**


**Gunnar Björnsson**  
Smári Sigurðsson (1.901) hafði hvítt gegn Hermanni Aðalsteinssyni (1.342) á Janúarmóti Hugins. Hvítur á leik



31. Hxe5! Dxe4 32. Hxe4 bxc4? (32... Bf6 er skárra enn eftir 33. Hxd6 og hvíta staðan einnig kolunnin) 33. Hxe7 og hvítur vann skömmu síðar. [www.skak.is](http://www.skak.is) Skráningarfrestur rennur út á hádegi.



**PINK FLOYD-DÚNDURFRÉTTIR**



**40 ÁRA**

# **WISH YOU WERE HERE**

**HOFI AKUREYRI 11. APRÍL./ELDBORG 25. APRÍL.**



**MÍÐASALA HEFST Á MORGUN**

**harpa.is- midi.is SÍMI 528 50 50-AKUREYRI: midi.is- menningarhus.is -SÍMI 450-1000..**



# TRAUSTIR, NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á HAGSTÆÐU VERÐI



**VW Golf** R line  
Árgerð 2014, bensín  
Ekinn 3.000 km, sjálfskiptur

**Ásett verð:**  
**3.920.000**



**VW Caddy** Maxi Life 2.0  
Eco. Árg. 2014, bensín/metan  
Ekinn 9.000 km, beinskíptur

**Ásett verð: 3.590.000**



**VW Passat** High Ecofuel  
Árgerð 2011, bensín/metan  
Ekinn 45.000 km, sjálfskiptur

**Ásett verð: 3.290.000**



**Skoda Octavia** Ambiente  
1.6 TDI. Árgerð 2012, dísil  
Ekinn 59.000 km, beinskíptur

**Ásett verð: 2.890.000**



**Skoda Rapid** Amb. 1.4 TSI  
122hó. Árgerð 2013, bensín  
Ekinn 41.000 km, sjálfskiptur

**Ásett verð: 3.140.000**



**MM Pajero** Instyle  
Árgerð 2010, dísil  
Ekinn 60.000 km, sjálfskiptur

**Ásett verð: 5.990.000**



**Audi A4** 2.0 TDI AT  
Árgerð 2012, dísil  
Ekinn 38.500 km, sjálfskiptur

**Ásett verð: 4.990.000**



**Chevrolet Captiva**  
7manna. Árgerð 2012, dísil  
Ekinn 73.000 km, sjálfskiptur

**Ásett verð: 4.390.000**



**Toyota Yaris** 1300 Sol  
Árgerð 2007, bensín  
Ekinn 112.000 km, beinskíptur

**Ásett verð: 1.290.000**

Komdu og skoðaðu úrvalið!



**NOTAÐIR  
BÍLAR** heklanotadibir.com

Laugavegi 174 | Sími 590 5040  
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

## LÍFIÐ



**STÖKKPÚÐINN** Svona mun púðinn á Akureyri líta út. Hann verður staðsettur í Hlíðarfjalli á Akureyri til að byrja með. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur púði kemur til landsins.

# Þetta er eins og að lenda á bleiku skýi

Íslenskt snjóbrettafólk og jaðarsportmenn geta glaðst því á leiðinni til landsins er risastökkpúði sem gerir þeim kleift að þróa stökk án nokkurrar slyshættu.

Þrjú Akureyringar hafa tekið sig saman og keypt stökkpúða sem staðsettur verður í Hlíðarfjalli á Akureyri til að byrja með. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur púði kemur til landsins.

„Þetta er fyrst og fremst til að hafa gaman af þessu. Svona púðar eru komnir á öll helstu skíðasvæði í Evrópu og í Bandaríkjunum. Þetta er svona það sem er að taka við af svampgryfjunum,“ segir Kristófer Finnsson, sem flytur púðann inn ásamt föður sínum, Finni Aðalbjörnssyni, og Guðlaugi Má Halldórssyni. Sjálfur er Kristófer mikið í mótorkross og þekkir því vel inn á jaðarsporheiminn.

Púðinn kemur frá Austurríki, er 15 sinnum 15 metrar og þrjú og hálfur metri á hæð, sem gefur um 225 fermetra mjúkan lendingarpall. „Það er engin hætta á því að þú skoppir af honum, þar sem hann dælir út lofti um leið og þú lendir og fyllir sig svo aftur. Svo eru brúnirnar það háar að þú rennur heldur ekki út af honum. Þetta er bara eins og að lenda á bleiku skýi,“ segir Kristófer og hlær.

Púðann má ekki bara nota í snjó og fyrir skíði og snjóbretti, heldur geta þeir sem stunda mótorkross, parkour eða hjóla á BMX-hjólum notað hann. Auðvelt er að pakka púðanum saman og fara með hann hvert á land sem er.

„Þetta færir menn alveg upp á næsta stig. Snjóbretrastrákarnir voru kannski hættir að þora í sum stökk og gátu ekki þróað þau af hættu við að slasa sig. Þarna ertu kominn með mjúka lendingu sem nánast ómögulegt er að slasa sig á,“ segir hann.

Formleg opnun verður þann 14. mars á Iceland Winter Games sem hefjast á Akureyri í byrjun mars og þar verður hægt að sjá og prófa púðann.

„Við reiknum með því að fólk geti keypt sér passa eða staka ferð á púðann, en það á bara eftir að útfæra það betur,“ segir Kristófer. [adda@frettabladid.is](mailto:adda@frettabladid.is)



**KRISTÓFER FINNSSON** Hann flytur púðann inn ásamt föður sínum, Finni Aðalbjörnssyni, og Guðlaugi Má Halldórssyni MYND/AXEL DARRI

„Það er engin hætta á því að þú skoppir út af honum, þar sem hann dælir út lofti um leið og þú lendir og fyllir sig svo aftur.“

## Súpa með papriku, kartöflum og fetaosti

Góð og fljótleg papriku- og kartöflusúpa með fetaostmulningi sem gott er að bera fram brauð með.

1 laukur  
4 miðlungstórar kartöflur  
4 rauðar paprikur  
2 kjúklingateningar  
Ólífuolía  
1 tsk. salt  
Nýmalaður pipar

### Til skrauts

150 g fetaostur (fetakubbur sem er mulinn niður)  
1 msk. ólífuolía  
Fersk steinselja eða mynta (eða 2 tsk. þurrkuð mynta)

Hitið einn lítra af vatni að suðu. Hakið laukinn, skrálið kartöflurnar



og skerið í þunnar sneiðar. Hreinsið paprikurnar og skerið í strimla. Steikið laukinn í 2 msk. af ólífuolíu í stórum potti í 3 mínútur. Bætið kartöflunum í pottinn og steikið áfram í 3 mínútur. Bætið paprikunni í pottinn og steikið áfram í aðrar 3 mínútur. Myljið kjúklingateningana

yfir og hellið helmingnum af soðna vatninu yfir. Sjóðið við vægan hita í 10 mínútur. Takið pottinn af hitanum og maulið súpana með töfrasprota. Þynnið súpana með því sem eftir er af soðna vatninu þar til óskaðri þykkt er náð. Kryddið með salti og pipar.

Uppskrift fengin af [Ljufmeti.com](http://Ljufmeti.com)



LÉTT  
BYLGJAN  
967

OPIÐ TIL 22 Á MORGUN  
19. FEBRÚAR

# KÓSÍKVÖLD

Vertu velkomin á Kósíkvöld Létt Bylgjunnar  
í Kringlunni á morgun. Frábær tilboð,  
veitingar og hugguleg stemning.



GLÆSILEG SKEMMTIDAGSKRÁ  
FRÁ KL. 19.00

Dúettinn Steinríkur  
HINEMOA  
Elín Sif og Hófi  
Ragga Gröndal  
María Ólafs og StopWaitGo  
Eybór Ingi  
Sigga Kling

Kynnir: Rúnar Freyr

Kringlan



**LAUGARÁSBIÓ** 



<b>LAUGARÁSBIÓ</b>	Sýningartímar	
FIFTY SHADES OF GREY	5:25, 8, 10:35	16
KINGSMAN	8, 10:40	16
SEVENTH SON	8	12
SVAMPUR SVEINSSON 2D	6	6
PADDINGTON ISL.TAL	6	6
HOBBIT 3 3D	10:10	12

**SAMBIÓIN**



LOST CONTROL  
FIFTY SHADES OF GREY

**Kingsman THE SECRET SERVICE**



**ALFABAKKA**

FIFTY SHADES OF GREY	KL. 5:20 - 8 - 10:40
FIFTY SHADES OF GREY VIP	KL. 5:20 - 8 - 10:40
JUPITER ASCENDING 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL.TAL 2D	KL. 5:50
THE SPONGEBOB MOVIE EIGN.TAL 2D	KL. 5:50
WILD CARD	KL. 8:30 - 10:40
THE IMITATION GAME	KL. 6 - 8 - 10:40
AMERICAN SNIPER	KL. 8 - 10:45

**EGILSHÖLL**

KINGSMAN: THE SECRET SERVICE	KL. 5:20 - 8 - 10:40
JUPITER ASCENDING 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL.TAL 2D	KL. 5:30
WILD CARD	KL. 8
THE IMITATION GAME	KL. 8 - 10:30
AMERICAN SNIPER	KL. 5:20 - 10:10

**KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI**

IOLANTA/ DUKE BLUEBEARD OPERA ENDURFLUT	KL. 6
FIFTY SHADES OF GREY	KL. 6 - 9 - 10
KINGSMAN: THE SECRET SERVICE	KL. 5:20 - 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL.TAL 2D	KL. 3
BIG HERO 6 ISL.TAL 2D	KL. 3
TÖFRAHÚSÍÐ ISL.TAL	KL. 3

**KEFLAVÍK**

FIFTY SHADES OF GREY	KL. 8 - 10:40
KINGSMAN: THE SECRET SERVICE	KL. 8 - 10:40

**AKUREYRI**

JUPITER ASCENDING 3D	KL. 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL.TAL 3D	KL. 5:50
THE SPONGEBOB MOVIE EIGN.TAL 2D	KL. 5:50
THE IMITATION GAME	KL. 8
AMERICAN SNIPER	KL. 10:40

**SMÁRA BIÓ HÁSHÖLA BIÓ**




**SMÁRA BIÓ**

FIFTY SHADES OF GREY	KL. 5 - 8 - 10:40
FIFTY SHADES OF GREY LÚXUS	KL. 5 - 8
KINGSMAN	KL. 8 - 10:45
KINGSMAN LÚXUS	KL. 10:45
SEVENTH SON	KL. 8
SVAMPUR SVEINSSON 2D	KL. 3:30 - 5:45 - ISL.TAL
THE WEDDING RINGER	KL. 10:20
PADDINGTON 2D	KL. 3:30 - 5:45 - ISL.TAL

**HÁSHÖLA BIÓ**

FIFTY SHADES OF GREY	KL. 8 - 10:40
BIRDMAN	KL. 8 - 10:40
ÓLI PRIK	KL. 5:30 - 8 - 10:20
ÓMURLEG BRÚDKAUP	KL. 5:30 - 8 - 10:20 ISL.TEXTI
BÉLIER FJÖLSKYLDAN	KL. 5:30 - ENS.TEXTI
PATTINGTON	KL. 5:30 - ISL.TAL



**FRUMSÝNING** Dakota Johnson og Jamie Dornan fara með aðalhlutverk í myndinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fimmtíu gráir skuggar á flugi

Kvikmyndin Fimmtíu gráir skuggar, sem frumsýnd var í Bandaríkjunum og hérlendis um helgina, fór vel af stað í Bandaríkjunum. Myndin skilaði um 94,4 milljónum Bandaríkjadala í miðasölu frá föstudegi til mánudags, sem þýkir góður árangur í ljósi þess að um þriggja daga fríhelgi var að ræða vegna President's Day, þegar fæðingardegi fyrsta forseta Bandaríkjanna, George Washington, er fagnað. Stærsta opnun kvikmyndar í febrúar var þegar myndin Passion of Christ var frumsýnd árið 2004, en Fimmtíu gráir skuggar fylgir fast í fótspor hennar.

## Ertu með skilríki?

**BAKPANKAR SETNINGIN** sem ég óttaðist mest af Viktoríu Hermannsdóttur



sem ég óttaðist mest af öllu frá 16-20 ára aldurs var: „Ertu með skilríki?“ Öll ráð voru reynd til þess að líta út fyrir að vera eldri og komast inn á skemmtistaði eða geta keypt áfengi í Ríkinu. Alls konar trikk. Einnhverjar vinkonur mínar bjuggu svo vel að geta lagað til eigin skilríki til þess að láta fæðingarárið vera annað en það var í raun. Svo voru fengin lánuð skilríki frá einhverjum sem líktist manni. Stundum líktist viðkomandi manni ekki neitt og þá skipti öllu hvort dyraverðirnir myndu sjá í gegnum þetta eða ekki. Ein dökkhærð vinkona mín var með skilríki ljóshærðrar konu í yfir-stærð sem var 15 árum eldri en hún. Það virkaði eiginlega alltaf þar sem hún gat með stolti sagst hafa lést um fjölmörg kíló og dyraverðirnir tóku ekki sés á að móðga hennar nýja útlit. Þegar farið var út á lífið snerist allt um það að klæða sig rétt og reyna að líta út fyrir að vera orðin 20 ára.

**SÍÐAN** náðum við vinirnir

20 ára og þá snerist þetta við. Þá var gaman í nokkra mánuði að geta sýnt sín réttu skilríki og vera búinn að ná löglegum aldri til þess að komast inn á staði. Sjaldnar og sjaldnar var maður spurður um skilríki. Þetta gleymdist eins og hvað annað og varð sjálfsagt að komast inn enda komin með aldri.

**PESSI** gamalkunna setning rifjaðist upp fyrir mér þegar ég fór buguð af aldurskomplexum að kaupa áfengar veigar fyrir 28 ára afmælisveisluna mína um helgina. Hvert flaug tíminn og vá hvað maður er orðinn gamall voru hugsanir mínar þennan daginn í Áfengisverslun ríkisins.

**VINIRNIR** voru væntanlegir í parti um kvöldið og ég tindi hugsunarlaust til nokkrar flöskur á afgreiðsluborðið. Afgreiðslukonan skannaði flöskurnar og rétti mér poka. Svo kom það. „Ertu með skilríki?“ Skælbroandi rétti ég henni kortið og þakkaði henni kærlega fyrir. Þjargaði deginum og aldurskomplexarnir voru á bak og burt. Svona getur þetta snúist við og nú gleðst maður ef einhver heldur að maður sé ekki orðinn tvítugur.

## Sagan er eins og McDonald's-hamborgari, næringarsnauður og innihaldslaus

BÍÓ ★★★★★

### Fifty Shades of Grey

Aðalhlutverk: Dakota Johnson, Jamie Dornan, Jennifer Ehle

LEIKSTJÓRI: SAM TAYLOR-JOHNSON

Fimmtíu gráir skuggar rekja kynlífssamband milli Anastasiu Steel, ungrar óreyndrar meistar, og Christians Grey, sem er stjórn-samur sadisti. Rithöfundur þrileiksins er E.L. James, þreytt húsmóðir sem settist yfir netið einn góðan veurdag og breytti Twilight-bókunum í BDSM-sögu. Sjálf stundar rithöfundurinn ekki BDSM heldur lá yfir netinu og las hvernig annað fólk lýsti sinni upplifun. Hún hafði mikla stjórn yfir leikstjóranum á meðan á tókum stóð og er það óvanalegt. Því mætti telja að bókinn yrði sterkari í myndinni en raun ber vitni.

Það mætti ætla að myndin fjalli um unga rómantik með sinni togstreitu og hjartatogi en þetta er ekki ástarsaga; þetta er lýsing á kynlífssambandi og valdatafli. Hann hefur peninga en hún hefur óflekkað klot. Þessi saga væri ekki til ef ekki væri spilað inn á þessa aldagömlu sögu um völd, græðgi og losta. Christian gæti aldrei verið jafnaldri hennar úr skólanum eða hún hin sterka sem stjórnar honum. Sem í raun myndi meika meiri sens því stjórn-samir karlar þrjá oft í raunveruleikanum að láta að stjórn en það er ekki formúlan. Hér er formúlunni fylgt, þó það sé löngu kominn sveppur og mygla í hana.

Christian, aðalsögupersónan, er fljótur að leiðrétta hvolpa-ástina í augum Önu (eins og hún er kölluð í myndinni) og segir henni að hann elski ekki, hann bara ríði. Og það gerir hann svo sannarlega. Þeir sem hafa lesið bókina verða eflaust fyrir sárum vonbrigðum yfir að túrtappakynlífs-senast ekki eða þrjár fullnægingar Önu í baði eða hamslausu munnmökkin. Í dimum bíosalnum komst ég ekki hjá því að þylja upp ljóðin hennar Elísabetar Jökulsdóttur um samband



hennar við ofbeldismann. Ana er með Öskubuskuheilkenni á háu stigi og getur ekki beðið eftir því, verandi ung og óreynd, að vera bjargað af sterkum og tilfinningalega heftum karlmanni. Christian er beyglaður, brotinn, götöttur alkóhólisti og sadisti. Hann þarf að berja Önu því þannig er hann bara. Hún á bara að taka því eða ekki. Hann skal kannski fara með henni endrum og eins á stefnumót, þótt hann raunverulega fíli ekki svoieidis, ef hann má bara þrykkja inn í og binda. Mér féllust því reglulega hendur.

Kynlífs-senurnar eru settar í rómantískt ljós með sinni hægu aðáun á kvenlíkamanum en svo klúðrast allt í samfaramiðaðri þrykkingu. Svo ég tali nú ekki um svokölluðu BDSM-senurnar. Samband DOM og SUB er byggt

á trausti og samþykki, samningurinn er gerður af þeim báðum og þau þróa sig áfram. Og það er sérstaklega mikilvægt að vera með hausinn á hreinu og vera edrú. Þau eru vökvuð alla myndina, til frekari lýsingar á takmörkuðum skilningi á ást, unaði og starfsemi kynfæra.

Ef myndin ætti að vera eitt-hvað krassandi og myndi meika einhvern sens, þá væri Ana löngu búin að stinga þumli upp í rassinn á Christian sem myndi stynja af unaði. En hér er ekki tenging við raunveruleikann svo vinsamlegast, ekki fara inn í salinn með þær væntingar.

Christian Grey er ofbeldisfullur sadisti. Hann þarf sitt og fær sitt á meðan Ana staulast um í von um að með hverri innsetningu lims lagist holurnar í hjarta hans. Þetta er sígild saga konunn-

ar sem ekki gat farið. Með því að birta enn eina myndina þá viðhöldum við þessari trú. Þú getur lagað hann. Ástin ykkar er eins og kitti í hans tættu sál, þú þarft bara að þræka og láta allt yfir þig ganga og þá muntu uppskera prinsinn þinn og allt verður gott. Þekkið þið þennan söguþráð? Nú er komið gott.

Elsku ungu elskendur, svona er ekki ástin og alls ekki kynlíf, þú átt og mátt vilja jafnræði, virðingu, samskipti, snípsstrokur og maka sem stendur þér jafnfætis. Annað kremur hjarta og klot.

Sigga Dögg

**NIÐURSTAÐA:** Raunverulegt BDSM getur verið frábært krydd en þá þarftu líka að kunna til verka. Fantásían þarf ekki vera pólitískt rétt og það er allt í lagi að verða graður í bíói en þessi mynd er bara froða.

**BÍÓ ★ PARADÍS** **HAPPY HOUR A BARNUM 17-20**



Girlhood	17.45	Mommy	20.00
Mr. Turner	18.00	A most wanted man	22.15
Paris norðursins ENG.SUB	18.00	Whiplash	22.30
Jimmy's Hall	20.00, 22.15		



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi



# Hér skal nú glens og gaman

## Skemmtidagskrá öskudagsins kl. 11-17

- Búningasamkeppni fyrir einstaklinga og hópa
- Ókeypis myndataka og útprentun
- Lukkuhjól - engin núll
- Ókeypis andlitsmálun
- Nammi og fjör



Fyndnasti búningurinn 2014  
Einstaklingskeppni

Flottustu búningarnir 2014  
Hópakeppni

Fyndnustu búningarnir 2014  
Hópakeppni

Óvæntustu búningarnir 2014  
Hópakeppni

Óvæntasti búningurinn 2014  
Einstaklingskeppni

Flottasti búningurinn 2014  
Einstaklingskeppni



# Risarnir dansa sama dansinn

Það er margt afar líkt með liðssöfnun KR og FH fyrir komandi tímabili í Pepsi-deildinni í fótbolta. KR hélt blaðamannafund í gær þar sem Skúli Jón Friðgeirsson skrifaði undir samning. Leikmannakapphlaupið milli Vesturbæjar og Hafnarfjarðar er í fullum gangi.

**FÓTBOLTI** FH og KR horfðu á eftir Íslandsbikarnum í Garðabæinn síðasta sumar og bæði liðin misstu leikmenn í vetur. Þau þurftu því bæði að safna liði fyrir átökin í Pepsi-deildinni 2015 og margt er líkt með nýju leikmönnum í Kaplakrika og Frostaskjólinu.

FH-ingar héldu blaðamannafund á dögnum þar sem Bjarni Þór Viðarsson og Jérémy Serwy skrifuðu meðal annars undir samninga og í gær var röðin komin að KR-ingum sem héldu sinn eigin fund. Skúli Jón Friðgeirsson er kominn heim líkt og Bjarni en áður höfðu þeir Rasmus Christiansen og Sören Frederiksen gengið frá samningi við KR-liðið.

## Tólf af síðustu sextán

KR og FH hafa unnið tólf af sextán Íslandsmeistaratitlum í boði frá árinu 1999 og ekkert annað félag hefur unnið hann oftast en einu sinni á sama tímabili. Það er því ekkert skrítíð að talað sé um risana tvo og að önnur félög biði svolítið eftir því hvaða liður FH og KR leggja í leikmannamálum. Hingað til hafa þau bæði slegið sama taktinn.

Hvort sem það er sonur sem er kominn heim á ný eftir lítinn spila-tíma í útlöndum, miðvörður sem er þekkt stærð í íslensku deildinni eða sóknjafur erlendur kantmaður þá má finna einn af hverri gerð hjá félögum tveimur. Reynslumikill og fjölbær miðjumaður er

líka mættur á hvorn staðinn fyrir sig og þá hafa bæði félögin horft á eftir svipuðum týpum.

Stjórnumenn fundu leiðina að fyrsta Íslandsbikarnum í sögu félagsins sem ekki síst er að þakka velheppnuðum innflutningi á sterkum fótoltamönnum af Norðurlöndunum. KR og FH hafa bæði boðað komu fleiri erlendra leikmanna. Það er því líklegt að það eigi eftir að bætast sterkir leikmenn við báða leikmannahópa. Liðin eru byrjuð að spila leiki en það er enn þá rúmirtveir mánuðir í mót.

## Staða FH betri á blaði

Staða FH-inga er vissulega betri á blaði. Þeir voru hársbreidd frá Íslandsbikarnum síðasta haust og hafa heldur ekki misst lykilmenn liðsins eins og KR-liðið. KR-ingar þurfa því að gera enn betur ætli þeir að standa í fæturna gegn liðum FH og Stjórnunnar sem voru í nokkrum sérflokkum síðasta sumar.

Íslandsmeistarar Stjórnunnar hafa til þessa ekki tekið þátt í leikmannakapphlaupinu af sama krafti og KR og FH en Garðabæingar hafa styrkt sig skynsamlega og þeir eru jafnframt til alls líklegir á lokasprettinum. Þangað til fylgjast þeir eflaust með kappi risanna eins og hin lið Pepsi-deildarinnar.

Fréttablaðið notaði tækifærið eftir fréttir gærdagsins og bar saman breytingarnar á leikmannahópi KR og FH frá því síðasta haust.

ooj@frettabladid.is

## KOMNIR FRÁ SÍÐASTA TÍMABILI

### SONURINN SEM ER KOMINN HEIM

#### BJARNI ÞÓR VIÐARSSON Í FH

Bjarni Þór Viðarsson hefur aldrei spilað með FH í efstu deild en hann fór út aðeins sautján ára gamall og er nú að koma heim í Kaplakrika eftir tæplega tíu ár í atvinnumennsku. Bjarni Þór hefur fengið lítið að spila síðustu árin og þarf á alvöru tímabili að halda. Skúli Jón Friðgeirsson yfirgaf KR sem Íslandsmeistari haustið 2011. Hann hefur spilað í Svíþjóð síðan þá en var úti í kuldanum hjá bæði Elfsborg og endaði sem lánsmaður hjá Gefle. Þar fékk hann fleiri tækifæri en nú kemur hann aftur heim KR reynslunni ríkari eftir lærdómsrík ár í atvinnumennsku.



#### SKÚLI JÓN FRIDGEIRSSON Í KR



### MIÐVÖRÐURINN SEM ER BÚINN AÐ SANNA SIG Á ÍSLANDI

#### GUÐMANN ÞÓRISSON Í FH

Bæði liðin hafa styrkt sig með öflugum miðvörðum sem yfirgáfu deildina sem bestu varnarmenn hennar. Guðmann Þórisson er þekkt stærð í Kaplakrika eftir tvö góð tímabili með FH frá 2012 til 2013. Hann varð meðal annars Íslandsmeistari á sínu fyrsta ári með FH en hefur síðan spilað í Svíþjóð. Rasmus Christiansen lék með ÍBV í þrjú sumur við frábæran orðstír en hefur síðan spilað í Noregi. Krossbandsslit er mikill óvissuþáttur í endurkomu hans í íslenska boltann en Eyja-Rasmus myndi gera mikið fyrir varnarleik KR-liðsins.



#### RASMUS CHRISTIANSEN Í KR



### STÓRU KAUPIN

#### PÓRARINN INGI VALDIMARSSON Í FH

Hér hafa bæði félögin tjaldað miklu til. Kaup FH á Þórarni Inga frá ÍBV eru ein þau stærstu í sögu íslensks félags og KR-ingar höfðu betur í miklu og dýru kapphlaupi við Val, KA og FH um undirskrift Pálma Rafns. Pálmi Rafn er kominn heim eftir sjö ára atvinnumennsku í Noregi en Þórarinn Ingi var líka búinn að reyna fyrir sér í atvinnumennsku áður en kom heim í fyrra. Báðir eru þetta fjölbærir miðjumenn sem leysa mörg hlutverk.



#### PÁLMI RAFN PÁLMASSON Í KR



### ERLENDI KANTMAÐURINN

#### JÉRÉMY SERWY Í FH

Bæði félögin hafa aukið sóknarþungann með því að bæta við sig erlendum kantmanni. FH-ingar náðu í Jérémy Serwy sem er 23 ára Belgí sem getur bæði spilað á kantinum og sem sóknjafur miðjumaður. Serwy sýndi snilli sína í aukaspyrnum í tveimur æfingaleikjum á dögnum. KR-ingar náðu í Sören Frederiksen sem er 25 ára vængmaður eða framherji sem varð tvöföldur meistari með danska liðinu AaB á síðustu leiktíð. Leikmaður í tvöföldu meistaraliði í Danmörku sem skorar í úrslitaleik danska bikarsins á að geta haft áhrif á Pepsi-deildina.



#### SÖREN FREDERIKSEN Í KR



## FARNIR FRÁ SÍÐASTA TÍMABILI

### Fyrirliðinn

ÓLAFUR PÁLL SNORRASON - FH  
BALDUR SIGURÐSSON - KR

### Kantmaðurinn

ÓSKAR ÖRN HAUSSON - KR  
INGIMUNDUR NÍELS ÓSKARSSON - FH

### TRAUSTI HÆGRI BAKVÖRÐURINN


GUÐJÓN ARNI ANTONÍUSSON - FH  
HAUKUR HEIÐAR HAUSSON - KR

## Sjónvarpsstöðin Hringbraut fer í loftið kl. 21.00 í kvöld



## MANNVIRÐING OG UMBURÐARLYNDI

— er okkar leiðarljós

 Þorsteinn Pálsson <b>Pistaskrif</b> á hringbraut.is	Björk Eiðsdóttir <b>Kvennaráð</b> á föstudögum	Rakel Garðarsdóttir <b>Neytendavaktin</b> á þriðjudögum	Páll Magnússon <b>Þjóðbraut</b> á fimmtudögum	Karl Ágúst Úlfsson <b>Helgin</b> á föstudögum
Sigurður K. Kolbeinsson <b>Atvinnulífið</b> á þriðjudögum	Sólveig Ólafsdóttir <b>Heimsljós</b> á miðvikudögum	Hulda Bjarnadóttir <b>Hringtorg</b> á mánudögum	Sigmundur Ernir Rúnarsson <b>Lífsstíll</b> á mánudögum og <b>Mannamál</b> á miðvikudögum	

Upplýsandi, fróðlegir og stundum ögrandi sjónvarpsþættir um hitamálin heima og erlendis. **Fylgstu með** frá fyrsta degi!

Stilltu á rás 7 hjá símanum og 25 hjá Vodafone, útsendingar eru í háskerpu.



HRINGBRAUT  
við miðlum af reynslu

Hringbraut-miðlun ehf. | Sundagarðar 2 | 104 Reykjavík | www.hringbraut.is | Sími +354 561 3100



**SKÚLI OG UNGU MENNIRNIR** Auk Skúla Jóns gekk KR frá samningum við sex unga og efnilega leikmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokk. Hér eru þeir Kristinn Kjærnested og Bjarni Guðjónsson með Skúla Jóni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Er ekki verri en ég var

Skúli Jón Friðgeirsson samdi við KR til þriggja ára.

**FÓTBOLTI** Skúli Jón Friðgeirsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við uppeldisfélag sitt, KR, og snýr því aftur eftir tæplega þriggja ára dvöl í Svíþjóð. Hann var á mála hjá Elfsborg, og svo var svo lánaður til Gefle, en fékk fá tækifæri ytra.

„Þetta var þrátt fyrir allt finn tími, ekki síst fyrir mig sjálfan að taka út ákveðinn þroska. En þetta var ansi skítt út frá knattspyrnunni séð,“ sagði Skúli Jón í samtali við Fréttablaðið að loknum blaðamannafundi í íþróttahúsi KR-inga í Frostaskjóli.

Hann telur að hann hafi þrátt fyrir allt bætt sig sem knattspyrnumaður á þessum þremur árum. „Ég er að minnsta kosti ekki verri en ég var. Ég hef verið nokkurn veginn meðslafir, alla vega síðustu tvö árin, og hef æft mjög vel. Þegar ég fæ nokkra leiki til að koma mér í leikform þá tel ég að ég verði í fínu standi.“

Skúli Jón segist ánægður með að vera kominn heim til Íslands og að hugarfarið sé í lagi hjá honum.

„Það er gott að geta sagt skilið við þennan tíma og ég tel að ég geti komið sterkari fyrir vikið út úr öllu saman.“

Skúli Jón skildi við KR sem Íslands- og bikarmeistari og honum líst vel á bæði liðið og nýja þjálfarateymið.

„Við höfum misst sterka leikmenn en erum að fá nokkra sterka menn inn í staðinn. Gary [Martin] verður örugglega áfram þannig að þetta lítur ágætlega út hjá okkur,“ segir Skúli Jón sem viðurkennir að það verði skrítíð að spila fyrir þá Bjarna Guðjónsson og Guðmund Benediktsson, sem báðir voru samherjar Skúla Jóns hjá KR á sínum tíma.

„Bjarni var alltaf að segja mönnum til sem leikmaður og alltaf mikið vesen á honum á æfingum,“ sagði hann og hló. „Það hefur því lítið breyst.“

Skúli Jón segist koma ríkari maður heim þar sem hann kynntist kærustu sinni ytra. „Það var því ekki allt neikvætt við Svíþjóð,“ segir hann í léttum dúr.

-esá



# Tuttugu og tvö mörk og núll stig í tveimur leikjum

Er leynivopn Valsmanna að leyfa Magnúsi Óla að leika lausum hala? Valur og FH mætast enn á ný í undanúrslitum bikarkeppinnar.

**HANDBOLTI** Valsmenn og FH-ingar munu mætast í þriðja sinn á stuttum tíma í undanúrslitum Coca Cola-bikars karla í Laugardalshöllinni í næstu viku.

Valur og FH drógust saman í bikardrættinum í gær um hálfum sólarhring eftir að Valsmenn fögnuðu þriggja marka sigri, 31-28, í leik liðanna í Ólís-deildinni. Fjórðum dögum fyrr höfðu Valsmenn mætt í Kaplakrikann og unnið sannfærandi fimm marka sigur, 27-22.

Þetta hafa heldur betur verið

súrsætir leikir fyrir FH-inginn Magnús Óla Magnússon sem hefur farið á kostum í þeim báðum. Magnús Óli er nefnilega búinn að skora 11 mörk fyrir FH í báðum þessum tapleikjum og ekkert markanna hans hefur komið af vítalínunni heldur öll utan af velli.

Magnús Óli er því búinn að skora samtals 22 mörk (úr 35 skotum, 63 prósent skotnýting) í þessum leikjum við Val en þrátt fyrir frábæra frammistöðu hans er uppskeran núll stig hjá hans liði.

Restin af leikmönnum FH-liðs-

ins er því „bara“ búin að skora samtals 28 mörk í leikjunum tveimur og skotnýtingin er slök, eða aðeins 41 prósent. Næstmarkahæsti FH-ingurinn í leikjunum er Ásbjörn Friðriksson með átta mörk eða fjórtán mörkum minna en Magnús Óli.

Það er því ekkert skrítið að menn velti því fyrir sér hvort það sé hreinlega leynivopnið hjá Óskari Bjarna Óskarssyni, þjálfara Valsliðsins, að leyfa Magnúsi Óla að leika lausum hala en leggja höfuðáhersluna á það að stoppa

aðra leikmenn FH-liðsins. Valsmenn unnu fyrri leikinn örugglega og þann seinni þrátt fyrir að vera undir í hálfleik og leika án sterkra leikmanna.

Undanúrslitaleikur FH og Vals fer fram 27. febrúar næstkomandi en þá mætast einnig Íslandsmeistarar ÍBV og bikarmeistarar Hauka sem drógust líka saman í gær.

Undanúrslit kvenna fara fram daginn áður en þar mætast Haukar og bikarmeistarar Vals annars vegar og ÍBV og Gróttá hins vegar.



**EKKI NÓG** Magnús Óli Magnússon hefur skorað 22 mörk í síðustu tveimur leikjum við Val. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



**RONALDO** Verður í eldínunni með Madrídningum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Tæpt ár frá rassskellinum

**FÓTBOLTI** Real Madrid heimsækir Schalke til Gelsenkirchen í fyrri leik liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar í fótbolta í kvöld. Sömu lið mættust á sama stað í sömu umferð keppinnar fyrir innan við ári og þá lék kötturinn sér að músinni.

Real Madrid rassskellti Schalke á þess eigin heimavelli, 6-1, í leik þar sem BBC - Bale, Benzema og Cristiano Ronaldo, skoruðu tvö mörk hver. Flestir búast við tiltölulega auðveldum sigri Real á ný en Toni Kroos, leikmaður Real sem áður spilaði með Bayern, er ekki á sama máli.

„Þetta verður ekki auðvelt. Schalke gengur vel í þýsku 1. deildinni. Þetta er skipulagt lið sem náði jafntefli við Bayern og er með góða vörn. Undir stjórn Roberto di Matteo hefur liðið styrkt varnarleikinn verulega. Svo erum við líka í vandræðum með meiðsli. Takmarkið er engu að síður að komast áfram,“ sagði Toni Kroos.

Hinn leikur kvöldsins í Meistaradeildinni er viðureign FC Basel frá Sviss og Porto frá Portúgal. Í raun dauðafæri fyrir bæði lið að komast í átta liða úrslitin þar sem þau sluppu við að mæta stærri hákórlum. - tom



**JAFNTEFLI** Zlatan Ibrahimovic náði ekki að skora þegar lið hans, PSG, gerði jafntefli við Chelsea í Meistaradeild Evrópu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## ÚRSLIT

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**16-LIÐA ÚRSLIT, FYRRI LEIKIR**  
**SHAKHTAR DONETSK - BAYERN** 0-0  
**PSG - CHELSEA** 1-1  
 0-1 Branislav Ivanovic (36.), 1-1 Edinson Cavani (54.).

**LEIKIR KVÖLDSINS**  
**19.45: Schalke - Real Madrid** Sport HD  
**19.45: Basel - Porto** Sport 3

visir.is

Meira um leiki gærkvöldsins



## Létt og leikandi Óskajógúrt í nýjum búningi

Óskajógúrt hefur verið kærkominn kostur íslensku þjóðarinnar í meira en 40 ár. Þín óskastund getur verið hvenær sem er en næsta Óskajógúrt er sjaldan langt undan.

Kolvetna-skert





## Stöð 2 kl. 18.54

### Ísland í dag

Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.



## Í KVÖLD



### Grey's Anatomy

**STÖÐ 2 KL. 20.05** Ellefta röð þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



### Hart of Dixie

**STÖÐ 3 KL. 19.00** Önnur þáttaröðin um unga stórborgarstúlkur sem finna sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.



### Girls

**STÖÐ 2 KL. 22.45** Fjóða gamanþáttaröðin um hóp vinkvenna á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York og fjallar um aðstæður þeirra, samskiptin við hitt kynið, baráttuna fyrir starfsframanum og margt fleira.

## Bylgjan kl. 16.00

### Reykjavík síðdegis

Porgeir, Kristófer og Bragi með umræðu um þjóðfélagsmálin.



26. APRÍL - 18. MAÍ  
**ÚRVALSFÓLK 60+**  
**TENERIFE**  
SKEMMTANASTJÓRI: GUNNAR SVANLAUGSSON  
NÁNAR Á UU.IS

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 07.45 Victorious
- 08.05 The Wonder Years
- 08.30 Don't Trust the B\*\*\* in Apt 23
- 08.55 Mindy Project
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Spurningabomban
- 11.05 Touch
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Dallas
- 13.45 Fairly Legal
- 14.30 The Great Escape
- 15.25 Victorious
- 15.55 Grallararnir
- 16.20 The Goldbergs
- 16.45 Raising Hope
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Víkingalottó
- 19.11 Veður
- 19.20 Anger Management
- 19.40 The Middle
- 20.05 Grey's Anatomy
- 20.50 Togetherness
- 21.15 Forever
- 22.00 Bones
- 22.45 Girls
- 23.15 The Mentalist
- 00.00 The Blacklist
- 00.45 Person of Interest
- 01.30 Major Crimes
- 02.15 Bad Ass
- 03.45 Stepmom
- 05.45 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 07.00 Meistarad. - Meistaramörk
- 07.30 Meistarad. - Meistaramörk
- 08.00 Meistarad. - Meistaramörk
- 08.30 WBA - West Ham
- 11.45 Almeria - Real Sociedad
- 13.25 Ensku bikarmörkin
- 13.55 Magdeburg - Gummertsbach
- 15.10 Þýsku mörkin
- 15.40 Shakhtar Donetsk - Bayern München
- 17.20 PSG - Chelsea
- 19.00 Meistarad. - Meistaramörk
- 19.30 Schalke - Real Madrid BEINT
- 21.45 Meistarad. - Meistaramörk
- 22.15 Basel - Porto
- 00.05 Schalke - Real Madrid

## SPORT 2

- 11.30 Leicester - Crystal Palace
- 13.10 Bolton - Watford
- 14.50 Tottenham - Arsenal
- 16.30 Aston Villa - Chelsea
- 18.15 Everton - Liverpool
- 19.55 West Ham - Man. Utd.
- 21.40 Newcastle - Stoke
- 23.25 QPR - Southampton

## INN

- 20.00 Björn Bjarnason 20.30 Tölvur og tækni
- 21.00 ABC barnahjálpi 21.30 Frá Haga í maga

## ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro

- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

## STÖÐ 3

- 18.15 Last Man Standing
- 18.40 Hot in Cleveland
- 19.00 Hart of Dixie
- 19.45 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
- 20.30 Baby Daddy
- 20.55 Flash
- 21.40 Arrow
- 22.20 Sleepy Hollow
- 23.05 Supernatural
- 00.30 Hart of Dixie
- 01.15 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
- 02.00 Baby Daddy
- 02.20 Flash
- 03.05 Arrow
- 03.45 Sleepy Hollow
- 04.30 Tónlistarmyndbönd frá Bravo

## Krakastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram! 07.24 Svampur Sveinsson 07.45 Hvellur keppnisbíl 07.55 UKI 08.00 Brunabíllarnir 08.22 Lína Langsokkur 08.47 Ævintýraferðin 09.00 Strumparnir 09.25 Ljóti andarunginn og ég 09.47 Tommi og Jenni 09.53 Sumardalsmyllan 10.00 Könnuðurinn Dóra 10.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 10.45 Doddi litli og Eyrnastór 10.55 Rasmus Klumpur og félagar 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.24 Svampur Sveinsson 11.45 Hvellur keppnisbíl 11.55 UKI 12.00 Brunabíllarnir 12.22 Lína Langsokkur 12.47 Ævintýraferðin 13.00 Strumparnir 13.25 Ljóti andarunginn og ég 13.47 Tommi og Jenni 13.53 Sumardalsmyllan 14.00 Könnuðurinn Dóra 14.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 14.45 Doddi litli og Eyrnastór 14.55 Rasmus Klumpur og félagar 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.24 Svampur Sveinsson 15.45 Hvellur keppnisbíl 15.55 UKI 16.00 Brunabíllarnir 16.22 Lína Langsokkur 16.47 Ævintýraferðin 17.00 Strumparnir 17.25 Ljóti andarunginn og ég 17.47 Tommi og Jenni 17.53 Sumardalsmyllan 18.00 Könnuðurinn Dóra 18.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 18.45 Doddi litli og Eyrnastór 18.55 Rasmus Klumpur og félagar 19.00 Stuart Little 20.25 Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

- 18.10 Friends
- 18.35 New Girl
- 19.00 Modern Family
- 19.25 Two and a Half Men
- 19.50 Heimsókn
- 20.10 Sælkeráferðin
- 20.30 Cold Case
- 21.15 Chuck
- 22.00 Game of Thrones
- 23.00 1600 Penn
- 23.20 Ally McBeal
- 00.05 Vice
- 00.35 Heimsókn
- 00.55 Sælkeráferðin
- 01.15 Chuck
- 01.55 Cold Case
- 02.40 Game of Thrones
- 03.40 Tónlistarmyndbönd frá Bravo

## BÍÓSTÖÐIN

- 12.10 Getaway
- 13.40 Diary of A Wimpy Kid: Dog Days
- 15.15 Trouble with the Curve
- 17.05 Getaway
- 18.35 Diary of A Wimpy Kid: Dog Days
- 20.10 Trouble with the Curve
- 22.00 Hush
- 23.35 Scream 4
- 01.25 Five Minutes of Heaven
- 02.55 Hush

## RÚV

- 16.35 Mánudagsmorgnar
- 17.20 Disneystundin
- 17.21 Gló magnaða
- 17.43 Sígildar teiknimyndir
- 17.50 Finni kostur
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 Ekki gera þetta heima Norsk fræðsluþáttaröð um hressandi tilraunir. Þeir Rune Nilson og Per Olav Alvestad láta sér detta ýmislegt misgáfulegt í hug og hrinda því yfirleitt í framkvæmd.
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Gettu betur MH og MA í átta liða úrslit spurningakeppni framhaldsskólanna sem einkennist af stemningu, spennu og virkri þátttöku allra sem að koma.
- 21.15 Kiljan
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Umbótamenn: Þörf fyrir líffjölbreytni
- 23.15 Scott og Bailey
- 00.00 Kastljós
- 00.25 Fréttir
- 00.40 Dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 14.10 Cheers
- 14.35 Jane the Virgin
- 15.15 Parenthood
- 15.55 Minute to Win It
- 16.40 The Biggest Loser - Ísland
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 The Millers Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar armæðu. Aðalhlutverk er í höndum Wills Arnett. Nathan kynnist konu sem á eftir að hafa skelfilegar afleiðingar fyrir alla aðila sambandsins.
- 20.10 Svali & Svavar
- 20.45 Benched
- 21.05 Madam Secretary
- 21.50 Blue Bloods
- 22.30 The Tonight Show
- 23.15 Scandal
- 00.00 How to Get Away with Murder
- 00.45 Madam Secretary
- 01.30 Blue Bloods
- 02.15 The Tonight Show
- 03.05 Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2015
- 13.00 European Tour 2015
- 16.25 Golfing World 2015
- 17.15 PGA Tour 2015 - Highlights
- 18.10 Golfing World 2015
- 19.00 PGA Tour 2015

# FÉLAGSRÁÐGJAFAPING

## Félagsráðgjöf framtíðarinnar

Hilton Reykjavík Nordica

20. febrúar 2015

8:30-16:30

SAMFÉLAGSVINNA

VELFERÐARTÆKNI

ÖLDRUNARÞJÓNUSTA

MATARÆÐI OG ADHD

SKÓLAFÉLAGSRÁÐGJÖF

STARFSENDURHÆFING

BÖRN OG RANNSÓKNIR

SAMSTARF Í BARNAVERND

PARASAMBÖND OG GEDHEILSA

FÉLAGSRÁÐGJÖF ÁN LANDAMÆRA

EFNAHAGSHRUNIÐ OG FJÖLSKYLDAN

OG FJÖLDI ANNARRA ERINDA

Dagskrá og skráning á [www.felagsradgjof.is](http://www.felagsradgjof.is)

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 K100
- FM 102,9 Lindin





**FM957**  
*#fm4life*

# KOMDU MEÐ FM957 Í HLÍÐARFJALL 28. FEBRÚAR - 1. MARS

**VERÐ: 29.900.- KR.**

INNIFALIÐ Í VERÐI:

FLUG FRAM OG TIL BAKA MEÐ FLUGFÉLAGI ÍSLANDS

GISTING Á GISTIHEIMILI AKUREYRAR

HELGARPASSI Í HLÍÐARFJALL

RÚTUFERÐ Í FJALLIÐ Á LAUGARDEGI

FINLANDIA-PARTÍ Á PÓSTHÚSBARNUM

KOMDU INN Á [FM957.IS](http://FM957.IS) OG FÁÐU NÁNARI UPPLÝSINGAR

*Hlíðarfjall*  
Akureyri



FLUGFÉLAG ÍSLANDS 



## MORGUNMATURINN



„Ég hef aldrei verið mikið fyrir korn- og mjólkurvörur saman í einhverju gutli og smjör og sultra er mesta kjaftæði sem ég veit. Í gær fékk ég mér t.d. taflenskt nautakjötssalat, Nam Tok, í morgunmat.“

Eyður Eyvindurson, tónlistarmaður.

## María fagnar því að Friðrik Dór syngi með

Söngkonan María Ólafsdóttir segir Friðrik Dór Jónsson ekki hafa troðið sér með til Austurríkis.

„Ég fagna því mjög að Friðrik komi með okkur til Austurríkis. Hann er frábær söngvari og eflir hópinn til muna,“ segir söngkonan María Ólafsdóttir, sem syngur framlag Íslands til Eurovision, lagið Unbroken.

Hún blæs á þá neikvæðu umræðu sem hefur átt sér stað í athugasemdakerfum og samfélagsmiðlum. Þar heldur margt fólk því fram að Friðrik Dór sé að troða sér inn í atriðið.

„Mér finnst það leiðinlegt að

fólk skuli halda að hann sé að reyna að troða sér inn í atriðið. Við buðum honum að syngja bakraddir og hann þáði það. Friðrik er góður strákur og við erum öll stór góður vinahópur,“ útskýrir María.

Nú liggur það fyrir að þau verða saman á sviðinu í lokaþingi Eurovision sem fram fer í Vínarborg í Austurríki í maí, en Friðrik mun þar syngja bakraddir. Hún segist hlakka mikið til þess að fara út og að mikil

samstaða sé í hópnum. Friðrik Dór og María sungu hvort sitt lagið eftir þremmingana í Stop-WaitGo í úrslitaevingi Söngvakeppni Sjónvarpsins síðastliðið laugardagskvöld en þar hafði María betur.

Þá eru María og Friðrik Dór að fara að syngja saman dúett í fyrsta sinn í dag á útvarpsstöðinni Kananum. „Það er aldrei að vita nema við syngjum eitt-hvað meira saman í framtíðinni,“ bætir María við létt í lundu. - glp



FAGNAR FRIKKA Söngkonan María Ólafsdóttir segir það efla hópinn og atriðið að fá Friðrik Dór með til Austurríkis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# ALVÖRU TRYLLIR!

## MÖGNUM FJÖLSKYLDUSAGA



# 2.

Metsölulisti Eymundsson

„Slær út hvaða spennu mynd sem er.“ - AFTONBLADET, SVENSKA



THRILLERLOVERS, HOLLANDI

Byggð á sannsögulegum atburðum sem settu Svíþjóð á annan endann.

Steven Spielberg tryggði sér kvikmyndaréttinn áður en bókin kom út.

VERÖLD

## Lagið Ég á líf læknaði þunglyndan Þjóðverja

Þjóðverjinn Bernd Korpasch fékk titil lagsins Ég á líf flúraðan á handlegg sinn. Ástæðan er sú að textinn og lagið áttu stóran þátt í að bjarga lífi hans.

Mikið tilfinningaflóð brast á þegar Þjóðverjarnir Bernd Korpasch og eiginmaður hans, Oliver, hittu þá Eyþór Inga Gunnlaugsson, Pétur Örn Guðmundsson og Örlýg Smára yfir kaffibolla í fyrradag. Bernd ber miklar tilfinningar til íslensku listamanna og hefur húðflúrað titil lagsins Ég á líf á handlegg sinn.

„Það var mjög tilfinningaþrungið að hitta þá. Ég er mikill Eurovision-áðdáandi og finnst ég mjög tengdur Íslandi,“ segir Bernd. Eyþór Ingi flutti lagið Ég á líf í Eurovision árið 2013 og tengir Bernd vægast sagt mjög vel við texta lagsins.

Bernd lenti inni á spítala eftir að hafa glímt við þunglyndi og lá þar inni í tvo mánuði hætt kominn. „Mig langaði í tattú og hafði hugsað um að fá mér tattú í sex ár en fann aldrei neitt sem mig langaði virkilega í. Ég lenti svo inni á spítala í tvo mánuði og þegar ég var að jafna mig heyrði ég þetta lag,“ segir Bernd um sín fyrstu kynni við lagið.

Hann fékk skömmu síðar texta lagsins þýddan og tengdi strax við hann. „Mér fannst lagið alveg frábært og ég tengdi svo við textann að mér fannst það rétt að fá mér titil lagsins sem húðflúr,“ segir Bernd um hugmyndina á bak við flúrið.

„Hann er rosalega almennilegur og viðkunnanlegur maður. Hann var heiðarlegur í sinni framkomu og það er gaman að vita til þess að honum þyki svo vænt um lagið og textann, að hann hafi flúrað á sig titil lagsins,“ segir Pétur Örn Guðmundsson.

„Að lagið og textinn skyldi



FAGNADARFUNDIR Mikið var um tilfinningar þegar Þjóðverjarnir Bernd og Oliver hittu þá Eyþór Inga, Pétur Örn og Örlýg Smára. Lagið Ég á líf skiptir Þjóðverjana miklu máli og var því mikið um tilfinningar á fundinum. MYND/PÉTUR ÖRN GUÐMUNDSSON

„Að lagið og textinn skyldi hreyfa svona við honum veitir manni gleði og það að geta haft svona jákvæð áhrif með einhverju sem maður hefur skapað. Er það ekki draumur hvers listamanns að geta hreyft við fólki á jákvæðan hátt.“

hreyfa svona við honum veitir manni gleði og það að geta haft svona jákvæð áhrif með einhverju sem maður hefur skapað. Er það ekki draumur hvers listamanns að geta hreyft við fólki á jákvæðan hátt,“ bætir Pétur Örn við.

Bernd hefur einungis tvisvar sinnum misst af Eurovision á síðustu tíu árum og var hann viðstaddur úrslitakvöldið í Söngvakeppinni í Háskólabíói síðastliðin laugardag.

„Þetta var algjörlega frábær ferð til Íslands. Ég var mjög hrifinn af laginu sem vann og söngkonunni. Hún hefur allt til þess að vinna Eurovision,“ segir Bernd.

Hann fer á Eurovision í Austurríki og styður Ísland í keppinni. Á meðan hann dvaldi hér á landi hitti hann ekki bara mennina á bak við lagið Ég á líf, heldur hitti hann fleiri Eurovision-fara, þau Helgu Möller og Pál Óskar Hjálmtýsson.

gunnarleo@frettabladid.is

## Þrjátíu manns á sviðinu í einu

Herranótt frumsýnir Vorið vaknar í næstu viku. Sýningin er 170. sýning Herranætur.

„Við erum öll inni á sviðinu allan tímann og leikhópurinn notar líkama sinn til þess að búa til umhverfi og aðstæður,“ segir Raket Björk Björnsdóttir, formaður Herranætur, leikfélags Menntaskólans í Reykjavík um sýninguna Vorið vaknar.

Vorið vaknar er 170. sýning Herranætur og verður frumsýnd þann 27. febrúar í Gamla bíói en Raket segir umgjörðina í ár alla hina glæsilegustu í tilefni af tíma-mótunum. „Þetta er ein stærsta uppfærsla Herranætur frá upphafi.“

Vorið vaknar er söngleikur og er unninn upp úr handriti sem skrifað var árið 1890. „Verkið fjallar í rauninni um unglina sem eru að finna sig í heimi hinna fullorðnu,“ segir Raket og bætir við: „Það eru ýmis svona vandamál sem koma upp í leikritinu, viðkvæm mál

„Við erum eiginlega ekkert stressuð, aðallega bara spenn og hlökkum til að sýna afrakstur vinnunnar.“

sem var svolítið bannað að tala um þegar leikritið var skrifað.“

Leikarinn Stefán Hallur Stefáns-son leikstýrir og Raket telur að um hundrað manns komi að verkinu. Leikarar og hljómsveit eru um þrjátíu manns og eru líkt og áður sagði inni á sviðinu allan sýningartímann. Nokkur líkamlega krefjandi atriði eru í sýningunni sem jafnvel gætu talist til áhættuleiks en Raket segir hópinn þrátt fyrir það ekki stressaðan fyrir frumsýninguna. „Við erum eiginlega ekkert stressuð, aðallega bara spenn og hlökkum til að sýna afrakstur vinnunnar.“ - glp



FORMAÐUR HERRANÆTUR Leikfélag Menntaskólans í Reykjavík frumsýnir Vorið vaknar í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Frábært úrval af gólfefnum

## VELJIÐ Á MILLI

LOGOCLIC®

Edition

7 mm


Edition plastparket úr hnotu

Þykkt 7 mm, plankastærð 192 x 1285 mm.

Verð á m².

**1.695.-**

~~1.995.-~~




### Easyloc plastparket

Þykkt 6 mm, plankastærð 193 x 1380 mm. Auðvelt að leggja. Fæst í beyki og ítalskri hnotu. Verð á m².

**795.-**

~~895.-~~




### Terra plastparket, Parma-fura

Þykkt 7 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Verð á m².

**1.495.-**

~~1.995.-~~




### Ceramico plastparket, skífubergsáferð með fúgu

Þykkt 8 mm, plankastærð 327 x 1276 mm. Verð á m².

**2.995.-**

~~3.495.-~~



### Elegancia Ash Salerno plastparket

Þykkt 12 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Verð á m².

**3.995.-**

~~4.995.-~~

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 19. febrúar til og með laugardeginum 21. febrúar 2015. Gildir á meðan birgðir endast.

 **BAUHAUS®**



## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hittir margra barna mæður

Sjónvarpskonan **Sigrún Ósk Kristjánsdóttir** vinnur nú að nýrri þáttaröð sem ber nafnið Margra barna mæður og hefur göngu sína í mars á Stöð 2. Þar kynni hún sér líf margra barna mæðra. Meðal viðmælenda í þættinum er Yr Sigurðardóttir, sem er yfirlæknir á barnsjúkrahúsi í Flórída. Yr á átta börn, tvö á einhverfurofi og er í fjarbúð. Yr fékk tugmilljóna króna styrk til að skima fyrir einhverfu í fátækrahverfum í Orlando. Sigrún Ósk er búin að vera í Flórída síðustu daga að kynna sér líf Yrar. -vh



### 60.000 bækur lesnar

Lesnar voru um 60 þúsund bækur í lestrarátaki **Ævars** vísindamanns en átakið stóð frá 1. október síðastliðnum til 1. febrúar. „Ég vissi ekki við hverju ég ætti að búast,“ segir Ævar.

Átakið gekk þannig fyrir sig að fyrir hverjar þrjár bækur sem börnin lásu fylltu þau út miða sem var sendur til Heimilis og skóla í gegnum skólabókasöfnin og voru að lokum fimm nöfn dregin úr pottinum. Þessi börn fá það í verðlaun að verða gerð að persónum í nýrri risaeðlu-ævintýrabók sem Ævar Þór er að skrifa og kemur út með vorinu. Hugmyndina að átakanu fékk Ævar eftir að hafa séð niðurstöður úr könnun, þar sem fram kom að lestraráhugi ungmenna færi dvínandi. „Ég sem gamall lestrarhestur hugsaði að kannski gæti ég gert eitthvað í þessu og fékk í kjölfarið hugmyndina að átakanu.“ -gfp



### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Ísland í dag: Stærsti íshellir í heimi verður mögulega til í Langjökli
- 2 Gunnar svarar Gnarr um Guð
- 3 Mannslát í Hafnarfirði: Lögregla áður kölluð í íbúðina í Skúlaskeiði
- 4 92 ára maður keyrði á fjölda bíla-Myndband
- 5 Þingmaður út að bjarga eldsnemma í morgun
- 6 Fyrstu myndirnar úr „Air Force Un“

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

VIÐ STÖNDUMST SAMANBURÐINN:

LÆGSTA VERÐIÐ

STUNDVÍSASTA FÉLAGIÐ

NÝJUSTU VÉLARNAR



# NÝJAR Í LOFTINU

AIRBUS A321

## VIÐ YNGJUM UPP Í FLOTANUM

Í næsta mánuði setjum við í loftið tvær glænýjar, sparneytnari og umhverfisvænni Airbus A321 vélar. Þar með státtar WOW air af yngstu vélum íslenska flugflotans. Um leið gerum við okkur klár í flug til Norður-Ameríku og höldum áfram að bjóða ykkur lægra verð.

Kynntu þér okkar lægstu verð og gerðu verðsamanburð.

